
FJARÐARHEIÐARGÖNG: FORNLEIFAÚTTEKT



LILJA LAUFHEY DAVÍÐSDÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR, LILJA LAUFHEY DAVÍÐSDÓTTIR OG SIGRÚN
DRÍFA ÞORFINNSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2021

FS827-20291



Forsíðumyndin er af Eyvindará og birkiskóginum sem vex í kringum hana. Áin rennur meðfram stórum hluta skráningarsvæðisins á Héraði. Horft er til suðvesturs. Myndina tók Lilja Laufey Davíðsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands ses

2021

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna lagningar nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Skráningin var unnin fyrir Vegagerðina haustið 2020. Skráðar voru minjar á jörðunum Firði og Fjarðarseli í Seyðisfirði og á jörðunum Eyvindará, Miðhúsum, Steinholti, Dalhúsum, Egilsstöðum og Kollsstöðum á Héraði. Teknar voru út fjórar mismunandi veglínur; Norðurleið, Miðleið og Suðurleið á Héraði og Seyðisfjarðarleið í Seyðisfirði. Tekið var út 100 m breitt svæði beggja vegna við miðja veglínu eða samtals 200 m breitt belti.

Alls voru skráðar 139 fornleifar á 91 minjastað; þar af voru 36 fornleifar á Seyðisfjarðarleið, 90 fornleifar á Norðurleið, 18 fornleifar á Suðurleið og 10 fornleifar á Miðleið. Norðurleið, Suðurleið og Miðleið skarast að einhverju leyti og eru því sumar fornleifanna innan áhrifasvæðis fleiri en einnar leiðar. Minjar innan áhrifasvæðanna voru fjölbreyttar og má þar nefna samgönguminjar (leiðir, vöð, býr og vörður), garðlög, útihús, sel, stekki, herminjar, mógrafir og kolagrafir. Þess ber að geta að kolagrafir eru tæpur helmingur minjanna sem skráðar voru. Að beiðni verkkaupa var lagt var mat á verndargildi minjanna og tillögur settar fram um mögulegar mótvægisáðgerðir. Heildaráhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verða neikvæð en talsverður munur er á áhrifum á minjar eftir leiðum. Ef Norðurleið verður valin verða áhrifin mest en þau verða mun minni ef annaðhvort Suður- eða Miðleið verða fyrir valinu. Allar leiðirnar liggja þó í gegnum heimatún Dalhúsa og mun framkvæmdin því hafa neikvæð áhrif á minjaheildina og menningarlandslag þar í kring.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, vegagerð, Fjarðarheiðargöng, heimatún, kolagrafir, Austurland, Hérað, Seyðisfjörður, Egilsstaðir.

Summary

This report provides the results of a detailed archaeological field survey carried out for the Icelandic Road and Coastal Administration in advance of a proposed road construction for Fjarðarheiðargöng tunnel. Within the research area are three different options for roads leading to the western end of the tunnel in the Egilsstaðir region (routes Norðurleið, Miðleið and Suðurleið) and changes will be made on the road Seyðisfjarðarvegur (93) leading to the eastern end of the tunnel in Seyðisfjörður. The archaeological sites within the research area belong to the old farms of Fjörður and Fjarðarsel in Seyðisfjörður and the farms Eyvindará, Miðhús, Steinholt, Dalhús, Egilsstaðir and Kollsstaðir in the Egilsstaðir region. The research area is 200 m wide. Fieldwork was undertaken in fall of 2020.

Altogether, 139 archaeological units were identified; 36 in Seyðisfjörður route, 90 in Norðurleið route, 18 in Suðurleið route and 10 in Miðleið route. A wide array of archaeological sites was surveyed such as routes, outhouses, shieling and charcoal-making pits. An assessment was made concerning the preservation value of the archaeology and suggestions made on possible future archaeological work. The overall effects on archaeological remains will be negative should Norðurleið route be taken for the new road leading to the western end of the tunnel but the effect will be minimum if either Miðleið route or Suðurleið route will be taken. All the routes, however, will go straight through the homefield in Dalhús and therefore will have great negative effect on archaeological remains there as a whole as well as the cultural landscape around.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, road construction, home field, charcoal-making pits, East-Iceland, Seyðisfjörður, Egilsstaðir.


Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	10
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	13
4. Fornleifaskrá.....	16
5. Niðurstöður og samantekt	99
Landbúnaðarminjar	106
Minjar um kolagerð og mótekju	108
Samgönguminjar	110
Herminjar	111
Aðrar minjar.....	112
Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisáðgerðir	112
Áhrif framkvæmda á fornleifar	121
Heimildir	126
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93.....	129
Viðauki II: Minjakort	132

1. Inngangur

Fyrirhugaðar eru breytingar á Seyðisfjarðarvegi (93) yfir Fjarðarheiði þar sem ráðgert er að gera jarðgöng undir Gagnheiði. Með framkvæmdinni verða vegasamgöngur bættar á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar og Héraðs en Seyðisfjarðarvegur er einn hæsti fjallvegur á Íslandi (620 m.y.s) og lokast oft að vetrarlagi vegna ófærðar. Samhliða breytingum á Seyðisfjarðarvegi hafa framkvæmdirnar í för með sér breytingar á legu Hringvegar (1) um Egilsstaði en þar eru þrjár leiðir til athugunar, Norðurleið, Miðleið og Suðurleið.

Vegagerðin fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún tæki að sér skráningu fornminja á áhrifasvæði fyrirhugaðra vegaf framkvæmda. Fjórar veglínur voru til



Mynd 1. Yfirlitsmynd. Úttektarsvæðið er merkt inn á innfellt Íslandskort sem rauður kassi. Á kortinu sjást útlínur úttektarsvæðis auk þeirra veglína sem voru til skoðunar.

skoðunar: Seyðisfjarðarleið sem er 2,6 km að lengd, Norðurleið sem er 8,1 km að lengd, Miðleið sem er 4,1 km að lengd og Suðurleið sem er 7 km að lengd.¹ Miðleið og Suðurleið liggja á stórum kafla á sama stað en þar sem þessar leiðir skarast ekki liggur Miðleiðin í núverandi vegstæði Fagradalsbrautar inn á Egilsstaði en þann hluta þurfti ekki að taka út. Alls var tekið út 100 m breitt svæði frá miðlínu fyrirhugaðs vegstæðis á hverju svæði fyrir sig, eða samtals 200 m breitt belti.

Til voru ýmis eldri skráningargögn fyrir svæðið. Safnastofnun Austurlands skráði fornminjar fyrir Egilsstaðabæ árin 1996-1997 og Bjarki Borgþórsson hafði skráð fornminjar fyrir Seyðisfjarðarkaupstað árið 2009 og var stuðst við þau gögn eftir þörfum.² Innan veglínanna fjögurra voru skráðar 139 fornleifar á 91 minjastað. Flestar voru þær í landi Miðhúsa en þar fannst mikill fjöldi kolagrafa í birkiskóginum.

Landslag og gróðurfar er ólíkt austan og vestan Fjarðarheiðarinnar. Við fyrirhugaðan gangamunna í Seyðisfirði liggur veglínan að mestu í gegnum lyngi- og grasivaxið mólendi með lítilsháttar kjarrgróðri. Nær kaupstaðnum liggur hún í gegnum ræktuð tún, beitarhólf og Hagavöll, golfvöll Seyðisfjarðar. Á Héraði, vestan Fjarðarheiðar, liggja veglínurnar þrjár að langmestu leyti í gegnum þéttan birkiskóg. Fornleifaskráningin var unnin haustið 2020. Gengið var skipulega um allt úttektarsvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoplotter 6000. Um vettvangsvinnu sáu Kristborg Þórsdóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir, fornleifafræðingar, auk Sigrúnar Drífu Þorfinnsdóttur, fornleifafræðinema. Úrvinnsla, skýrslu- og kortagerð var að mestu í höndum Lilju Laufeyjar. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa. Í Seyðisfirði voru skráðar minjar á jörðunum Firði og Fjarðarseli og á Héraði voru minjar skráðar á jörðunum Eyvindará, Miðhúsum, Steinholti (nýbýli úr landi Miðhúsa og Eyvindará), Dalhúsum, Egilsstöðum og Kollstöðum. Fyrirhuguð veglína liggur í gegnum heimatún Dalhúsa og Fjarðarsels en er utan heimatúna annarra jarða.

¹ Helga Aðalgeirsdóttir, Sóley Jónasdóttir, Gísli Eiríksson og Viðar Jónsson (2020).

² Guðný Zoëga (1997); Bjarki Borgþórsson (2009)

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Að beiðni Vegagerðarinnar er að finna tvenns konar nýjungar í skýrslunni. Annars vegar var verndargildi fornleifa innan úttektarsvæðisins metið og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið og hins vegar eru í skýrslunni settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Það mat á verndargildi og þær tillögur að mótvægisáðgerðum sem birtast í skýrslunni eru álit sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun síðar í ferlinu leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgardar og kirkjugardar, byggdaleifar, bajarstaedi og bajarleifar asamt tilheyrandi leifum mannvirkja og oskuhauga, husaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bafhusa, klaustra, pingstaða og buða, leifar af verbudum, naustum og verslunarstöðum og byggdaleifar í hellum og skutum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. pingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skutum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Mínjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um

menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi framhalda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgráftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SM-162:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: SM-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft

lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Minjar teljast oftast í stórhættu ef þær eru þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og ef þær eru innan

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: **SK106017**


Númer fornleifar á tiltekinni jörð: Sérheiti: **Sveinshlaða**


Tegund: **tóft**

Hlutverk: **útihús**

Sýslutákn: **SK**

Hnattsstaða i landshnitakerfi ISN93: **A: 477680 N: 564450**





Útihús SK-106-017

Útihús 017, horft til ASA

Í aðalskráningarskýrslu Bygðasafns Skagfirðinga frá 2004 segir: "Um 150 metra austur af núverandi hesthúsi, um 40 metrum vestan skurðar sem liggur neðan við brekkuna sem liggur frá gamla bæjarstæðinu eru tóftir útihúsa, hugsanlega hesthúss eða stekks. [...] Tóftin er tvískipt, hún er 7x10 metrar að utanmáli, mesta breidd veggja eru 2 metrar og mesta hæð 1 metri en veggir eru töluvert hrundir. Tóftin sem liggur norður/suður er algróin og sér hvergi í grjóti." Tóftin er 110 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 120 m austan við hesthús Stíganda. Hún er rúmum 70 m suðaustan við miðlínu þess úttektarsvæðis sem tekið var út fyrir Rarik haustið 2020 og því 55 m utan svæðis.

Stórþýft holt, grasi vaxið. Tóftin er 12 x 8.5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Á þeim 16 árum sem liðin frá síðustu skráningu Bygðasafns Skagfirðinga virðist hún hafa látið nokkuð á sjá og eru veggir hennar hlaupnir í þúfur. Tóftin er að öllum líkindum tvískipt en þó sést aðeins eitt greinilegt hólfi og óljós kantur eða hluti af innanmáli hólfs. Hólfið er 3.5 x 1.5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Kanturinn er sunnan við hólfi I og er 4 m langur. Hann snýr suðvestur-norðaustur en beygir lítillega beggja vegna til norðvesturs. Tóftin virðist torfhláðin og ekki sjást nein ummerki um grjóthleðslur. Veggir hennar eru fremur breiðir, eða 2,5-3,5 m. Þeir eru 0.3-0.5 m á hæð. Tóftin er mjög sokkin og þýft og líklega búin að týna upphaflegu útliti sínu í gróður og þýfi.

Hættumat: ~~Hætta, vegna framkvæmda~~ — Hætta sem steðjar að fornleif

Heimildir: Bsk 2004, 81 — Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Ljósmynd og uppmæling af minjastaði

Mynd 2. Dæmi um framsetningu á minjastaði í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

áhrifasvæðis framkvæmda. Minjarnar sem eru næst miðlínu þeirra vega sem voru til skoðunar teljast í mestri hættu og eru allar fornleifar í innan við 50 m fjarlægð frá miðlínu þeirra skilgreindar í stórhættu. Aðrar minjar innan úttektarsvæðisins eru skilgreindar í hættu. Einnig voru þær fornleifar sem voru innan áhrifasvæðis við gangamunna metnar í stórhættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Eins og fram kom í inngangi er mikið skóglendi innan úttektarsvæðisins á Héraði. Er það einkum gamall birkiskógur en einnig er þéttur barrskógur á köflum í landi Eyvindarár og Miðhúsa. Í öllum tilfellum var gengið um skóginn í leit að fornleifum en erfitt er að leita af sér allan grun í þéttum skógi eins og um var að ræða. Í tilfelli barrskógarins á Miðhúsum og Eyvindará er fremur ólíklegt að miklar minjar leynist í skóglendinu. Engar heimildir geta um minjar á þessum slóðum og ekki mundu staðkunnugir eftir minjum á svæðinu. Svæðið var kannað gaumgæfilega á loftmyndum og gengið eftir föngum án þess að minjar kæmu þar í ljós.

Þéttur birkiskógur er á úttektarsvæðinu í landi Miðhúsa og í Egilsstaða. Farið var um þessi svæði eins og talið var mögulegt vegna þéttleika skógarins. Áhersla var lögð á að skoða þau svæði þar sem hægt var að fara um og þar sem mestar líkur þóttu á því að fornminjar gætu leynst út frá landslagi og aðstæðum enda erfitt eða jafnvel ómögulegt að ætla að ganga þéttan birkiskóginn þannig að þar gæti talist fullleitað að minjum. Líkt og í tilfelli barrskógarins var rætt við heimildamenn og heimildir og loftmyndir kannaðar áður en gengið var um skóginn. Engar þekktar minjar voru innan þessara svæða áður en vettvangsvinnan hófst og eru litlar líkur til þess að annars konar minjar en kolagrafir sé að finna innan þeirra þótt ekki sé hægt að fullyrða það sökum þess hve þéttur skógurinn er og erfitt er að leita þar minja.

4. Fornleifaskrá

NM-249 Fjörður

Fjörður var bændaeign og var metin á 25 hndr 1686 en 30 hndr 1695. (Björn Lárusson, 319).

Um miðja 19. öld var jörðin enn bændaeign og metin á 22 hndr. JJ, 362. Í neðanmálgrein í Jarðabók Johnsens segir: "1760 er Fjörður með hjáleigunum talinn 30 h. að dýrleika en dýrleika þessum er skipt niður á hann og þær eptir sýslumanni."

Um landnám í Seyðisfirði segir svo í Landnámu: "Bjólfr fóstbróðir Loðmundar nam Seyðisfjörð allan ok bjó þar alla ævi; hann gaf Helgu dóttir sína Áni enum ramma, ok fylgði henni heiman öll en nyrðri Strönd Seyðisfjarðar til Vestdalsár. Ísólf hét sonr Bjólfs, er þar bjó síðan ok Seyðfirðingar eru frá komnir." ÍF I, 306.

Í Droplaugarsona sögu segir: "Þann dag, er Helgi sat þar, þá kom ofan um heiði Þorkell, bróðir Þórarins ór Sauðarfirði." ÍF XI, 158.

Í Kristni sögu segir: "En fyri Austfirðinga fjórðung gengu þeir til: Hallr af Síðu ok Þorleifr or Krossavík fyri norðan Reyðarfjörð, bróðir Þórarins or Seyðarfirði [...]." Bsk. I, 23.

1522, 21. apríl. Fjörður í Seyðarfirði er í Dvergasteinskirkjusókn (DI IX, 73), 1536 (DI X, 80).

1523, 1. maí. "Bjarni Erlendssonar fær með samþykki og upplagi Guðríðar Þorsteinsdóttur konu sinnar síra Jóni Markússyni til fullrar eignar jörðina Fjörð í Seyðisfirði, en síra Jón leggur á mót Eiríksstaði á Jökulsdal og kvittar Bjarna um rekahald Erlenda föður hans fyrir Ketilsstaðakirkju og Bjarna sjálfan um söngkaupsgjalds af Steinsvaðskirkju um tólf ár fyrrum, er síra Jón var þar þingaprestr." DI IX, 72-74.

1536, 8. ágúst. "Dómr klerka útnefndr af síra Einari Arnarsyni, officialis fyrir austan Lagerfljót, um kæru síra Einars til Markúsar Jónssonar um fjögurra ára hald á jörðunni Firði í Seyðisfirði fyrir Vallanesskirkju." DI X, 80-81.

1559, 11. maí. "Síra Jón Þorleifsson fær Einari Þorgilssyni til eignar jörðina Fjörð." DI XIII, 418-419.

Jarðarinnar er nokkrum sinnum getið í Jarðabréfum frá 16. og 17. öld, 268-269.

"Innst inni í firðinum nærri fjarðarbotni er bærinn Fjörður. Þar er verzlunarstaðurinn Seyðisfjörður, sem hefur haft kaupstaðarréttindi síðan 1842, þarna eru nú tvær verzlunir." KK IV, 15.

Hjáleigur 1847: Fjarðarsel (4. hndr) og Oddi (4. hndr.). JJ, 362.

"Úr Kálfabotni og Hlaupgjá kom hið mikla snjófljóð 18. febr. 1885, er tók 16 íveruhús og varð 24 mönnum (þar af 5 börn) að bana." Ö-Seyðisfjörður SV I, 102.

Árið 1904 keypti Seyðisfjarðarbær hálfa heimajörðina í Firði en hinn helmingurinn var keyptur 1931. BS, 191.



Mynd 3. Gömul mynd sem sýnir samkomu á áfangastað NM-249:037 við Neðri-Gufufossbrekku. Höfundur óþekktur.

"Neðri-Gufufossbrekka. Neðan við hana er dálítill grasigróin bali. Þar var hvíldarstaður ferðamanna með hesta. Þar hafa og oft verið haldar skemmtisamkomur," segir í örnefnaskrá Seyðisfjarðar. Miklar breytingar hafa orðið á aðstæðum í Neðri-Gufufossbrekku vegna vegagerðar en Seyðisfjarðarvegur liggur yfir brekkuna. Nákvæm staðsetning áningarstaðarins er ekki þekkt en Sólveig Sigurðardóttir, heimildmaður, taldi líklegast að hann hefði verið nærri bílastæði austan við Gufufoss. Líklegt er að hann hafi verið um 100 m norðan við Gufufoss og 350 m suðvestan við sel 061 í Sellandi. Miðlína nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng er um 20 m norðan við meinta staðsetningu áningarstaðarins en þar sem mikið rask hefur þegar orðið á þessu svæði er staðurinn ekki talinn í hættu.

Óröskuð svæði utan Seyðisfjarðarvegur eru vaxin grasgróðri og lyngi. Ekki er vitað til þess að nein mannaverk hafi verið á balanum neðan við Neðri-Gufufossbrekku þar sem áningarstaðurinn var. Sigurður Jónsson, heimildamaður, greindi frá því að stór steinn, Bjólfssteinn, hefði verið á þessu svæði og að hann hefði verið notaður sem eins konar púlt við ræðuhöld á samkomum sem þarna voru haldnar. Steinninn var sprengdur við vegagerð.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Seyðisfjörður ÓÞ, 97


Í viðbótum við örnefnaskrá Fjarðar segir: "Á milli Háubrekku og Langamels, sem er ofar en Selbrekka: Utan við Selbrekku er Sellandið, og upp af því eru Selhjallar, og inn og upp af þeim eru Skógarhjallar. Innri-Sellækur er innan við Sellandið. Á Sellandi er Stekkurinn (eða Selið). Þar mótar enn (1987) fyrir byggingum, og hefði því getað verið þar sel til forna frá Firði." Svo virðist sem að stekkur frá Fjarðarseli hafi verið á sama stað og selið í seinni tíð sbr. eftirfarandi tilvísun í Byggðasögu Seyðisfjarðar: "Langimelur heitir melhryggur sem nær frá Neðri-Gufufossbrekku að Stóralæk, en hann fellur úr Bjólfinum í Fjarðará utan við Langamel. Skammt ofan við lækinn var eitt sinn lambastekkur frá Fjarðarseli." Minjar um selið og stekkin eru austan við alldjúpan lækjarfarveg í lægð milli tveggja brúna. Á milli þeirra er fremur slétt grasflöt sem er í mjög aflíðandi halla til suðausturs. Tvær tóftir eru á Sellandi auk þýfðs svæðis á milli þeirra þar sem minja gæti verið að vænta. Heildarstærð minjasvæðisins er 45x15 m og snýr það norður-suður. Þess má geta að lyngi vaxin hleðsla er niður við læk um 26 m suðaustan við selstæðið. Hefur hún verið hlaðin undir girðingu í seinni tíð og að öllum líkindum ekki um fornminjar að ræða. Selið er 3 km suðvestan við Fjarðarbæinn 001. Það er innan skilgreinds athafnasvæðis norðan við munna fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga. Lyng og kjarr vex í hlíðum brúnanna sem afmarka svæðið til

norðurs og suðurs en gras, hrossanál og ljónslöpp vex á flötinni þar á milli.

Ekki er afgerandi seltóft á minjasvæðinu en allar líkur eru á því að leifar af henni séu undir nyrsta hluta stekkjartóftar 061_2 sem hefur verið byggð ofan í hana. Sá hluti tóftarinnar er um 10x6 m að stærð og snýr norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Fjörður, aths. SM, 1; BS, 33



Mynd 4. Uppmæling af tóftum á minjastað NM-249:061.

NM-249:061_02 Stekkurinn tóft stekkur

A731114 N536123



Mynd 5. Stekkjartóft 061_02, horft til norðausturs.

Í viðbótum við örnefnaskrá Fjarðar segir: "Á Sellandi er Stekkurinn (eða Selið). Þar mótar enn (1987) fyrir byggingum, og hefði því getað verið þar sel til forna frá Firði." Stekkur frá Fjarðarseli hefur að öllum líkindum verið á sama stað og selið í seinni tíð sbr. eftirfarandi tilvísun í Byggðasögu Seyðisfjarðar: "Langimelur heitir melhryggur sem nær frá Neðri-Gufufossbrekku að Stóralæk, en hann fellur úr Bjólfinum í Fjarðará utan við Langamel. Skammt ofan við lækinn var eitt sinn lambastekkur frá Fjarðarseli." Stekkjartóft 061_2 er syðst á minjasvæðinu, frammi á brún lækjarfarvegur. Er hún 770 m VSV við

bæinn í Fjarðarseli NM-250:002.

Tóftin er 16,5x10,5 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurhluti hennar stendur hærra og þar eru veggir 0,4 m á hæð, hvergi sést í grjóti í þeim. Svo virðist sem að eldri minjar séu þar undir stekknunum. Í þessum hluta tóftarinnar er eitt allskýrt hólfi, 4,5x2 m að innanmáli. Norðan við það er illgreinanlegt hólfi sem kann að tilheyrja seltóft undir stekknunum. Það virðist vera um 1,5 m í


Þvermál. Ekki sjást skýr op inn í þessi hólfi. Í suðurhluta tóftarinnar er stórt hólfi sem er byggt utan í norðurhlutann. Það er 7x5m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í það litlu austan við norðvesturhorn. Veggir þessa hólfs eru orðnir mjög signir í suðausturhorni en hæstir eru þeir á vesturhlið þar sem hleðslan er 0,4-0,5 m á hæð. Sunnan við gerðið má sjá þælu (efnistöku).

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Fjörður, aths. SM, 1; BS, 33

NM-249:061_03 tóft kvíar

A731110 N536161




Mynd 6. Kvíar 061_03, horft til ASA.

Tóft 061_3 er 22 m norðan við tóft 061_2. Er hún byggð upp við lága en bratta brún. Tóftin er einföld, 10,5 m löng og 4 m breið, snýr VNV-ASA. Op er í austurenda tóftarinnar sem minnir mjög á kvíar. Veggir tóftarinnar eru 0,6 m á hæð og eru þeir lyngi vaxnir eins og brúnin sem tóftin er hlaðin utan í. Utan við tóftina að SSA-verðu eru óljós ummerki um hrun eða efnistöku. Ekki er útilokað að þar hafi verið lítið hlaðið mannvirki á borð við heystæði en ólíklegt ef þarna hafa verið kvíar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-249:061_04 þúst óþekkt

A731110 N536141



Mynd 7. Þúst 061_04, horft til suðurs.

Fast ofan og norðan við tóft 061_2 er lítilsháttar þýft svæði sem er um 9 m í þvermál. Stingur það nokkuð í stúf við umhverfið sem er tiltölulega slétt. Ekki er ólíklegt að þar leynist minjar undir sverði sem tengjast selinu.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar




Mynd 8. Gata NM-249:482, horft til vesturs.

Gata sést á nokkuð löngum kafla þar sem hún liggur austur-vestur, á milli Seyðisfjarðarveggar (93) og Fjarðarár, austan við Gufufoss. Gatan er innan áhrifasvæðis nýs vegar í tenglum við Fjarðarheiðargöng og er 25 m sunnan við miðlínu vegarins þar sem hún er næst henni. Gatan liggur um lyngmóa en inn á milli eru grýttir melar og klappir.

Gatan sést fyrst við útsýnispall við Gufufoss og liggur til austurs á 400 m löngum kafla. Aðeins sést ein gata sem er víðast um 0,3 m breið og 0,2 m djúp. Ekki er ljóst hvort að um ferðaleið er að ræða eða eingöngu fjárgötu. Ekki er útilokað að þessi gata tengist leið NM-701:013 yfir

Fjarðarheiði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Myndir 9-10. Brú NM-249:484, horft til suðurs á mynd til vinstri. Uppmæling af brúnni er til hægri.

Meint brúarhleðsla yfir graflæk er ofan við Seyðisfjarðarveg, fast norðvestan við raflínustaura. Hleðslan er 150 m norðvestan við sneiðing 520 og 515 m vestan við sel 061. Hún er innan athafnasvæðis norðan við munna fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga. Hleðslan er í fremur sléttu mólendi sem er vaxið lyngi og grasi. Lítilsháttar kjarrgróður er í grennd.

Á bökkum graflækjarins eru jarðvegspústir sem stinga í stúf við umhverfið. Þær eru hærri og með annars konar gróður en þar vex meira gras og snarrót en annarsstaðar á þessu svæði.

Þústirnar virðast tengjast jarðvegshafti í læknum og virðist þetta vera manngerð brú en ekki er útilokað að um náttúru myndun sé að ræða því lækurinn hefur grafið sig niður víðar á leið sinni þannig að hann sést ekki á yfirborði. Meint brú er 9x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er breiðust og hæst á lækjarbökkunum þar sem hún er 0,2-0,3 m á hæð. Á milli bakkanna hefur brúin sigið mjög saman og hrúnið ofan í farveginn. Hvergi sést í grjóti í brúnni og virðist hún torfhláðin að mestu leyti. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi brúin var hlaðin en til greina kemur að hún tengist framkvæmdum við lagningu raflínu yfir Fjarðarheiði. Gamla ferðaleiðin yfir heiðina NM-701:013 lá sunnar, nær Fjarðaránni.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-249:500 varða samgöngubót

A731576 N536469



Mynd 11. Varða NM-249:500, horft til VSV.

Lítill varða er á háum klapparhól ofan Seyðisfjarðarvegar. Mjótt skarð er á milli hans og kletta í fjallinu og ekki ólíklegt að gömul leið inn Fjarðardalinn hafi legið þar um. Í skarðinu eru ummerki og staurar sem sýna hvar raflína hefur verið lögð.


Hóllinn sem varðan er á er hálfgróinn lyngi og mosa. Deiglendir hjalli er neðan við til suðausturs en klapparmói til annarra átta. Varðan er tæpur 1 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Grjótið í henni er skófum vaxið. Hleðslurnar í vörðunni eru ekki mjög vandaðar að sjá en kunna að hafa fallið

saman. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er að hún hafi varðað leið inn dalinn.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-249:504 tóft fjárhús

A731822 N536736



Myndir 12-13. Tóft NM-249:504, horft til suðausturs á mynd til vinsti og uppmæling af tóftinni til hægri.

Tóft af ungum fjárhúsum er ofan Seyðisfjarðarvegar, suðaustan undir allhárri brekku. Tóftin er um 55 m norðvestan við timburrétt og 260 m norðan við bæinn í Fjarðarseli 250:001. Miðlína nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng liggur yfir tóftina. Að sögn Jóhanns Sveinbjörnssonar, heimildamanns, var íbúi í kaupstaðnum með fjárhús á þessum stað á fyrri hluta 20. aldar. Þau eru ekki nógu gömul til þess að geta talist til fornminja en þar sem þau munu að líkindum hverfa ef af vegaf framkvæmdum verður, var talið rétt að skrá þau með öðrum minjum innan áhrifasvæðis framkvæmdanna.

Brekkan ofan og norðvestan við tóftina er gróin en lítillega grýtt. Framan við tóftina er slétt flatlendi, grasi gróið sem virðist nýtt til hrossabeitar.

Fjárhúsin sem hér stóðu hafa líklega að mestu verið úr timbri og bárujárnri en hlaðið hefur verið meðfram langveggjum með torfi. Tóftin er 9x9 m að stærð og er norðvesturgافل og vesturhorn grafið inn í brekkuna. Ekki er veggjahleðsla á suðausturgaflinum þar sem dyraop hefur verið á timbur- eða bárujárnsvegg. Í suðurhorni má óljóst greina innanmál í hólfi sem er 1,2x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það kann að hafa verið lítillega niðurgrafið. Mesta hæð veggjahleðslna er 0,3 m á norðausturhlið.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-249:506 heimild um herminjar

A732710 N537292



Mynd 14. Vélageymslan á Langatanga, þar sem áður stóðu birgðaskemmur hersins, horft til SSV

Í Seyðfirskum hernámsspáttum segir: "Langitanginn var allur þakinn skálum, en þar voru aðallega birgðaskemmur." Bjarki Borgþórsson skráði herminjar á þessum stað árið 2009: "Skálahverfi á Langatanga. [...] Á svæðinu var mikið af herskálum sem aðallega voru birgðaskemmur fyrir hernámshliðið. Nú er ekki mikið sjáanlegt en töluverðar framkvæmdir hafa átt sér stað á tanganum. Mikið af steypubrotum má sjá í jaðri svæðisins þá einkum við árbakka Fjarðarár." Á Langatanga er nú (2020) stór vélaskemma ásamt ýmsum tækjum en steypubrotin sem sjást eru alveg við

árbakkann, 15 m austan við úttektarsvæði nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Á svæðinu er aðallega malarplan og byggingar en grasi vaxið við árbakkann.

Ekki sjást nein ummerki um birgðageymslur hernámshliðsins fyrir utan steypubrotin við árbakkann. Steypubrotin eru þó líklega hreyfð og hafa birgðageymslurnar staðið fjær árbakkanum, þar sem malarplanið og vélageymslan eru nú.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Hernámsspættir, 42; Bjarki Borgþórsson, 63



Mynd 15. Ruddur vegur NM-249:520, horft til norðvesturs.

Ruddur sneiðingur sést þar sem heitir að öllum líkindum Efri-Gufufossbrekka og er um 100 m norðan við áfangastað 037 í Neðri-Gufufossbrekku. Er hann 40 m ofan og norðan við Seyðisfjarðarveg og 150 m suðaustan við brú 484 en ekki er ljóst hvort að þessi mannvirki tengist. Sneiðingurinn er innan athafnasvæðis norðan við munna fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga.

Efri-Gufufossbrekka er lyngi vaxin og allbrött. Uppi á efstu brún hennar er holtagrjót og gróðurlítið. Sneiðingurinn er 30 m langur og liggur upp brekkuna frá norðaustri til suðvesturs. Hann er 2-2,5 m breiður og efst og suðvestast er um 1 m fram af ytri brún hans. Sneiðingurinn er

lyngi vaxinn en á honum sést ein fjárgata. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi hann var ruddur eða hvenær en mögulega tengist hann alfaraleið yfir Fjarðarheiði NM-701:013 en hún lá nokkru sunnar, a.m.k. í seinni tíð. Óljósar götur 521, mögulega aðeins fjárgötur, sjást litlu austan við sneiðinginn og gætu tengst honum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 16. Gata NM-249:521, horft til norðvesturs.

Óljósar götur sjást á köflum 90 m austan við sneiðing 520. Ekki er ljóst hvort að þær séu á gamalli ferðaleið sem mögulega lágu að sneiðingi eða hvort að eingöngu sé um fjárgötur að ræða. Göturnar eru innan athafnasvæðis norðan við munna fyrirhugaðra Fjarðarheiðarganga. Göturnar liggja yfir grasi gróið deiglendi og lyngi vaxinn móa.


Sjá má götur á tveimur köflum á svæði sem er 330x40 m að stærð og snýr austur-vestur. Vestast á svæðinu eru 1-3 óljósir og mjóir götutroðningar á 66 m löngum kafla og liggja þeir yfir vatnslítinn læk. Um 170 m austar sjást aftur götur

undir hárrí brekku á 110 m löngum kafla og eru þar líka 1-3 ógreinilegar götur. eru þessar minna grónar og virðast sumar þeirra farnar af sauðfé.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-249:522 tóft óþekkt

A731608 N536336



Myndir 17- 18. Grjóthlaðin tóft NM-249:522, horft til suðurs á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.


Grjóthlaðin tóft er á allháum og grýttum hól, 57 m suðaustan við Seyðisfjarðarveg (93) og 220 m suðvestan við Fjarðarsel NM-250:002. Þá er hún 90 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hóllinn sem tóftin er á er að mestu gróðurlaus en hér og hvar vex lyng og mosi. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er einföld. Hún er 5,8x5 m á stærð og er op á henni á suðausturgafli. Tóftin er hlaðin úr misstóru grjóti, ofan í litla laut. Hæð veggja er um 0,2-0,3 m og hefur aðeins hrunið úr veggjum inn í tóftina. Inni í henni er ryðgað bárujárn sem hefur líklega verið nýtt sem þak. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-249:528 tóft óþekkt

A732894 N538123



Myndir 19-20. Óljós tóft NM-249:528, horft til austurs á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.


Óljós tóft er 260 m austan við Selið 061, um 25 m austan við vélgrafinn skurð og 70 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93). Þá er hún 15 m vestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Tóftin er í smápýfðum og grónum valllendismóa sem hefur verið ræstur fram með skurðgrefti.

Meint tóft er 5,3x3,6 m stór og snýr norðaustur-suðvesturs. Ekki sjást skýrir veggir nema í norðausturenda og á suðausturhlið en þeir eru grónir og aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Mjög óljós og aflagaður veggur er á norðvesturhlið tóftar. Op virðist hafa verið inn í tóft í suðvesturenda hennar. Tóftin er mjög óskýr og ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Ekkert er vitað um hlutverk tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-249:531 gerði kálgarður

A732101 N537016



Myndir 21-22. Kálgarður NM-249:531, horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling af kálgarðinum til hægri.

Kálgarður er utan í brekku í norðvesturhluta Hagavallar, 680 m norðvestan við golfskála Hagavallar. Jafnframt er hann rúmum 60 m norðan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Kálgarðurinn er á óslegnum bletti á golfvellingnum og vex trjáreitir sunnan hans. Kálgarðurinn er 7,5 x 4 m að stærð og innanmál hans er 5x3 m. Hann er torfhladdinn og veggir er um 1 m á breidd en 0,2-0,4 m á hæð. Veggir eru hlaupnir í þúfur og orðnir fremur ógreinilegir. Op er á miðjum suðausturvegg.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-249:583 náma mógrafir

A732611 N537490

Mógrafir eru merktar inn á túnakort Fjarðar og Fjarðarsels frá árinu 1929. Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar og skráði þá mógrafirnar. Þær eru rúmum 60 m sunnan við kirkjugarð Seyðisfjarðar og samkvæmt kortinu voru þær 80x30 m að stærð. Þær eru jafnframt 20 m vestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Mógrafirnar eru innan grasi vaxins smápýfðs beitarhólfs hrossa. Mikið rof er innan



Myndir 23-24. Mógrafir NM-249:583, horft til austurs á mynd til vinstri og uppmæling af þeim til hægri.

svæðisins og þar er illa farið af ágangi hrossanna. Á vesturhluta svæðisins, nær Seyðisfjarðarvegi (93) er svæðið mjög blautt og þar rennur lækur yfir mógrafirnar.


Mógrafirnar sjást á svæði sem er 60x30 m að stærð og snýr nokkurnveginn norður-suður. Útlínur að vestan og sunnan eru nokkuð skýrar en mörk þeirra til austurs og norðurs eru ógreinilegri. Mógrafirnar er dýpstar í vesturhlutanum þar sem þær eru 1-1,2 m djúpar. Mógrafasvæðið er að mestu gróið og þurrt en lækur rennur í gegnum það.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 51; Túnakort 1929

NM-249:597_01 hleðsla herminjar

A732344 N537139



Myndir 25-26. Brúarhleðsla NM-249:597_01, horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling af brú 01 og leið 02 til hægri.

Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skráningarskýrslunni segir: "Hlaðin uppfylling í læk sem vegur liggur yfir [...]. Vegurinn var upphaflega lagður af hernámsliðinu því er líklegt að hleðslan hafi verið gerð af þeim." Minjasvæðið samastendur af tveimur minjum, veg og brú. Minjarnar eru tæpum 170 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93), og rúnum 95 m NNV við grunn flotasjúkrahúss 599. Hún er jafnframt tæpum 80 m norðvestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Vegurinn og brúin eru í þýfðum grasmóa og brúin er byggð yfir djúpan skurð með leðju í botni.

Lýsing hefst á brú 01 sem er 80 m norðvestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Brúin er grjóthlaðin og sjást hleðslur þvert yfir skurðinn beggja vegna vegarins, á svæði sem er 5,5 x 3 m að stærð. Þær eru vandlega hlaðnar og í þeim sjást 3-5 umför af frekar stórum steinum. Hleðslurnar eru 0,8-1,5 m á hæð, hærri að austan. Uppfylling er í skurðinum á milli hleðslanna þar sem vegurinn liggur yfir. Ekki er mikið vatn í skurðinum og líklega er nóg flæði í gegnum hleðslurnar og uppfyllinguna til þess að brúin stífli ekki skurðinn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 57

NM-249:597_02 vegur herminjar

A732350 N537083



Vegur 02 liggur frá golfskálanum til norðurs, framhjá flotasjúkrahúsi 599 en beygir til norðvestur eftir að farið hefur verið yfir brú 01. Hann liggur á 108 m löngum kafla og er um 2,5-3 m á breidd. Vegurinn er orðin mjög gróinn en þó sjást hjólför í honum. Vegurinn liggur þvert yfir miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 27. Vegur NM-249:597_02, horft til NNV.

NM-249:598 náma mógrafir


A732387 N537113

Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skráningarskýrslunni segir: "Mógröfin er NV við Seyðisfjarðarveg rétt fyrir neðan golfvallarsvæði." Mógrafasvæðið er tæpum 45 m suðaustan við brú 597 og 110 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93). Jafnframt er mógrafasvæðið 25 m norðvestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Svæðið er grasi vaxið og smáþýft. Það er í lítilsháttar halla til suðausturs.

Mógrafasvæðið er 15x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést í stakar mógrafir innan þess heldur er samfelld mógrafarsvæði. Grafirnar eru 0,8-1,5 m djúpar. Svæðið er nokkuð blautt austast við skurðinn sem mógrafirnar eru, en að öðru leyti eru grafirnar þurrar og grónar. Á nokkrum stöðum eru bakkar farnir að síga inn á við.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 58



Myndir 28-29. Mógrafir NM-249:598, horft til suðausturs á mynd til vinstri og uppmæling af mógrafasvæði til hægri.

NM-249:599_01 mannvirki herminjar

A732372 N537043



Myndir 30-31. Grunnar NM-249:599, horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling til hægri.

"Í nýræktinni þar rétt fyrir innan [Langatanga] hafði Rauði-Kross Bretta mikið skálahverfi, sem mun hafa verið notað sem sjúkrahús. Eftir að Bandaríkjamenn komu, var enn stóraukið við þessar skálahverfingar," segir í Seyðfirskum hernámspáttum. Myndir af skála- og spítalahverfi í Kúahaga eru í Seyðfirskum hernámspáttum. "Við komuna til Seyðisfjarðar flutti liðsmenn herspítalans "14th Station Hospital" inn í breska spítalann sem var í 21 breskum Nissen-bragga í Kúahaga. [...] Byggingarflokkurinn frá Vattarnesi sneri aftur til Seyðisfjarðar í lok september [1941] og hóf að reisa 20 bragga af amerískri gerð sem voru nokkru stærri en þeir bresku. Voru allir braggarnir tengdir saman með göngum úr hleðslusteini. [...] Smíði spítalans lauk þó ekki að fullu fyrr en sumarið eftir og var gamli spítalinn tekinn til íbúðar fyrir starfsmenn," segir í Fremstu víglínu.

Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skráningarskýrslunni segir: "Flotasjúkrahús fyrir ofan Seyðisfjarðarveg í Kúahaga. [...] Tveir allstórir grunnar [...] og eru þeir hluti af sjúkrahúsi sem var í Kúahaga." Minjasvæðið samanstendur af réttthyrningslaga ummerkjum eftir þrjá braggagrunna á 45x18 m stóru svæði. Mannvirkin eru rúmum 70 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93) og er vestasta mannvirkið 5 m austan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Minjarnar eru á grasivöxnu smáþýfðu holti. Minjalýsingin hefst norðvestast á svæðinu á einingu 01. Mannvirkið sem þar stóð hefur verið 14x5 m að stærð og snúið norðvestur-suðaustur. Ekki sjást neinar mannvistarleifar á svæðinu og hafa öll ummerki um sjúkrahúsið verið fjarlægð þegar herinn fór.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Hernámsþættir, 42-43, 74, 82; Fremsta víglína, 121; Bjarki Borgþórsson, 58

NM-249:599_02 mannvirki herminjar A732385 N537038

Mannvirki 02 stóð suðaustan við 01. Það hefur verið 15x14 m að stærð og snúið norðvestur-suðaustur. Ekki sjást neinar mannvistarleifar á svæðinu og hafa öll ummerki um sjúkrahúsið verið fjarlægðar þegar herinn fór.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-249:599_03 mannvirki herminjar A732399 N537030

Mannvirki 03 stóð suðaustast á svæðinu. Það hefur verið 17,5 x 10 m að stærð og snúið norðaustur-suðvestur. Einu mannvistarleifarnar sem sjást eftir grunninn er kantur á suðvesturhlið, um 0,2 m á hæð en öll ummerki um sjúkrahúsið hafa verið fjarlægðar þegar herinn fór.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-249:600 mannvirki A732429 N537021



Myndir 32-33. Steypt mannvirki NM-249:600, horft til vesturs á mynd til vinstri og uppmæling af mannvirkinu til hægri.

Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skráningarskýrslunni segir: "Steypt mannvirki sem stendur norðan við Seyðisfjarðarveg. [...] Í daglegu tali hjá Seyðfirðingum er um arinn að ræða en ekki er að sjá neitt

eldhólf. Hugsanlegt er að búið sé að raska mannvirkinu töluvert, sem var hluti af þeirri starfsemi sem hernámssliðið var með í Kúahaganum." Steypt mannvirki er tæpum 25 m austan við grunna sjúkrahússins 599 og 40 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93). Jafnframt er mannvirkið rúmum 60 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Mannvirkið er á grasivöxnu smápýfðu holti. Það er lítið og steypt, 1,3 x 1,3 m að stærð. Það er ferningslaga en innanmál er hringlaga og er 0,8 m í þvermál. Mannvirkið er 0,6-1 m á hæð, hæst að norðvestan og hliðar halla niður til suðausturs. Járnrör stingst út úr steypunni á tveimur stöðum. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en það hlýtur að hafa verið hluti af stærra mannvirki sem nú er horfið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 58-59

NM-249:601 heimild um mógrafir

A732239 N537050

Mógrafasvæði er merkt inn á túnakort Fjarðar og Fjarðarsels frá 1929 og er það 55 x 40 m að stærð. Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar og skráði þá mógrafarsvæðið. Það er rúmum 220 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93), rúmum 230 m NNV við golfskálann og 25 m norðvestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Mógrafarsvæðið er innan golfvallarins. Fyllt hefur verið upp í mógrafirnar þegar golfvöllurinn var gerður enda voru þær á miðju golfvallarsvæðinu. Ef rýnt er í loftmyndir af svæðinum má greina litamun í gróðri þar sem mógrafirnar voru og er grasið á því svæði gulara en utan þess. Af gróðrinum að dæma voru mógrafirnar 50 x 35 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 59; Túnakort 1929

NM-249:602 stífla herminjar

A732359 N536968



Mynd 34. Stífla NM-249:602 horft til austurs.

Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skráningarskýrslunni segir: "Stíflugarður í læk sem rennur yfir golfvallarsvæðið. [...] Það má sjá járnleiðslu sem liggur út úr stíflunni sem hugsanlega hefur verið inntak fyrir vatnsveitu flotasjúkrahússins. Um 3 m SV af stífluenda niður með lækjarfarvegi er hleðsla úr grjóti sem líklega tengist stíflugarðinum á einhvern hátt." Stífla í læknum er tæpum 90 m vestan við Seyðisfjarðarveg (93) og 65 m NNA við grunna sjúkrahúss 599. Golfskálinn er 160 m SSV við. Jafnframt er stíflan 75 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum

við Fjarðarheiðargöng.

Gras er allt í kringum lækinn og golfvöllurinn vestan við. Trjáreitir er nokkru suðvestar. Stíflan er steinsteypt og er 4 m á lengd og 0,5 m á breidd. Hún liggur norður-suður í læknum og rennur hann í gegnum 0,5 m stórt gat sem er í miðri stíflunni. Hún er 1 – 1,5 m á hæð og steypt


ofan í lækinn svo að hægt hefur verið að loka fyrir streymið og opna eftir þörfum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 59

NM-249:607 gerði kálgarður

A732058 N536881



Myndir 35-36. Kálgarður NM-249:607, horft til suðurs á mynd til vinstri og uppmæling af honum til hægri.

Árið 2009 vann Bjarki Borgþórsson fornleifaskráningu í Seyðisfirði vegna aðalskráningar Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skráningarskýrslu segir: "Manngerð þúst í útjaðri golfvallar í vestanverðum Kúahaga. [...] Mannvirkið liggur í lágru brekku og er efri hlutinn grafinn inn í hana. Hugsanlega er um að ræða matjurtagarð eða reit undir ræktun. Líklega ekki eldra en frá miðri 20. öld." Kálgarður er í brekku rúmum 250 m VNV við golfskála í sunnanverðum enda Hagavallar og tæpum 50 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Svæðið er grasi vaxið og nokkur barrtré vaxa austan og vestan við minjarnar. Bratt er niður brekkuna til suðurs. Kálgarðurinn er byggður utan í brekkuna. Hann er 5,5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Hlaðnir torfveggir eru á norðaustur- og suðvesturhlíðum. Norðvesturhlíð er grafinn inn í brekkuna en ekki er veggur á suðausturhlíð. Torfveggir eru 0,3-0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Ofan við kálgarðinn, til norðvesturs, er óljós dæld eða niðurgröftur en ekki sjást nein veggjalög í kringum dældina. Hún er 1,3 x 1 m að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bjarki Borgþórsson, 61

NM-249:649 náma mógrafir



Mynd 37. Mógrafir NM-249:649 horft til suðvesturs.

0,1-0,7 m á dýpt og alveg grónar og þurrar. Hugsanlega hefur verið fyllt upp í grafirnar að einhverju leyti

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1929

A732513 N537217

Mógrafasvæði er merkt inn á túnakort Fjarðar og Fjarðarsels frá 1929. Það er 220 m suðvestan við Langatanga og tæpum 400 m SSV við kirkjugarð Seyðisfjarðar. Það er innan beitarhólfs neðan við hesthúsið á Hesthúsaloð 1, 15 m norðvestan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Beitarhólfíð er grasi vaxið og fremur þurrt, en lítill lækur rennur rétt sunnan mógrafanna. Samkvæmt túnakortinu var Mógrafasvæði 65 x 30 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur. Þar sjást aðeins nokkrar dældir í beitarhólfinu á minjasvæði sem er 23 x 19 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dældirnar eru


NM-250 Fjarðarsel

1847: 4 hdr., bændaeygn. JJ, 362. Undirsett Firði (NM-249).

Árið 1904 keypti Seyðisfjarðarbær Fjarðarsel. Byggðasaga Seyðisfjarðar, 191.

NM-250:004 tóft fjárhús

A731787 N536505



Myndir 38-39. Fjárhústóft NM-250:004 horft til NNV á ljósmynd til vinstri. Uppmæling tóftarinnar er til hægri.

Fjárhústóft er á háum hól, norðvestast í túni Fjarðarsels. Tóftin er 33 m norðan við bæ 002, 30 m austan við grjóthlaðinn garð 012 og 100 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hóllinn sem tóftin er á er grasi gróinn. Austan og suðaustan við hólinn er tún í rækt. Tóftin er 14x11,5 m á stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Austara hólfíð (hólf 1) snýr norðvestur-suðaustur og er opið inn í hólfíð á miðjum suðausturvegg. Hólfíð er 10 x 3,7 m að innanmáli og hæð veggja innanmáls er 1-1,4 m, hæstir eru veggirnir í norðvesturenda. Í hólfínu er torf- og grjóthlaðinn garði sem er 7 m langur, 1 m breiður og 0,3 m á hæð. Hólf 2 er suðvestan á hólf 1 og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Ekki er afgerandi veggur í suðausturenda hólfins og er líklegt að þar hafi verið timbur- og/eða bárujárnsþil með dyrum. Hólf 2 er 11x2,4 m að innanmáli. Hæð veggja í hóflinu er 0,5-1 m innanmáls. Op eða rof er á vegg sem skilur á milli hólfna, út við norðvesturgafli. Utanmáls er hæð veggja 0,6-1 m. Mest sjást 5-6 umför í hleðslum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-250:010 tóft útihús


A731792 N536520

Lítill einföld tóft er uppi á hól norðvestast í túni Fjarðarsels. Tóftin er 55 m norðan við bæ 002 og 15 m norðvestan við tóft 011. Þá er hún 92 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hóllinn sem tóftin er á er grasi gróinn. Neðan hólsins til austurs og suðausturs er tún í rækt. Tóftin er 6x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðvesturhlið tóftarinnar er hlaðin utan í lága brún og er framhald af henni framan við og suðaustan við tóftina. Op er á tóftinni á miðjum

suðausturgafli. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og hæstar eru hleðslur á norðvestur- og norðausturhliðum þar sem þær eru 0,6 m. Mest sjást 2 umför grjóts. Ætla má að tóftin sé af útihúsi þar sem hún er staðsett í heimatúni Fjarðarsels.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Myndir 40-41. Tóft NM-250:010 horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.

NM-250:011 tóft útihús

A731812 N536517



Myndir 42-43. Tóft NM-250:011, horft til vesturs á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.

Lítill einföld tóft er austan í hól norðvestast í túni Fjarðarsels. Tóftin er 45 m norðan við bæ 002 og 15 m suðaustan við tóft 010. Þá er hún 110 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng og rétt utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra vegaframkvæmda en 15 m friðhelgað svæði í kringum hana lendir að litlum hluta innan þess.

Hóllinn sem tóftin er við er grasi gróinn. Austan og suðaustan við hólinn er tún í rækt.

Tóftin er 6,5x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðvesturveggur hennar er grafinn inn í brekku. Tóftin virðist torfhláðin og er op á henni í austurhorni. Veggir eru 0,2-0,3 m á hæð. Ætla má að tóftin sé af útihúsi þar sem hún er staðsett í heimatúni Fjarðarsels.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-250:012 garðlag túngarður



Mynd 44. Garðlag NM-250:012, horft til suðvesturs.

A731739 N536466


Grjóthlaðinn garður er fast norðan við læk, um 60 m vestan við bæ 002 og 50 m vestan við fjárhús 004. Þá er hún 90 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Garðurinn er rétt utan túns, í grónum vallendismóa sem er deiglendir hér og þar. Til austurs er tún í rækt. Garðurinn liggur norðuraustur-suðvestur og er um 80 m á lengd. Hann er hlaðinn úr nokkuð stóru grjóti og má greina eitt til tvö umför af hleðslu. Hann er 0,1-0,3 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Garðurinn var hlaðinn undir girðingu sem sést ekki lengur.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-250:013 tóft útihús

7A31757 N536468



Mynd 45-46. Garðlag NM-250:012, horft til suðvesturs á mynd til vinstri. Uppmæling af tóftinni er til hægri.

Sigin tóft er innan túns, 40 m VNV við bæ 002 og 17 m austan við túngarð 012. Tóftin er 103 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Hún er því utan áhrifasvæðis vegafraamkvæmda en 15 m friðhelgað svæði í kringum hana lendar að miklum hluta innan þess og telst hún í hattu vegna framkvæmdanna.

Tóftin er í gömlu heimatúni sem er grasi gróið og þýft. Litlu austar er tún í rækt. Tóftin er

einföld og er 6x5,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hæð veggja er 0,1-0,5 m að utanmáli, lágstir að norðanverðu og hæstir að austanverðu. Veggirnir eru grónir og gengnir í þúfur og hvergi sést í grjóti í veggjum. Op er á tóftinni í vesturhorni. Veggjahleðslur eru aflagaðar og útflattar í suðurhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en þar sem hún er innan túns má ætla að um einhvers konar útihús sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

NM-701 Fornleifar á fl. en 1 jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Seyðisfjarðarhreppi.

NM-701:013_01 gata leið



Mynd 47. Gata NM-701:013_01, horft til austurs.

A730620 N535877

"Til Héraðs mátti fara tvær leiðir. Lá sú syðri um Fjarðarheiði, en sú nyrðri um Vestdalsheiði [005]. Báðar eru heiðar þessar með hæstu fjallvegum, snjóþungar á vetrum og illviðrasamar. [...] Vegirnir um heiðar þessar voru reiðgötur einar allt fram til loka 19. aldar. [...] Árið 1890 var Páll Jónsson fenginn til að mæla fyrir Fjarðarheiðarveginum, og undir stjórn hans var vegurinn síðan lagður sumarið 1893. Fullkominn var vegur þessi ekki á nútímamælikvarða, en þó vel fær hestvögnum að sumarlagi. Páll lét einnig hlaða vörður við veginn, og má enn sjá merki þeirra allvíða. Árið 1903 var vegurinn yfir Fjarðarheiði endurbættur

og hresst upp á vörðurnar sem farnar voru að láta á sjá. Fjórum árum seinna, eða 1907 er svo Fjarðarheiðarvegurinn tekinn í tölu þjóðvega," segir í Byggðasögu Seyðisfjarðar. Hluti af veginum um Fjarðarheiði var skráður við vettvangsúttekt vegna vegagerðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Ummerki um leiðina sáust á fjórum stöðum á svæði sem er 1300x150 m að stærð og snýr ANA-VSV. Þeir vegbútar sem skráðir voru virðast ekki allir vera frá sama tímaskeiði, en líklega tengjast þeir allir leiðinni um Fjarðarheiði á einn eða annan hátt.

Svæðið sem leiðin liggur um og kannað var á vettvangi 2020 er lyngi vaxið en inn á milli eru uppblásin svæði. Sunnan við leiðina rennur Fjarðará.

Lýsingin hefst vestast á götu 01. Hún er um 100 m sunnan við Seyðisfjarðarveg (93), 40 m norðan við Fjarðará og 60 m sunnan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Gatan sést fyrst við gamlan ruddan malarveg og er greinanleg á 120 m löngum kafla en fjarar svo út. Þess má geta að áningarstaður NM-249:037 er um 90 m norðaustan við götuna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: BS, 74, 77



Mynd 48. Upphlaðinn vegur NM-701:013_02, horft til

Upphlaðinn vegur er 70 m suðaustan við götu 01. Hann er á brekkubrún, 46 m norðan við Gufufoss og 60 m sunnan við Seyðisfjarðarveg (93). Þá er hann 95 m sunnan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Vegurinn liggur norðaustur-suðvestur og er um 20 m langur. Hann er nokkuð kúptur, 0,2-0,4 m á hæð og 2-3 m á breidd. Vegurinn er hlaðinn úr nokkuð grófu grjóti og mól og liggur aðeins áleiðis niður brekkuna en fjarar svo út. Helst kemur til greina að um vegabætur á leiðinni yfir Fjarðarheiði sé að ræða en ekki er útilokað að um yngra mannvirki sem ekki er í tengslum við leiðina sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Mynd 49. Ruddur vegur NM-701:013_03, horft til vesturs.

Um 640 m austan við upphlaðinn veg 02 er ruddur vegur 03 sem er breiður og gróinn. Vegurinn er um 300 m langur og liggur norður-suður á milli Seyðisfjarðarvegar (93) og Fjarðarár og er 85 m austan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Vegurinn hefur greinilega verið ruddur með vélum og telst því ungur en aldur hans er ekki þekktur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 50. Vegur NM-701:013_04, horft til austurs.

Hluti 04 sést sem vegur. Hann liggur norður-suður, út frá vegi 013:03. Hann er 60 m austan við Seyðisfjarðarveg (93) og 45 m austan við tóft 249:522. Þá er hann 130 m suðaustan við miðlínu nýs vegar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Vegurinn er um 190 m á lengd og að jafnaði 3-4 m á breidd. Syðst liggur hann niður aflíðandi brekku og er suðausturbrún hans skýr og um 0,4 m á hæð. Lengra til norðurs sést hann sem gróinn vegslóði og hættir að sjást við Seyðisfjarðarveg (93). Á tveimur stöðum liggur vegurinn yfir læk og hafa verið byggðar litlar timburbrýr yfir lækina, en þær eru nú nærri alveg fallnar. Vegurinn hefur verið að hluta til ruddur með vélum

og telst því frekar ungur. Möguleiki er að hann sé hluti af samgöngubótum á leið 013.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-020 Eyvindará

20 hndr 1847. Eyvindará er þekkt víða úr Austfirðingasögum. Í Fljótsdælu er Eyvindará sögð "eitthvert bjargmesta land í héraðinu og þokkaland allmikið." Eyvindará var í bændaeign frá fornu fari en mun þó hafa verið Skriðuklausturseign um tíma fyrir á öldum. Talið er að Eyvindarárland hafi á fyrri tímum náð að Valagilsá. Síðan voru jarðirnar Uppsalar, Miðhús og Dalhús byggðar út úr landi Eyvindarár. Í manntali 1703 voru Miðhús og Dalhús orðin lögbýli. Árið 1889 voru Miðhús keypt undir Eyvindará og voru þar höfð beitarhús. Miðhús tiheyrdi Eyvindará fram til 1959. Á Eyvindará var fyrsti þingstaður Eiðahrepps frá 1892 og fram um 1918 eða lengur. SJM II, 212; Ö-Eyvindará, 7.

"Neðan heiðar skiptast á móahæðir og ásar og mýrar. Á Eyvindarárnesi við ána eru harðvellisbakkar og gott slægjuland. Fjallið er höllótt, vel gróið og gott beitarland." SJM II, 212. Túnslétta 4472 m², vel hlaðinn garður utan um hluta túnsins. Meirihluti túnsins var þaksléttaður. Síðasta túnþýfið var unnið með dráttarvél 1938 eða 1939. Í fasteignamati 1918 voru tún 5,2 ha, taða 100 hb., úthey 300 hb. Þriðjungur túnsins var sléttaður, nokkuð var harðlent og brunahætt. Engjar voru nærtækar, þýfðar, þurrar sumar og heygóðar. Beitiland var í betra langi en skjóllítið og snjóþungt. Upprekstrarland var gott en fjárgeymsla erfið. Mótaka var langsótt en góð. Ekki var þar neinn skógur. SJM II, 212; Ö-Eyvindará, 7.

SM-020:020 Fjánhúsavað heimild um vað

A715753 N538606



Mynd 51. Fjánhúsavað SM-020:020, horft til vesturs.

"Þar er Fjánhúsavað á Uppsalaá, en Mylluvað [023] hjá Mylluhvammi [022]," segir í örnefnaskrá. Fjánhúsavað var upphaflega skráð af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir: "Vað þetta er á Uppsalaá stutt sunnan við heimreiðina að Eyvindará. Leiðin [047] yfir vaðið lá upp að beitarhúsunum á Grásteinselli [027]." Fjánhúsavað er á Uppsalaá, um 400 m suðaustan við bæ 001 og 1,7 km vestan við Grásteinsel. Vaðið er 84 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Beggja vegna árinna er þéttur barrskógur og eru bakkarnir lágir við

vaðið. Frá vaðinu á austurbakka árinna liggur breiður sneiðingur skáhallt upp bratta brekku, sjá leið 047. Áin breiðir úr sér á vaðinu og er grunn þar. Í árbotninum er aðallega mól á vaðinu en einnig stöku steinn. Mögulega hefur efni verið ekið í árfarveginn á vaðinu og það gert auðveldara yfirferðar á vélknúnum ökutækjum. Sneiðingurinn upp frá vaðinu á austurbakkanum hefur verið fær slíkum tækjum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Eyvindará ÞG, 4; GZ 1997, 8



Mynd 52. Klöpp við Uppsalaá þar sem Myllutóft SM-020:022_01 var, horft til norðurs.

Þúst þessari." Þegar staðurinn var aftur skoðaður við fornleifaúttekt fyrir Fjarðarheiðargöng haustið 2020 sást hleðslan ekki sem getið er í eldri skráningu en líkleg staðsetning er fast norðan við Myllufoss, 420 m suðaustan við Stekk 024 og 30 m norðan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Hins vegar sást þústin sem einnig er getið í eldri skráningunni og eru 15 m á milli Myllufoss og þústar.

Niður við árbakka Uppsalaár er mikill gras- og lúpínugróður og þar vex einnig birkikjarr. Við endurskoðun skráningar 2020 var gengið meðfram Eyvindará og í kringum klöppina við Myllufoss, en ekki fannst hleðsla 01 sem lýst er í skráningu Safnastofnunar Austurlands frá 1996-1997. Mikill gróður er á svæðinu sem kann að hafa fært minjarnar í kaf.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Eyvindará ÞG, 4; GZ 1997, 8



Mynd 53. Þúst SM-020:022_02, horft til norðurs.

"Innsti tanginn milli ána heitir Hunangstangi. Utan við tangann er Mylluhvammur. Utan við hann er Mylluhvammasklettur, Þarna var vatnsmylla, og sér enn tóttina, sem kölluð er Myllutótt," segir í örnefnaskrá. Mylla var upphaflega skráð af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir: "Myllan hefur verið byggð við klöpp NA megin við fossinn. Hleðsla er við ána á um 1,5 m kafla og samanstendur hún af 3 stórum steinum. Bak þeim er dæld og kann að vera að vatni úr ánni hafi verið beint í gegnum tóttina. Í um 16 metra fjarlægð er 3x1,5 m þúst sem kann að vera mannvirki. Gamall lækjarfarvegur liggur úr ánni meðfram

Þúst 02 er í Mylluhvammi, 15 m norðan við Myllufoss og 45 m norðan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Þústin er 3,6x2,7 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 0,5 m á hæð og grasi gróin. Frá henni liggur gamall vatnsfarvegur til suðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-020:023 Mylluvað heimild um vað

A715589 N538107

"Þar er Fjánhúsavað [020] á Uppsalaá, en Mylluvað hjá Mylluhvammum [022]," segir í örnefnaskrá. Líklega var þetta vað ofan og austan við Myllufoss í Eyvindará en þar breiðir áin nokkuð úr sér og eru grónar eyrar ofan við fossinn. Vaðið er 520 m SSV við Fjánhúsavað og 18 m suðaustan við þúst 020_02 í tengslum við Myllutóft 020_01. Er vaðið 20 m norðan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargögn 2020.


Bakkar árinna eru lágir og vel grónir niður við ána. Vex þar gras og lúpína auk birkikjarrs. Ekki sjást skýr ummerki um vaðið en þó er grunnt vik inn í suðausturbakka árinna þar sem ætla má að farið hafi verið yfir ána á vaði. Ekki er þekkt leið sem tengist vaðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Eyvindará ÞG, 4

SM-020:024 Stekkahvammur tóft stekkur

A715195 N538306



Myndir 54-55. Stekkjartóft SM-020:024, horft til SSV á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.

"Út af Mylluhvammum [sjá 022] er Stekkahvammur" segir í örnefnaskrá. Staðurinn var upphaflega skráður af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir: "Í grunnum hvammum innan og neðan við núverandi tún um 23 m frá malarnámi, á móts við Melshorn." Stekkjartóftin er í grónum hvammum fast vestan við sléttað tún í ræktun og 15 m austan við svæði þar sem gróðurúrgangi er safnað. Tóftin er um 500 m sunnan við bæ 001 og 55 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðagögn.

Stekkurinn er í grasi vöxnum hvammum sem hefur verið nýttur sem beitarhólf fyrir hross. Tóftin er tvískipt og hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er 11x4,6 m á stærð og snýr norður-suður. Tóftin er hlaðin upp við lágan bakka sem myndar austurvegg hennar. Op er inn í tóftina á norðurgafli inn í hólf sem er 4,5x2 m á stærð og snýr norður-suður. Sunnan við það er minna hólf sem er 2,6x2,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er samansiðið og innri brún veggja orðin óskýr. Ekki er sýnilegt op á milli hólfanna. Hæð veggja í tóftinni er mest 1 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Fast sunnan við stekkin er mjór torfgarður sem liggur norðvestur-suðaustur og er 9,5x0,5 m á stærð. Hann hefur líklega verið hlaðinn undir girðingu sem hefur nú (2020) verið rifin. Við tóftina er friðlýsingarskilti en engar upplýsingar fundust um stekkin í Friðlýsingarskrá Minjastofnunar né í Minjavefsjá Minjastofnunar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Eyvindará ÞG, 5; GZ 1997, 9

SM-020:025 *Melhornsvað* heimild um vað



Mynd 56. Melhornsvað SM-020:025, horft til norðurs.

suðurbakkanum er mikill lúpínugróður og ýmiskonar rask. Þar eru lágar malareyrar og lágt niður af þeim að ánni. Vegarlóði liggur niður að ánni á suðurbakka árinna, milli íbúðabyggðar og túna og benda aðstæður til þess að vaðið hafi verið á ánni þar sem slóðinn kemur niður að henni. Farið hefur verið skáhallt yfir ána sem er allbreið (24 m) og djúp.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Eyvindará ÞG, 5; GZ 1997, 9

SM-020:036 *Fjánhúsholt* örnefni fjárhús

A715775 N538538


Í örnefnaskrá Eyvindarár segir: "Þar sem Uppsalaá fellur í Eyvindará, hæðin ofan Uppsalaár, heitir Rani. Næsta hæð fyrir ofan, beint upp af bænum, heitir Fjánhús(a)holt. [...] Austast í Fjánhúsholtum er Fjánhúsholtamýri, þar út af Langholt." Örnefnið Fjánhúsholt gefur vísbendingu um að á holtinu eða í nágrenni þess hafi verið fjárhús. Fjánhúsholt voru upphaflega skráð af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir: "Austur af Eyvindarárbænum, stutt ofan Úthéraðsvegar. Íbúðarhúsið Randaberg hefur nýlega verið byggt á holtinu yst. Ekki fannst neitt fjárhús við skráningu þrátt fyrir mikla leit." Miðað við lýsingu í örnefnaskrá eru Fjánhúsholt holtin næst ánni og íbúðarhúsið Randaberg er byggt á Langholt. Fjánhúsholtin eru austan Uppsalaár rúmum 510 m suðaustan við bæ 001 og vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðaheiðargöng 2020. Holtið austan Uppsalaár er nú allt vaxið þéttum lerkiskógi og er ýmist gras og mosi í skógarbotni eða gróðurlaust

Fjánhúsholtin voru gengin eftir bestu getu í leit að fjárhúsum en skógurinn er mjög þéttur og því ómögulegt að skanna allt svæðið. Engin ummerki um fjárhús fundust á svæðinu og ef fjárhús voru á holtinu eru þau nú horfin í trjágróður. Einnig má vera að holtin dragi nafn sitt af leiðinni að beitarhúsum í Grásteinsseli, rétt eins og Fjánhúsavað 020, og að á holtinu hafi ekki verið nein fjárhús. Um þetta er þó ekki vitað og fær örnefnið því að njóta vafans hér og er skráð sem svo að fjárhús hafi verið á eða í nágrenni holtanna.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eyvindará ÞG, 1; GZ 1997, 12

A714898 N538327
"Undan Fremra-Melshorni er Melhornsvað yfir Eyvindará," segir í örnefnaskrá. Melhornsvað var upphaflega skráð af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir um aðstæður við vaðið: "Malarnám er á norðurbakka Eyvindarár á mótí Melshorni." Melhornsvað er 300 m vestan við stekk 024 og 640 m suðvestan við bæ 001. Miðlína Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng liggur yfir vaðið.

Rask af völdum malarnáms er á norðurbakka Eyvindarár og þar er nokkuð hátt og bratt upp á hann. Á



Myndir 57-58. Mógrafir SM-020:046, horft til SSA á mynd til vinstri og uppmæling af mógrafarsvæði til hægri.

Skýr ummerki um mótekju eru í mýrlendi í kverk sem myndast hefur á milli lóðar spennustöðvar Rarik og Seyðisfjarðarvegur (93). Mógrafirnar eru um 1 km suðaustan við bæ 001 og 660 m suðaustan við Fjánhúsavað 020. Eru minjarnar 28 m sunnan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðarvirkjun.

Mýrin sem mógrafirnar eru í er deiglend og grasgefin. Í henni eru þurr og lág holt sem víða eru vaxin lágum trjágróðri, einkum birki. Lágur melur er fast norðan við mógrafirnar og birkitré vaxa þar í kring og nyrst í gröfunum. Í jaðri lóðar spennistöðvar sem er austan við mógrafirnar eru aspartré. Mógrafirnar eru á samfelldu svæði sem er 22x15 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Þær eru enn vel greinilegar og eru brúnir þeirra skýrar. Þær eru grónar og deiglent er innan þeirra en hvergi stendur vatn í þeim. Dýpstar eru þær 0,2-0,3 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-020:047 vegur samgöngubót

A715776 N538632



Mynd 59. Vegur SM-020:047, horft til vesturs.

Upp frá austurbakka Uppsalaár frá Fjánhúsavaði 020 liggur sneiðingur upp allháa og bratta brekku. Er sneiðingurinn á leið sem lá frá Eyvindará 001 að beitarhúsum í Grásteinsseli 027 en á milli bæjar og beitarhúsa eru 2,1 km í beinni loftlínu. Sneiðingurinn er innan skógræktar vestan við Seyðisfjarðarveg (93) og var leiðin skoðuð innan úttektarsvæðis vegna Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Ekki sáust ummerki um leiðina austan Seyðisfjarðarvegur þar sem hún hefur legið yfir Langholt. Sýnilegur hluti leiðarinnar er 23 m vestan

við miðlínu Norðurleiðar.

Á milli Uppsalaár og Seyðisfjarðarvegur er mjög þéttur barrskógur og gróinn skógarbotn. Sneiðingurinn er 42 m langur og liggur til norðausturs upp frá Uppsalaá. Þar sem hann hættir að sjást í norðausturenda má óljóst greina framhald af leið til suðausturs á 30 m löngum kafla. Hefur þar þá verið vinkilbeygja á leiðinni. Sneiðingurinn er 3-4 m á breidd. Ætla má að hann hafi verið ruddur í seinni tíð og verið fær vélknúnum ökutækjum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022 Miðhús

12 hndr 1847. Jörðin hefur verið bændaeygn frá fornu fari þangað til 1959 er Skógrækt ríkisins keypti hana. Árið 1967 keyptu ábúendur búið. Talið er að Miðhús hafi upprunalega byggst úr Eyvindarárlandi. Á Miðhúsum voru vegamót. Þar lágu í gegn götur yfir Fjarðarheiði og gamla kaupstaðaleiðin til Eskifjarðar og Breiðuvíkur. Gamla íbúðarhúsið (líklega byggt um 1884) sem enn er uppistandandi var notað sem vertshús og fundarstaður. Nýbýlið Steinholt var að miklu leyti byggt úr landi Miðhúsa 1947. SJM II, 207-208; Ö-Miðhús.

"Miðhúsalandi hallar öllu mót norðvestri frá Gagnheiði og niður í Eyvindará. Mikill birkiskógur vex í Miðhúsalandi allt upp í 300 m hæð. Miðhúsaá rennur í gegnum landið og í Eyvindará rétt innan við túnið. Í fasteignamati 1918 eru tún talin 2,6 ha., taða 60 hb og úthey 100hb. Rétt fyrir 1960 lauk sléttun túnþýfis þótt hún hafi hafist löngu fyrr. Tún voru bæði þak- og vésléttuð. Í Sveitum og jörðum segir: "Gamla túnið var kargaþýft og fremur harðlent, engjar aðallega á mýrum út af túni, annars dreifðar og víðast þýfðar, ekki votar til бага, heygóðar. Beitiland gott fyrir allan pening, skýlt og nærtækt". Mótak og torfrista voru góð og skógur til eldsneytis. Gott var þar rjúpuland. SJM II, 207-208; Ö-Miðhús.

SM-022:040 frásögn herminjar

A716519 N537443

Friðrik Ingvarsson, heimildamaður frá Steinholti, greindi frá því að tjaldbúðir hermanna í síðari heimsstyrjöldinni hefðu verið fast austan við lágt, skógi vaxið holt, 60-70 m austan við brú 042. Búðirnar voru um 320 m suðvestan við nýbýlið Steinholt og 440 m austan við bæjarstæði Miðhúsa 001. Minjastaðurinn er 88 m austan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Tjaldbúðirnar voru á mörkum sléttuðs túns og skógræktar á holtinu. Í skóginum vex aðallega lerki og birki. Engin varanleg mannvirki voru á svæðinu en á því og sunnan við það hafa fundist ýmsar minjar frá herliðinu, m.a. sprengju- og skothylki. Engin ummerki sjást um tjaldbúðirnar eða veru herliðsins á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:041 Klofasteinn frásögn huldufólksbústaður

A716389 N537311



Mynd 60. Klofasteinn SM-022:041, horft til austurs.

Gríðarstórt, klofið bjarg, Klofasteinn er austan í Miðhúsaáasi sem nær suður að Miðhúsaá, austan við heimatúnið. Mýrlent er neðan og austan við ásinn og liggur fjölfarinn göngustígur ofan og vestan við Klofasteininn. Að sögn Eddu Björnsdóttur, heimildamanns, eru einhverjar sagnir tengdar við steininn en kunnir hún ekki á þeim skil. Heimildaleit, einkum í þjóðsagnasöfnum, skilaði ekki neinum niðurstöðum fyrir þennan stað. Steinninn er 40 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargögn. Mikil skógrækt er á Miðhúsaáasi og grösugt er í mýrinni austan við hann.

Steinninn er klofinn í miðju og er hægt að komast inn í skarð í honum vestanverðum og leita skjóls fyrir veðrum og vindum. Steinninn er 9x7 m að stærð, snýr nálega austur-vestur. Er

hann 1,5-2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:042 hleðsla brú

A716435 N537446



Mynd 61. Brú SM-022:042, horft til vesturs.

Upphlaðin torfbrú er í mýri litlu sunnan við malarslóða sem er ein útgáfan af leið sem lá yfir til Seyðisfjarðar af Héraði (sjá SM-611:003). Er neðan og austan við sléttan og flatan blett þar sem Steinholtstrétt (ekki fornleif) stóð áður en hún var rifin. Torfbrúin liggur að læk sem rennur úr Miðhúsakíl til suðurs og austan við hann er lágt, skógi vaxið holt. Brúin er um 300 m austan við Miðhúsabæinn 001 og 8 m austan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

löng og liggur ASA-VNV. Hún er 4 m breið og 0,5 m há. Ekkert grjót er sýnilegt í brúnni sem er að mestu leyti torfhlaðin. Hún endar við áðurnefndan læk, verður óskýr í ASA-enda þar sem vaxið hefur upp nokkur trjágróður í mýrinni. Skurðir hafa verið grafnir sitt hvoru megin við brúna og eru þeir 0,5 m breiðir. Þegar brúin var skráð á vettvangi var búið að setja niður blálitaða hæla yfir hana en þeir virðast ekki vera í tengslum við vegagerð sem til skoðunar er á svæðinu í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Líklegt er að hælarnir séu hins vegar í tengslum við lagningu Eskifjarðarlínu 1 í jörðu á 2 km löngum kafla við tengivirki á Eyvindará sem Landsnet fyrirhugar að ljúka árið 2020. Það fékkst þó ekki staðfest hjá Landsneti.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Landsnet

SM-022:043_01 gryfja kolagröf

A716939 N536010




Mynd 62. Kolagröf 043_01, horft til suðausturs.

Í Landi Miðhúsa er gamall birkiskógur og er fjöldi kolagrafa í honum frá ýmsum tímum. Haustið 2020 var hluti skógarins genginn þar sem til skoðunar er að leggja Norðurleið, nýjan veg að Fjarðarheiðargöngum. Veghönnun gerir ráð fyrir að Norðurleið liggi á svipuðum slóðum og gamall vegarslóði á milli Miðhúsa og Dalhúsa, austan við Eyvindará. Fundust fjölmargar kolagrafir í skóginum við þessa úttekt og eru þær skráðar á nokkur númer. Undir þessu númeri eru skráðar sjö kolagrafir á svæði sem er 70x60 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þessi þyrping er neðan og vestan vegarslóða, á hæð neðan og suðvestan við Prestaskershöfða.

Flestar eru kolagrafirnar á fremur flatlendu svæði en tvær þeirra (043_2 og 043_3) eru á stöllum í brekku þar sem hallar ákveðið niður að Eyvindará til suðvesturs.

Mógrafirnar eru á þurru holti í fremur gisnum og gömlum skógi þar sem víða eru fúin tré. Í skógarbotni vex gras, lyng og mosi. Umfjöllunin hefst á kolagröf 043_1 sem er austast á svæðinu og næst vegarslóða. Kolagröfin er 1 m í þvermál og 0,4-0,5 m á dýpt. Hún er vel gróin og birkitré vaxa á brúnum hennar. Ekki sést kragi í kringum hana. Gröfin er 27 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 63. Uppmæling af kolagröfum á minjastað SM-022:043.

SM-022:043_02 gryfja kolagröf



Mynd 64. Kolagröf SM-022:043_02, horft til norðvesturs.

SM-022:043_03 gryfja kolagröf



Mynd 65. Kolagröf SM-022:043_03, horft til SSV.

SM-022:043_04 gryfja kolagröf



Mynd 66. Kolagröf SM-022:043_04, horft til ASA.

A716891 N535992

Kolagröf 043_2 er á mjóum flötum stalli þar sem hallar afgerandi niður að Eyvindará. Skógurinn verður gisnari í hallanum. Er gröfin 50 m suðvestan við kolagröf 043_1 og 17 m norðaustan við kolagröf 043_3.

Kolagröfin er 0,8 m í þvermál innanmáls og 0,3 m á dýpt. Er hún vel gróin. Á bakka grafarinnar sér móta fyrir jarðvegskraga sem er 0,1-0,2 m á hæð. Kolagröfin er 77 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

A716872 N535984

Kolagröf 043_3 er stór og er á flatlendu, fremur mjóu svæði frammi á bakka Eyvindarár. Djúpt árgljúfrið er neðan og suðvestan við en allhá og brött brekka ofan og norðaustan við. Kolagröf 043_2 er í brekkunni, 17 m norðaustar.

Kolagröfin er um 1,2 m í þvermál og 0,6 m djúp. Nokkuð afgerandi kragi er í kringum hana en trjágróður vex á honum vestanverðum. Kraginn er 0,1-0,2 m á hæð. Kolagröfin er 97 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

A716872 N536044

Kolagröf 043_4 er norðvestast á svæðinu, 30 m norðvestan við kolagröf 043_5. Gröfin er orðin illgreinanleg vegna trjágróðurs og vaxa tré ofan í henni og allt í kringum hana. Af þeim sökum reyndist ekki unnt að mæla hana upp. Hún er um 0,8 m í þvermál innanmáls og 0,3-0,4 m á dýpt. Ekki sést skýr kragi umhverfis gröfina. Þessi kolagröf er 68 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:043_05 gryfja kolagröf

A716891 N536023



Mynd 67. Kolagröf SM-022:043_05, horft til norðvesturs.

Kolagröf 043_5 er mjög svipuð gröf 043_4 sem er 30 m norðvestar. Gröfin er illgreinanleg vegna gróðurs og ekki var hægt að mæla hana upp af þeim sökum. Er hún um 0,8 m í þvermál og 0,5 m djúp. Óljós ummerki sjást um kraga í kringum gröfina. Þessi kolagröf er 62 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:043_06 gryfja kolagröf

A716896 N536022



Mynd 68. Kolagröf SM-022:043_06, horft til ASA.

Kolagröf 043_6 er fast austan við gröf 043_5. Kolagröfin sést orðið illa vegna gróðurs, er 0,3-0,4 m á dýpt og um 1 m í þvermál. Ekki reyndist unnt að mæla þessa gröf upp vegna gróðurs. Kolagröfin er 58 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:043_07 gryfja kolagröf

A716901 N536034



Mynd 69. Kolagröf SM-022:043_07, horft til norðvesturs.

SM-022:044_01 gryfja kolagröf

A716772 N536271




Myndir 70. Kolagröf SM-022:044_01, horft til suðurs.

Suðaustan við Selás (sjá Sturlusel 015), niður við Eyvindará, eru fimm kolagrafir saman á svæði sem er 26x12 m að stærð og snýr norður-suður. eru allar grafirnar í nokkuð vel afmarkaðri laut en nyrsta gröfin er á jaðri hennar og stendur hærra. eru þessar grafir um 20 m suðvestan við kolagrafir 054 og 70 m suðaustan við kolagrafir 045. Í lautinni er fremur flatlent og gisnari skógur í henni en utan hennar. Skógarbotninn er vaxinn grasi og lyngi.

Lýsingin hefst á kolagröf 044_1 sem er suðaustast á svæðinu. Hún er 4 m austan við kolagröf 044_2. Kolagröfin er að hverfa í gróður en innanmál hennar er enn greinanlegt. Gröfin er ríflega 1 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Greina má

kraga í kringum hana, a.m.k. að norðvestanverðu. Hann er 0,2-0,3 m á hæð. Kolagröfin er 26 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 71. Uppmæling af kolagröfum 044 á minjasvæðinu.

SM-022:044_02 gryfja kolagröf

A716767 N536269



Mynd 72. Kolagröf SM-022:044_02, horft til norðurs.

Kolagröf 044_2 er fast vestan við gröf 044_1 og 9 m sunnan við gröf 044_4. Kolagröfin er lítil og ber ekki mikið á henni. Hún er 0,6 m í þvermál innanmáls og 0,3 m á dýpt. Lágur kragi er í kringum hana. Kolagröfin er 30 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:044_03 gryfja kolagröf

A716771 N536282



Mynd 73. Kolagröf SM-022:044_03, horft til austurs.

Kolagröf 044_3 er stór og greinileg og er hún 8 m norðan við gröf 044_1 og 6 m austan við gröf 044_4. Kolagröfin er fremur ferköntuð, um 1,5x1,5 m að innanmáli og 0,4 m djúp. Skýr kragi í kringum hana er víðast hvar 0,2 m á hæð. Kolagröfin er 18 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:044_04 gryfja kolagröf

A716764 N536280



Mynd 74. Kolagröf SM-022:044_04, horft til vesturs.

Kolagröf 044_4 er í austurjaðri lautarinnar sem kolagrafasvæðið er í, fast vestan við gröf 044_3 og 12 m sunnan við gröf 044_5. Kolagröfin er mjög greinileg og er innanmál hennar ferkantað. Hún er tæpir 2 m á kant innanmáls og 0,3 m djúp. Skýr kragi, 0,2-0,3 m hár, er í kringum gröfina nema að vestanverðu. Kolagröfin er 25 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:044_05 gryfja kolagröf

A716766 N536295




Kolagröf 044_5 er nyrst á svæðinu og er 12 m norðan við gröf 044_4. Hún er í aflíðandi hlíð ofan við lautina sem hinar kolagrafirnar eru í. Kolagröfin er djúp og nokkuð greinileg, er um 1 m í þvermál og 0,5 m djúp. Hún er 17 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 75. Kolagröf SM-022:044_05, horft til norðausturs.

SM-022:045_01 gryfja kolagröf

A716709 N536342



Myndir 76-77. Kolagröf SM-022:045_01, horft til suðausturs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Tvær kolagrafir eru á deiglendu og flötu svæði í skóglendi niður við Eyvindará suðvestan við Seldal (sjá Sturlusel 015). Eru þessar kolagrafir 70 m norðvestan við grafir 044 og 220 m suðaustan við grafir 046. Grafirnar eru á svæði sem er 12x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan deiglendisins er meiri grasvöxtur og minna um birkitré en á þurrlendari svæðum í kring.

Kolagröf 045_1 er austast á svæðinu, og eru 6-7 m á milli grafanna. Er gröfin um 0,6 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Ekki sést kragi í kringum hana. Kolagröfin er 31 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:045_02 gryfja kolagröf

A716700 N536340




Kolagröf 045_2 er stór og greinileg og er hún 6,5 m vestan við gröf 045_1. Kolagröfin er fremur ferhyrnd og er 1,5x1,3 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Gröfin er ekki ýkja djúp, aðeins 0,3 m. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,2-0,4 m á hæð. Gröfin er 37 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 78. Kolagröf SM-022:045_02, horft til SSV.

SM-022:046_01 gryfja kolagröf

A716529 N536486



Myndir 79-80. Kolagröf SM-022:046_01, horft til norðurs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Kolagrafir eru á nokkrum stöðum (sjá einnig 047-049) á fremur flatlendu en þýfðu svæði í skóginum norðaustan við Réttarholt (sjá Taglarétt 024). Tvær tvískiptar kolagrafir eru þétt saman suðvestast á þessu svæði. Þær eru 26 m suðvestan við kolagröf 047 og 22 m sunnan við grafir 048. Skógurinn er fremur gisinn á þessu svæði og gras og klóelfting áberandi gróður í skógarbotni. Skógurinn verður þéttari vestan og austan við kolagrafirnar.

Nyrðri kolagröfin 046_1 er tvískipt og er greinilegur krugi í kringum hana sem er 0,2-0,4 m á hæð. Að kraganum meðtöldum eru kolagrafirnar á svæði sem er 7x4 m á stærð og snýr nálega norður-suður. Um 2 m eru á milli grafanna og eru þær mjög áþekkar, um 0,8 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Erfitt reyndist að mæla innanmál í nyrðri gröfinni vegna trjágróðurs. Þessi tvískipta gröf

er 90 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:046_02 gryfja kolagröf

A716533 N536477




Syðri kolagröfin er einnig tvískipt og eru grafirnar á svæði sem er 6x3 m að stærð og snýr norðvestur- suðaustur. Ekki sést skýr kragi nema að suðvestanverðu. Á milli grafanna eru 1,5 m. Suðaustari gröfin er mun stærri en norðvestari gröfin. Hún er 1x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3 m djúp, Norðvestari gröfin er um 1 m í þvermál og 0,3 m djúp. Þessi tvískipta kolagröf er 94 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 81. Kolagröf SM-022:046_02, horft til norðurs.

SM-022:047 gryfja kolagröf

A716560 N536491




Myndir 82-83. Kolagröf SM-022:047, horft til austurs á mynd til vinstri og uppmæling af henni til hægri.

Kolagrafir eru á nokkrum stöðum (sjá einnig 046, 048-049) á fremur flatlendu en þýfðu svæði í skóginum norðaustan við Réttarholt (sjá Taglarétt 024). Ein meint kolagröf er á mörkum lágrar hæðar (til austurs) og þýfðs flatlendis (til vesturs) í Miðhúsaskógi. Skógurinn er fremur gisinn á flatlendinu og gras og klóelfting áberandi gróður í skógarbotni. Skógurinn verður þéttari vestan og austan við kolagrafirnar.

Kolagröfin er um 1,5 m í þvermál og 0,2 m djúp. Kragi umhverfis hana sést vel nema á austurhlið þar sem hann er óskýr. Þar sem hann sést er hann 0,3-0,4 m á hæð. Kolagröfin er 63 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Myndir 84-85. Kolagröf SM-022:048_01, horft til suðvesturs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Kolagrafir eru á nokkrum stöðum (sjá einnig 046-47 og 049) á fremur flatlendu en þýfðu svæði í skóginum norðaustan við Réttarholt (sjá Taglarétt 024). Tvær kolagrafir eru þar miðsvæðis, á milli þeirra eru 13 m. Þessar kolagrafir eru 27 m suðaustan við grafir 049 og 20 m norðvestan við grafir 046. Skógurinn er fremur gisinn á flatlendinu og er skógarbotninn grasi vaxinn og þýfður. Skógurinn verður þéttari vestan og austan við kolagrafirnar.

Austari kolagröfin 048_1 er stór og greinileg. Hún er hátt í 2 m í þvermál innanmáls og 0,5 m djúp. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,2-0,3 m á hæð. Tré vaxa á kruga og eitt í gröfinni sjálfri. Kolagröfin er 65 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Meint kolagröf 048_2 er á lágum hrygg um 13 m vestan við gröf 048_1. Kolagröfin er nokkuð sannfærandi en innri mörk hennar eru ekki skýr til norðvesturs. Gröfin er um 1x1 m að innanmáli og 0,2-0,3 m djúp. Hún er 86 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 86. Kolagröf SM-022:048_02, horft til SSA.



Myndir 87-88. Kolagröf SM-022:049_01, horft til norðausturs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Kolagrafir eru á nokkrum stöðum (sjá einnig 046-48) á fremur flatlendu en þýfðu svæði í skóginum norðaustan við Réttarholt (sjá Taglarétt 024). Nyrst á þessu svæði eru tvær kolagrafir þétt saman og er önnur þeirra tvískipt. eru þær 27 m norðan við kolagrafir 048 og 55 m suðaustan við staka kolagröf 050. Skógurinn er nokkuð þéttur næst gröfunum en gisnari sunnan við þær. Lyng og gras vaxa í skógarbotni

Vestari kolagröfin 049_1 er tvískipt og er á lágum hrygg. Grafirnar eru á svæði sem er 7x4 stórt og snýr austur-vestur. Kragi er greinanlegur umhverfis þær en sést þó ekki að norðanverðu vegna gróðurs. Vestari gröfin er minni um sig, er um 0,6 m í þvermál en sú austari er um 0,8 m í þvermál og báðar eru 0,3 m djúpar. Þessi tvískipta kolagröf er 79 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar




Kolagröf 049_2 er 8 m austan við gröf 049_1. Gröfin er 1 m í þvermál og 0,5 m djúp. Ekki sést skýr kragi í kringum hana. Kolagröfin er 69 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Mynd 89. Kolagröf SM-022:049_02, horft til suðvesturs.

SM-022:050 gryfja kolagröf

A716480 N536586



Myndir 90-91. Kolagröf SM-022:050, horft til norðurs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfinni til hægri.


Stór og greinileg kolagröf er í allþéttum hluta Miðhúsaskógar suðaustan við Taglamýri, 23 m SSV við kolagröf 053 og 55 m norðvestan við kolagrafir 049. Kolagröfin er 87 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Gröfin er á flatlendi í skóginum þar sem er nokkurt stórþýfi. Í skógarbotni vex lyng, gras og elfting. Tré eru farin að vaxa á kraga kringum gröfina. Kolagröfin er nokkuð ferhyrnd, um 1 m á kant að innanmáli og 0,3 m djúp. Kragi er vel greinilegur og er 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:051 tóft óþekkt

A716459 N536966



Myndir 92-93. Tóft SM-022:051, horft til suðausturs á mynd til vinstri og uppmælingar af tóftinni til hægri.

Sigin, einföld tóft er austast í miðri Taglamýri, um 150 m suðaustan við Dalhúsavað 068 á Miðhúsaá og um 540 m suðaustan við bæ 001. Tóftin er 1 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Taglamýri er flatlend og grasi gróin, ekki mjög votlend.


Náttúrulegur birkiskógur er til austurs þar sem land fer hækkandi. Fast norðvestan við tóftina er stórpýfi og trjágróður á því.

Tóftin er 7x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er nokkuð ferköntuð en hefur aflagast, líklega að hluta vegna þess að götur á leið SM-611:007 liggja yfir hana. Ekkert op sést inn í tóftina og eru veggir hennar 0,3-0,5 m á hæð. Best standa veggjahleðslur á suður- og vesturhliðum en eru mjórrí og signari á austur- og norðurhliðum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá staðsetningu og lögun er líklegast að hún sé heystæði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:052 gryfja kolagröf

A716461 N536778



Myndir 94-95. Kolagröf SM-022:052 horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling af kolagröfinni til hægri.


Stök kolagröf er í litlu rjóðri í jaðri skóglendis í Miðhúsaskógi suðaustan við Taglamýri. Hún er 185 m sunnan við tóft 051 og 167 m norðan við kolagröf 053. Gröfin er 36 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Rjóðrið í skóginum er flatlent og slétt og vex lyng og móagróður innan þess.

Kolagröfin er um 1 m í þvermál og 0,3 m á djúp. Kragi umhverfis gröf er greinanlegur og er 0,1-0,2 m á hæð. Ekki er útilokað að önnur kolagröf sé litlu sunnar en hún er mjög óljós og var ekki skráð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:053 gryfja kolagröf

A716488 N536611



Myndir 96-97. Kolagröf SM-022:053 horft til suðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling af kolagröfinni til hægri.


Stök kolagröf er í litlu rjóðri SSA við lága hæð í Miðhúsaskógi suðaustan við Taglamýri. Gröfin er 23 m norðaustan við kolagröf 050 og 168 m sunnan við kolagröf 052. Þá er hún 70 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Rjóðrið í skóginum er lyngi vaxið. Lágar birkihríslur eru farnar að vaxa við og á kraga kolagrafar. Kolagröfin er um 0,7 m í þvermál og 0,3 m djúp. Kragi í kringum hana er greinilegur og er hann 0,3-0,4 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:054_01 gryfja kolagröf

A716791 N536308



Myndir 98-99. Kolagröf SM-022:054_01 horft til vesturs og uppmæling af kolagröfum á minjasvæðinu.

Tvær greinilegar kolagrafir eru sunnan við Selás (sjá Sturlusel 015) í Miðhúsaskógi, 35 m vestan

við Dalhúsaveg, malarslóða inn að Dalhúsum SM-023. Eru grafirnar 20 m norðaustan við kolagrafir 044, á svæði sem er 11x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Skógurinn er allþéttur í kringum kolagrafirnar en þó er hann aðeins gisnari næst en utan við þær. Kolagrafirnar eru á fremur flatlendu svæði og vex gras og lyng í skógarbotni.

Kolagröf 054_1 er norðaustast á svæðinu og er hún allstór. Brotin tré hálfylla hins vegar gröfina þannig að hún sést ekki vel. Kolagröfin er um 1,3 m í þvermál og 0,4 m á dýpt. Það sést kragi í kringum hana að austanverðu en annarrstaðar sést hann ekki vegna trjágróðurs. Gröfin er 9 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:054_02 gryfja kolagröf

A716787 N536300




Kolagröf 054_2 er 8 m suðvestan við kolagröf 054_1. Gröfin er vel greinileg, er rúmur 1 m að innanmáli og 0,4-0,5 m á dýpt. Ekki sést skýr kragi í kring vegna gróðurs. Kolagröfin er 2 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 100. Kolagröf SM-022:054_02, horft til suðurs.

SM-022:055_01 gryfja kolagröf

A716828 N536336



Myndir 101-102. Kolagröf SM-022:055_01, horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmæling af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Þrjár kolagrafir eru í röð í suðaustanverðum Selási, niður við Seldal (sjá Sturlusel 015) þar sem hann mjókkar mikið nærri suðurenda. Grafirnar eru fast norðan við Dalhúsaveg, malarslóða á leið inn að Dalhúsum SM-023 og austan við netagirðingu. Rudd hefur verið leið í gegnum skóginn til þess að hægt væri að koma upp girðingu. Kolagrafirnar eru á svæði sem er 40x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær eru 43 m norðaustan við kolagrafir 054 og 60 m norðvestan við kolagrafir 056.

Mýrlendi er í sundinu suðaustan við skógi vaxinn ásinn. Í skógarbotninum vex lyng og gras. Greinilegasta gröfin 055_1 er suðvestast á svæðinu. Hún er um 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m á dýpt. Búið að setja mikið af dauðum viðarhríslum við suðaustanverða gröfina. Kolagröfin er grafin að litlu leyti inn í aflíðandi halla en krugi sést allt í kringum hana, þó síst á norðvesturjaðri. Hann er hæstur 0,2-0,3 m. Girðingin vestan við gröfina liggur yfir kraga á norðvesturjaðri. Kolagröfin er 54 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:055_02 gryfja kolagröf

A716833 N536357

Kolagröf 055_2 er 20 m NNA við gröf 055_1 og 13 m suðvestan við gröf 055_3. Hún er rúmur 1 m í þvermál og 0,4-0,5 m á dýpt. Mikill trjágróður er í gröfinni og í kringum hana og reyndist ekki unnt að mæla hana upp. Ekki sést krugi í kringum gröfina. Kolagröfin er 74 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:055_03 gryfja kolagröf

A716841 N536369




Kolagröf 055_3 er norðaustast á svæðinu og er 13 m norðaustan við gröf 055_2. Hún er allstór og vel greinileg, 1,2-1,3 m í þvermál og 0,4-0,5 m djúp. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,3 m hár. Mikill gróður í kringum gröfina gerði það að verkum að erfitt var að mæla hana upp. Kolagröfin er 86 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 103. Kolagröf SM-022:055_03, horft til suðvesturs.

SM-022:056_01 gryfja kolagröf A716877 N536304



Myndir 104-105. Kolagröf SM-022:056_01, horft til norðurs á mynd til vinstri og uppmæling af kolagröfum á mínjasvæðinu til hægri.

Tvær allstórar kolagrafir eru á flata í Miðhúsaskógi suðaustan við suðurenda Seldals (sjá Sturlusel 015). Framan við þær til suðvesturs er lítið rjóður en að öðru leyti er nokkuð þéttur skógur í kringum þær. Kolagrafirnar eru á svæði sem er 8x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Eru þær 60 m suðaustan við kolagrafir 055 og 32 m norðvestan við kolagröf 057. Skógarbotninn er vaxinn lyngi og grasi. Trjágróður er kominn alveg að gröfunum og ofan í þá suðaustari.

Kolagröf 056_1 er í norðvesturenda svæðisins. Hún er um 1 m í þvermál og er 0,3 m djúp. Ekki sést kragi í kringum hana. Kolagröfin er 76 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:056_02 gryfja kolagröf

A716881 N536300



Kolagröf 056_2 er 4 m suðaustan við gröf 056_1. Hún er gríðarstór, 1,5-2 m í þvermál og 0,6 m djúp. Óljóst má greina kraga í kringum hana en hann sést illa vegna gróðurs og ekki var hægt að mæla hann upp. Kolagröfin er 76 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 106. Kolagröf SM-022:056_02, horft til suðausturs.

SM-022:057 gryfja kolagröf



Myndir 107-108. Kolagröf SM-022:059_01 horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:058 gryfja kolagröf



Mynd 109. Kolagröf SM-022:058 horft til norðurs.

A716894 N536267

Stök kolagröf er í vesturjaðri flatlands svæðis í Miðhúsaskógi, norðvestan við Prestaskershöfða og suðaustan við Seldal (sjá Sturlusel 015). Kolagröfin er 32 m suðaustan við kolagröf 057 og 68 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Skógurinn er fremur gisinn í næsta nágrenni kolagrafarinnar og þar er gras og lyng í skógarbotni. Þéttari skógur er vestan við gröfina.


Kolagröfin er 1,5 m í þvermál og 0,3-0,4 m djúp. Hægt er að greina lágan kraga umhverfis hana en ekki var hægt að hann mæla upp vegna gróðurs.

A717241 N535798

Stök kolagröf er í austurjaðri lítills deiglens svæðis þar sem ekki vex trjágróður. Er kolagröfin 110 m austan við mógrafasvæði 062 og 90 m NNA við kolagrafir 061. Hún er 51 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Deiglendið er fremur flatlent en hallar örlítið til vesturs. Það er grasi vaxið og er birkiskógur allt í kring.

Kolagröfin er grasi gróin og laus við trjágróður. Hún er rúmur 1 m í þvermál og 0,5 m djúp. Óljós kragi er í kringum hana sem er 0,1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Myndir 110-111. Kolagröf SM-022:059_01 horft til suðurs á mynd til vinstri og uppmæling af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Tvær óljósar kolagrafir eru í þéttum birkiskógi neðan Dalhúsavegar, fast norðvestan við raflínustæðu. Eru kolagrafirnar á svæði sem er 7,5x2 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Þær eru 85 m suðaustan við kolagrafir 060 og 35 m norðvestan við lækjargil. Á þessu svæði er þétt kjarr en ekki mikið um há tré. Skógarbotninn er vel gróinn.

Kolagröf 059_1 er suðaustast á svæðinu. Hún er allstór, um 1,5 m í þvermál og 0,3 m djúp. Enginn krugi er sýnilegur en mikill gróður er í kringum gröfina og tré farin að vaxa ofan í henni. Kolagröfin er 42 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Kolagröf 059_2 er 5 m norðvestan við kolagröf 059_1. Hún er mjög áþekkt hinni gröfinni en nokkru minni um sig. Er hún tæpur 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m djúp. Kolagröfin er 44 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 112. Kolagröf SM-022:059_02 horft til suðausturs.



Myndir 113-114. Kolagröf SM-022:060_01 horft til suðurs á mynd til vinstri og uppmæling af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Tvær kolagrafir eru í Miðhúsaskógi niður og suðvestur af Þverklettum, við Eyvindará. eru þær á svæði sem er 10x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kolagrafirnar eru 20 m sunnan við kolagrafir 061 og 80 m norðvestan við kolagrafir 059. Á þessu svæði er þétt kjarr og fúaviður en ekki mikið um há tré. Lyng vex í skógarbotni.

Kolagröf 060_1 er suðaustast á svæðinu. Er hún tæpur 1 m í þvermál og 0,3 m djúp. Enginn kragi sést í kringum hana. Kolagröfin er 47 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Kolagröf 060_2 er 7 m norðvestan við kolagröf 060_1. Hún er mjög áþekkt henni, um 1 m í þvermál og 0,3 m djúp. Ekki sést heldur kragi í kringum hana. Kolagröfin er 47 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 115. Kolagröf SM-022:060_02 horft til austurs.




Myndir 116-117. Kolagröf SM-022:061_01 horft til norðvesturs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Tvær kolagrafir sjást á litlum flata á hæð eða hallanda í Miðhúsaskógi niður og suðvestur af Þverklettum, við Eyvindará. Eru þær á svæði sem er 11,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Kolagrafirnar eru 20 m norðan við kolagrafir 060 og 85 m suðvestan við staka kolagröf 058. Skógurinn er þéttur en nokkuð feyskinn. Í skógarbotni vex aðallega lyng.

Kolagröf 061_1 er norðvestast á svæðinu en hún er orðin illgreinileg vegna gróðurs. Gröfin er um 1,2 m í þvermál og 0,2-0,3 m djúp. Það sést krugi í kringum hana en ekki var hægt að mæla hana fyrir gróðri. Kolagröfin er 32 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Kolagröf 061_2 er 7,5 m suðaustan við kolagröf 061_1. Hún er mjög svipuð henni en lítillega stærri, allt að 1,5 m í þvermál og 0,3 m djúp. Krugi sést framan og suðvestan við hana og er hann 0,2-0,3 m á hæð. Annarsstaðar sést hann ekki vegna gróðurs. Kolagröfin er 28 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 118. Kolagröf SM-022:061_02 horft til NNA.



Myndir 119-120. Mógrafir SM-022:062_01 horft til suðurs á mynd til vinstri og uppmælingar af minjum á svæðinu til hægri.

Ummerki um mótækju eru í þýfðum valllendismóa fast neðan og suðvestan Dalhúsavegar, nærri Eyvindará. Minjasvæðið er 105x42 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Alldjúpur lækjarfarvegur liggur í gegnum það og skilur á milli tveggja mógrafasvæða. Auk þeirra er ein mótóft innan svæðis. eru minjarnar um 100 m vestan við staka kolagröf 058 og 155 m suðaustan við kolagrafir 063.

Mikill grasvöxtur og þýfi er á svæðinu sem er í mjög aflíðandi halla til suðvesturs, í átt að ánni. Skóglendi er suðaustan og norðvestan við minjarnar en mýrlendi ofan og norðaustan við. Mógrafir 062_1 eru suðaustast á svæðinu. Þær ná yfir svæði sem er um 40x30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Lækjarfarvegur afmarkar það að norðvestanverðu og allskýr brún afmarkar það að norðaustanverðu. Ekki sjást mörk svæðisins til annarra átta. Mógrafirnar eru mjög samansignar, grónar og þýfðar. Víðast eru þær 0,5 m djúpar en á stöku stað má sjá dýpri grafir, allt að 0,8 m. Mógrafirnar eru 8 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: Stórhætta, vegna vegagerðar

SM-022:062_02 náma mógrafir



Mynd 121. Mógrafir SM-022:062_02 horft til suðvesturs.

SM-022:062_03 tóft



Mynd 122. Mótóft SM-022:062_03 horft til austurs.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

A717092 N535824


Mógrafir 062_2 eru fast norðvestan við mógrafir 062_1. Þær eru á svæði sem er 56x42 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þessar grafir eru ekki skýrt afmarkaðar og eru signar og þýfðar. Einnig vex mikill grasgróður innan þeirra. Grafirnar eru greinilegastar á miðju svæðinu þar sem grafið hefur verið meðfram afgerandi lægð og eru þar allt að 1 m á dýpt. Mógrafirnar eru 4 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

A717099 N535830

Mótóft 062_3 er norðvestan við lækjarfarveg sem skiptir minjasvæðinu í tvo hluta. Hún er því nær mógrafasvæði 062_2 og er fast austan við það, á þurru og fremur flatlendu svæði. Stór trjárinni er við austurhlið tóftar en að öðru leyti er aðallega grasgróður í kringum hana og á henni.

Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er 5x3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki er að sjá að það sé op á tóftinni en hún er farin að hlaupa í þúfur. Veggir tóftarinnar eru 0,4 m á hæð og 0,5 m á breidd. Tóftin er 16 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.



Myndir 123-124. Kolagröf SM-022:063_01, horft til norðausturs á mynd til vinstri og uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu til hægri.

Þrjár kolagrafir eru þétt saman suðaustan í nokkuð afgerandi hæð, neðan og suðvestan við Prestaskershöfða. Þessar grafir eru 30 m suðaustan við kolagrafasvæði 043 og 160 m norðvestan við mógrafasvæði 062. Kolagrafirnar eru á svæði sem er 8x4 m að stærð og snýr norður-suður. Skógurinn er allþéttur á þessu svæði og vaxa tré allt í kringum kolagrafirnar og að einhverju leyti ofan í þeim. Skógarbotninn er lyngi vaxinn.

Hefst lýsingin á nyrstu gröfinni 063_1. Hún er 1,5 m í þvermál og 0,3 m djúp. Ekki sést kragi í kringum hana. Kolagröfin er 34 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Kolagröf 063_2 er 4,5 m SSV við gröf 063_1 og 2 m norðvestan við gröf 063_3. Hún er um 1 m í þvermál og 0,4 m djúp. Kragi í kringum gröfina sést ekki skýrt vegna gróðurs. Kolagröfin er 39 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 125. Kolagrafir SM-022:063_02 og 063_03 horft til austurs.

SM-022:063_03 gryfja kolagröf

A716949 N535974

Kolagröf 063_3 er 6 m sunnan við gröf 063_1 og 2 m suðaustan við gröf 063_2. Hún er mjög áþekkt gröf 063_2; um 1 m í þvermál og 0,3 m djúp. Ekki sést skýr kragi í kringum gröfina vegna gróðurs. Kolagröfin er 38 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar**SM-022:064** vegur samgöngubót

A716500 N537136



Mynd 126. Vegur SM-022:064, horft til norðvesturs.

Nyrst í Taglamýri er upphlaðinn vegur sem liggur af Dalhúsavegi (ruddum malarslóða) að gamalli malarnámu. Ekki er annað að sjá en að vegurinn hafi verið lagður að námunni og er hann því tæplega nógu gamall til að teljast til fornminja en aldur hans er ekki þekktur. Rétt þótti að taka hann með á fornleifaskrá þar sem hann er hlaðinn að fyrirmynd eldri vegabóta sbr. brú 042. Er vegurinn um 500 m suðaustan við bæ 001 og 180 m NNA við tóft 051.

Vegurinn liggur yfir deiglenda, flata mýri sem er nokkuð grösug. Í henni vaxa trjárunnar hér og hvar, m.a. við norðvesturenda vegarins. Vegurinn er 50 m langur og 5,5 m

breiður, liggur norðvestur-suðaustur. Hann er hlaðinn úr torfi og er 0,2-0,3 m á hæð. Djúp hjólför sjást á honum. Norðvesturendi vegarins er 19 m austan miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar**SM-022:065** gryfja kolagröf

A716856 N536091



Mynd 127. Kolagröf SM-022:065, horft til suðvesturs.

Stök, stór kolagröf er í vesturjaðri ílangrar lautar eða sunds í Miðhúsaskógi, neðan og suðvestan við Prestaskershöfða. Er hún mitt á milli kolagrafa 043 og 066 og 55 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Lautin er grunn og slétt. Í henni vex að mestu gras en lítið af trjám.

Kolagröfin er mjög stór, um 1,5 m í þvermál og 0,3-0,4 m djúp. Allgreinilegur kragi er í kringum hana sem er 0,2-0,3 m á hæð. Tré vaxa á kraganum en ekki ofan í gröfinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-022:066_01 gryfja kolagröf

A716880 N536146


Í Miðhúsaskógi, neðan og suðvestan við Prestaskershöfða, eru sex kolagrafir nokkuð þétt saman á svæði sem er 70x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Eru þessar kolagrafir 55 m sunnan við kolagrafir 067 og 50 m norðan við staka kolagröf 065. Kolagrafirnar eru í grasi grónum, ílögum lautum í skóginum og er lítil trjágróður í þeim en skógur allt í kring.



Mynd 128. Kolagröf SM-022:066_01, horft til suðurs.

Lýsingin hefst á kolagröf 066_1 sem er austast á svæðinu. Hún er 1,2 m í þvermál og 0,3 m djúp. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,2 m á hæð. Eitt stakt tré vex upp úr gröfinni. Kolagröfin er 8 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 129. Uppmælinga af kolagröfum á minjasvæðinu.

SM-022:066_02 gryfja kolagröf

A716856 N536161



Kolagröf 066_2 er 25 m norðvestan við kolagröf 066_1 og 6,5 m austan við kolagröf 066_3. Hún er allstór en fremur grunn, er 1,5 m í þvermál og 0,2-0,3 m á djúp. Óljóst má greina kraga í kringum hana. Kolagröfin er 20 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 130. Kolagröf SM-022:066_02, horft til suðurs.

SM-022:066_03 gryfja kolagröf

A716848 N536161



Kolagröf 066_3 er 6,5 m vestan við kolagröf 066_2 og 18 m austan við kolagröf 066_4. Hún er fremur ógreinileg vegna trjágróðurs, þýfis og grasgróðurs. Gröfin er rúmur 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m á dýpt. Enginn kragi er sýnilegur í kringum hana. Kolagröfin er 28 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 131. Kolagröf SM-022:066_03, horft til austurs.

SM-022:066_04 gryfja kolagröf

A716829 N536154



Kolagröf 066_4 er 18 m vestan við kolagröf 066_3 og fast norðan við kolagröf 066_5. Gröfin er 0,6-0,7 m í þvermál og 0,2 m djúp. Kragi er greinilegur í kringum hana og er 0,1-0,2 m á hæð. Kolagröfin er 47 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 132. Kolagröf SM-022:066_04, horft til norðvesturs.

SM-022:066_05 gryfja kolagröf

A716828 N536150



Kolagröf 066_5 er fast sunnan við kolagröf 066_4 og 15 m suðaustan við kolagröf 066_6. Gröfin er dýpri og geinilegri en kolagröf 066_4 en trjágróður skyggir á hana. Hún er um 1 m í þvermál og 0,3 m djúp. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,1-0,3 m á hæð. Kolagröfin er 50 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 133. Kolagröf SM-022:066_05, horft til norðvesturs.

SM-022:066_06 gryfja kolagröf

A716812 N536158



Að lokum er kolagröf 066_6 í vesturenda svæðisins. Er hún 15 m norðvestan við kolagröf 066_5. Gröfin er lítil og ógreinileg, í vesturjaðri grasi gróinnar, mjórrar lautar. Hún er tæpur 1 m í þvermál og 0,2 m á dýpt. Ekki sést krugi í kringum hana og er hún grafin inn í lágan bakka að suðvestanverðu. Kolagröfin er 59 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 134. Kolagröf SM-022:066_06, horft til suðvesturs.

SM-022:067_01 gryfja kolagröf

A716836 N536238




Í Miðhúsaskógi, neðan og suðvestan við Prestaskershöfða, eru fjórar kolagrafir nokkuð þétt saman á svæði sem er 30x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Eru þessar kolagrafir 55 m norðan við kolagrafir 066 og 66 m norðan við kolagrafir 044. Liggur miðlína Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng í gegnum svæðið. Grafirnar eru á fremur flatlendu og þýfðu svæði með gisnum trjágróðri. Frá kolagröfunum fer lækkar landið til norðvesturs niður í Seldalsskoru. Þar er deiglent og grasi vaxið en ekki mikið um trjágróður.

Lýsingin hefst á kolagröf 067_1 sem er nyrst á svæðinu. Hún er allstór, 1,2 m í

Mynd 135. Kolagröf SM-022:067_01, horft til austurs.

þvermál og 0,3-0,4 m djúp. Afgerandi krugi er í kringum hana sem er 0,2-0,3 m á hæð. Gröfin er vaxin lyngi og birkitrjám. Hún er 2 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Mynd 136. Uppmælingar af kolagröfum á minjasvæðinu.

SM-022:067_02 gryfja kolagröf

A716843 N536231



Kolagröf 067_2 er 6 m suðaustan við kolagröf 067_1 og 15 m norðaustan við kolagröf 067_3. Gröfin er vel greinileg, um 1,2 m í þvermál og 0,3-0,5 m djúp. Skýr krugi er í kringum gröfina sem er 0,2 m á hæð, lægstur að sunnanverðu. Gröfin er vaxin lyngi og grasi. Hún er 4 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 137. Kolagröf SM-022:067_02, horft til NNV.

SM-022:067_03 gryfja kolagröf

A716830 N536217



Kolagröf 067_3 er 15 m suðvestan við kolagröf 067_2 og 5 m austan við kolagröf 067_4. Gröfin er gríðarstór, hátt í 2 m í þvermál og 0,6 m á dýpt. Talsverður trjávöxtur er á brúnum grafar og búið er að setja lurka ofan í gröfina. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,2-0,3 m á hæð. Kolagröfin er 9 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 138. Kolagröf SM-022:067_03, horft til NNV.

SM-022:067_04 gryfja kolagröf

A716820 N536218



Að lokum er kolagröf 067_4 sem er suðvestast á svæðinu, 5 m vestan við kolagröf 067_3 og 22 m suðvestan við kolagröf 067_1. Gröfin er vel greinileg, hún er um 0,8 m í þvermál og 0,4 m djúp. Greinilegur krugi er í kringum hana sem er 0,2-0,4 m á hæð. Kolagröfin er 19 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 139. Kolagröf SM-022:067_04, horft til austurs.


SM-023 Dalhús

6 hndr 1847. Talið er að að Dalhús hafi upphaflega byggst út úr Eyvindarárlandi en býlið er talin sjálfstæð jörð í jarðatali 1847. Innsti malarhóllinn heitir Kálfshóll og er þekktur úr Droplaugasonasögu. Á Kálfshól var afbýli frá Dalhúsum 1851-1863. Nú tilheyrir jörðin Egilsstöðum og var nytjað af samvinnubúinu Búbót í Egilsstaðakauptúni um 1950. SJM II, 206; Ö-Dalhús; HS: Eyðibýlaskrá, 5.

Ekki er um neitt eiginlegt undirlendi að ræða í þessum hluta Eyvindardals því öllu landinu hallar nokkuð niður að ánni. Þar er mishæðótt, víða hjallar og malarhólar, einkum innan til. Tún þótti gott á Dalhúsum, engjar voru góðar á harðvellisbökkum við Eyvindará, en litlar og mjög reytingssamar. Sauðaland var þar ágætt. Í fasteignamati 1918 voru tún 4,8 ha, taða 100 hb, taða 100 hb, úthey 50 hb. Túnsléttur voru 3192 m², sáðreitir 300 m². Tún voru dálítið þaksléttuð á 3. og 4. tug síðustu aldar. Tún sléttað með jarðýtu 1950. Gott upprekstrarland en oft mikill ágangur af aðkomufé. Nokkur skógur, og var þar gott rjúpnaland. Slæm torfrista en góð svarðartekja. SJM II, 206; Ö-Dalhús; HS: Eyðibýlaskrá, 5.

SM-023:004 tóft útihús

A717895 N534534



Myndir 138-139. Tóft SM-023:004, horft til austurs á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.

Útihústóft í túni Dalhúsa var upphaflega skráð af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Tóftin er tæpum 120 m sunnan við bæ 001 og 50 m suðaustan við tóft 007. Jafnframt er hún tæpum 80 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar og Miðleiðar þar sem þær sameinast suðvestan við fyrirhugaðan munna Fjarðaheiðarganga. Tóftin er á smáhól við lækinn og er svæðið grasi vaxið. Nokkur birkiþróður er í kringum tóftina og vex hluti hans í austurvegg hennar.

Tóftin er stór og mikil og ólíkt öðrum tóftum á svæðinu sést hún greinilega. Hún er 8,5x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er tvískipt. Hólf I er í norðurhluta tóftarinnar og er 3x2 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Op er inn í hólflið í vesturenda þess. Hólf II er í suðurenda tóftar og er 3x1,5 m að innanmáli. Það snýr austur-vestur og hugsanlega er op á því á suðurhlið en það er þó mjög óljóst. Hólf I er mun dýpra en hólf II, 1 m á móti 0,3 m. Það er þó greinilega ekki niðurgrafið og gæti það því hugsast að mesta þakhrunið hafi fallið niður í hólf II. Tóftin er vel gróin og ekki sést í neinar grjóthleðslur. Að utan eru veggir 0,5-1 m á hæð og þykkt þeirra er 1,5-


2 m. Birki vex í austurvegg tóftarinnar og er hún því í stórhættu vegna trjáræktar, ásamt því að vera í tímabundinni hættu vegna þeirra vegafuramkvæmda sem eru áætlaðar á svæðinu. Tóftin er rétt utan við heimatún Dalhúsa og eru því miklar líkur á því að tóftin sé útihús frá Dalhúsum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: GZ 1997, 27

SM-023:007 tóft fjárhús

A717895 N534534



Myndir 140 og 141. Tóft SM-023:007, horft til VNV á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.

Útihústóft í túni Dalhúsa var upphaflega skráð af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir: "Um 50 m neðan bæjarstæðisins á Dalhúsum er mjög stórþýft svæði. Mjög erfitt er að sjá nákvæmt veggjalag á þúst þessari en þó má greina útlínur fjárhúss með hlöðu áfastri aftan við. Fjárhúsið er um 8x3 m að innanmáli og má greina garða eftir því miðju. Hlaðan aftan við er um 3x7 m að innanmáli. Veggir eru mjög óljósir og horfnir í þýfir og hvergi sést grjót í hleðslu." Á svæðinu þar sem fjárhústóftin var, fannst aðeins einföld, sigin tóft og kemur útlit hennar ekki alveg heim og saman við lýsingu á tóftinni sem gerð var í fyrri skráningu. Sú tóft er 80 m sunnan við bæ 001 og 30 m norðan við Bæjarlækinn. Leið 017 liggur ofan og norðaustan við tóftina sem er 70 m norðaustan við miðlínu Norðurleiðar og Miðleiðar þar sem þær sameinast suðvestan við fyrirhugaðan munna Fjarðarheiðarganga 2020. Gamla heimatúnið er fremur stórþýft og þar er mikið og hátt gras. Því hallar niður til suðvesturs í átt að Eyvindará

Ef um sömu tóft er að ræða og skráð var árin 1996-1997 er hún orðin mun óljósari og sokknari á þeim rúmu 25 árum sem eru liðin frá fyrri skráningu hennar. Tóftin er 8x5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er í aflíðandi halla til VSV og inngangur er á VSV hlið. Veggir eru útflattir og hlaupnir í þúfur, 1,5-2 m breiðir og 0,4-0,3 m á hæð. Tóftin er einföld og ef hlaða var aftan við hana er hún nánast alveg horfin. Innanmál tóftarinnar er 6x2 m en vísir að smáhólfi er þó í ANA enda hennar sem er 2x1 m að innanmáli. Það er ekki dýpra en gæti þó verið leyfar af hlöðunni sem um er rætt

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: GZ 1997, 28

SM-023:012 *Myllulækur* örnefni mylla

A717738 N533995

"Stærsti lækur innan við bæ heitir Grundarlækur eða Myllulækur," segir í örnefnaskrá. Aðalskráning var unnin í Dalhúsum af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Þá var meint mylla 003 skráð í Myllulæk fáum tugum metra sunnan við bæ 001. Er sá lækur að öllum líkindum sami lækur og í örnefnaskrá er nefndur Bæjarlækur. Þegar áhrifasvæði vegna framkvæmda í tengslum við Fjarðarheiðargögn var tekið út haustið 2020 var rætt við Friðrik Ingvarsson frá Steinholti (nýbýli byggt út úr Miðhúsum). Hann taldi Myllulækinn vera sunnar en Myllulækur/Bæjarlækur og kemur það vel heim og saman við örnefnalýsingu sem vísað er til hér að framan. Er hann að öllum líkindum lækur sem er 600 m sunnan við Dalhúsabæ 001 og rennur niður af Gagnheiði til vesturs ofan í Eyvindará um 120 m sunnan við Kúavað 015. Nokkuð þétt birkikjarr er á bökkum lækjarins frá Eyvindará og upp í hlíðarnar upp frá henni.

Gengið var upp með læknum innan úttektarsvæðisins en engin ummerki um myllu fundust þar. Ýmsar skýringar geta verið á því; mögulega er Myllulækur á öðrum stað; minjar um myllu eru ef til vill horfnar vegna vatnsrofs eða í gróður; mögulega eru minjar um myllu við lækinn en utan þess svæðis sem kannað var 2020.

Hættumat: engin hætta**Heimildir:** Ö-Dalhús, 3; GZ 1997, 27**SM-023:013** *Svarðarmýri* örnefni mógrafir

A717563 N535054

Í örnefnaskrá Dalhúsa segir: " Utan við túnið á Dalhúsum er melhóll, sem heitir Kollumell. Niður af honum er Svarðarmýri." Svarðarmýri er rúma 520 m norðvestan við bæ 001, við nyrsta skurðinn í túnnum Dalhúsa. Þar er svæði sem hefur verið votlent áður en það var ræst fram. Svæðið er tæpum 60 m austan við miðlínu Norðurleiðar og Miðleiðar þar sem þær sameinast suðvestan við fyrirhugaðan munna Fjarðaheiðarganga.

Svarðarmýri er í þýfðu framræstu mýrlendi í gömlu túni sem komið er í órækt. Birkiskógur er austan og norðan við það. Ekki sjást nein ummerki um mógrafir á svæðinu og hefur líklega verið fyllt upp í þær við túnræktun


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar**Heimildir:** Ö-Dalhús, 2**SM-023:014_01** kantur óþekkt

A717679 N533583



Um 1,1 km sunnan við bæ 001 og 100 m austan við Eyvindaá er grösug laut umkringd sandhólum sem nefndir eru Hólar. Í lautinni sjást ummerki um minjar, tvær þústir og kant á svæði sem er 29 x 16 m að stærð og snýr nokkurn veginn norður-suður. Minjarnar eru tæpum 60 m austan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Stekkur 009 er sunnan við hólana en utan úttektarsvæðisins. Lautin er grösug vin á milli malarhóla, kjarr og birkitré eru í hlíðum hólanna. Nokkuð þýfi er í lautinni.

Mynd 142. Kantur SM-023:014_01, horft til SSV
(þústir 014_02 og 014_03 bak við).



Mynd 143. Uppmæling af minjasvæði SM-023:014

Lýsingin hefst á kanti 014_01 sem er nyrst á minjasvæðinu, rúmum 55 m austan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Hann liggur hann í sveig frá suðaustri til vestur. Hann er 16 m langur og 0,5-0,8 m hár. Ekki er hægt að sjá innri brún minjanna og því ekki hægt að meta breidd hleðslu í kantinum nema sunnan til. Kanturinn er mjög gróinn og því erfitt að segja til um hvort er að ræða torfhleðslu eða náttúrulegan kant. Ef um minjar er að ræða eru þetta líklega einhverskonar skepnuhús frá Dalhúsum, ef til vill beitarhús, stekkur eða jafnvel seltóftir.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-023:014_02 þúst óþekkt

A717675 N533576



Mynd 144. Þúst SM-023:014_02, horft til vesturs.

Þúst 02 er á miðju minjasvæðinu, mitt á milli kants 01 og þústar 03. Hún er 6 m í þvermál og aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Þústin er fremur þýfð og ógreinileg.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Mynd 145. Þúst SM-023:014_03, horft til vesturs.

Þúst 03 er syðst á minjasvæðinu. Hún er 11x6 m að stærð og snýr nokkurn vegin norður-suður. Hún er ívið hærri en hin þústin, 0,2-0,3 m, en einnig þýfðari.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Mynd 146. Kúavað SM-023:015, horft til norðvesturs.

Í örnefnaskrá Dalhúsa segir: "Utan (S) Hóla heita Kúeyrar, þar er Kúavað á nefndri á." Kúavað er staðsett á Eyvindará, tæpum 630 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 80 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Leið SM-024:050 er vestan við ána móts við vaðið og hefur líklega legið niður að ánni og að byggð austan við ána. Líklegt er að sú leið hafi legið á leið 611:001 sem var kaupstaðarleið á Eskifjörð.

Austurbakki árinna eru nokkuð hár og stórt rofabarð í honum sem hefur fallið niður og má því segja að bakkarnir séu á tveimur stöllum. Nokkru sunnar við

rofabarðið eru bakkar þó lægri og möl í ánni. Vesturbakki árinna virðist fremur lágur og auðvelt að komast þar út í ána. Engin ummerki sjást um vaðið og mun betra vað er nú á ánni þar sem bíslóði liggur yfir, 100 m sunnar. Vaðið er mögulega horfið vegna breytingar sem hafa átt sér stað á ánni en hún hefur hrifið með sér stóran hluta af árbökkunum bæði austan og vestan megin.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Dalhús, 3

SM-023:016 Hundavað heimild um vað

A717585 N534411



Mynd 147. Hundavað SM-023:016, horft til

henni né þekkt leið sem tengist því. Líklega hefur þó verið hér leið sem einnig hefur tengst 611:001, kaupstaðarleiðinni sem liggur niður á Eskifjörð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Ö-Dalhús, 2-3

Í örnefnaskrá Dalhúsa segir: "Innan við fossinn [sem er framan og neðan við túnið] er vað yfir ána sem kallað var Hundavað." Hundavað er á Eyvindastaðaá, rúmum 400 m suðvestan við bæ 001 og 112 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020 og þar af leiðandi 12 m utan við úttektaarsvæðið. En þar sem allar minjar hafa 15 m friðhelgað svæði í kringum sig lendir vaðið innan áhættusvæðis.

Austurbakki árinna er fremur lágur á þessu svæði og grjóteyri í ánni en vesturbakkinn er hærri og erfiðara að sjá hvar hefur verið farið yfir. Ekki sjást nein ummerki um vaðið við ána á svæðinu og engar götur sjást sem liggja niður að

SM-023:017 gryfja kolagröf

A717478 N535176



Myndir 148-149. Kolagröf SM-023:017, horft til SSA á mynd til vinstri og uppmæling af gröfnni til hægri.

Norðarlega í landi Dalhúsa er meint kolagröf litlu vestan við Dalhúsaveg, í suðvesturjaðri nánast skóglauss svæðis sem virðist deiglent og er grasi vaxið. Kolagröfin er 33 m norðaustan við kolagröf 020 og 14 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng. Ekki er útilokað að hér sé um tóft að ræða.

Fast vestan við kolagröfina er flatlent, þýft og grösugt svæði með dökkgrænum grasgróðri. Lítur helst út fyrir að þarna hafi verið lítill túnblettur sem kominn er í órækt en ekki er útilokað að mór hafi verið stunginn upp á svæðinu. Birkikjarr er fast austan við kolagröfina. Kolagröfin er 1,5 m í þvermál og 0,2-0,3 m djúp. Afgerandi kragi er í kringum gröfina sem er 0,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Myndir 150-151. Tóft SM-023:018, horft til norðausturs á mynd til vinstri og uppmæling af tóftinni til hægri.

Óljós tóft er í heimatúni Dalhúsa rúmum 190 m vestan við bæ 001 og tæpum 220 m norðvestan við útihús 004. Tóftin er 20 m suðvestan við miðlínu Norðurleiðrar og Miðleiðar þar sem þær sameinast suðvestan við fyrirhugaðan munna Fjarðarheiðarganga.

Gamla heimatúnið er stórþýft og grasið úr sér vaxið enda hefur túnið ekki verið nýtt í langan tíma. Tóftin er mjög sigin og veggir hlaupnir í þúfur en tóftin virðist vera 14,5 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er einföld og 11 x 3 m að innanmáli og hugsanlega er op í suðvesturhorni. Enginn veggur sést á norðurgafli og er sá veggur horfinn en einnig er mögulegt að þar hafi verið tilmurþil. Ef svo hefur verið hafa líklega verið dyr á norðurhlið og opið í suðvesturhorni aðeins rof í torfhleðslunni, enda tóftin mjög óljós. Veggir eru aðeins 0,1-0,2 m á hæð og mjög úflattir. Tóftin er gróin og ekki sést í neinar grjóthleðslur. Líklega er hún að mestu torfhlaðin. Tóftin er í heimatúni Dalhúsa og því miklar líkur á því að þetta sé útihús frá Dalhúsum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-023:019 dæld útihús

A717766 N534599



Mynd 152. Sléttur flötur SM-023:019, horft til norðausturs.

Slétt svæði, alveg laust við þýfi, er í túni Dalhúsa, rúmum 120 m VSV við bæ 001 og tæpum 70 m suðaustan við tóft 018. Flöturinn sker sig verulega úr umhverfinu í kring og gæti því mögulega verið innanmál tóftar. Ef um tóft er að ræða eru allar líkur á því að þetta sé útihús frá Dalhúsum enda staðsett í heimatúninu. Slétti flöturinn 8 m suðvestan við miðlínu úttektarsvæðis Norðurleiðar og Miðleiðar þar sem þær sameinast suðvestan við fyrirhugaðan munna Fjarðaheiðarganga 2020.


Gamla heimatúnið er stórþýft og grasið úr sér vaxið enda hefur túnið ekki verið nýtt í langan tíma. Flöturinn er 4,5 x 3 m að stærð og snýr

nokkrun veginn norður-suður. Hann er um 0,1 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-023:020 gryfja kolagröf

A717450 N535151




Myndir 153-154. Kolagröf SM-023:020, horft til norðausturs á mynd til vinstri og uppmæling af gröfinni til hægri.

Norðarlega í landi Dalhúsa er stök kolagröf við norðurbakka lækjar, niður við Eyvindará. Er hún í suðvesturjaðri nánast skóglauss svæðis sem virðist deiglent og er grasi vaxið. Hallar nokkuð frá gröfinni til suðvesturs. Kolagröfin er 33 m suðvestan við meinta kolagröf 022 og 46 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng.

Kolagröfin er grasi og lyngi gróin, sem og næsta nágrenni hennar. Birkitré vex á norðausturbrún grafarinnar og skógarkjarr er sunnan og vestan við hana, niður að Eyvindará. Gröfin er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m djúp. Þýft er í kringum hana en kragi sést þar óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Myndir 155-156. Dæld SM-023:021, horft til austurs á mynd til vinstri og uppmæling af dældinni til hægri.

Í óræktartúni norðarlega í landi Dalhúsa má sjá dæld sem kann að vera innanmál tóftar. Meint mannvirki er 480 m norðvestan við bæ 001 og 45 m austan við bakka Eyvindarár. Það er 60 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Túnið er sléttlent og vaxið miklu og háu grasi. Það er í aflíðandi halla til vesturs að Eyvindará. Inni í dældinni vex birkitré. Dældin er í aflíðandi halla og snýr austur-vestur. Hún er 7,5 x 2,5 m að innanmáli og er 0,2-0,8 m djúp, dýpst í austurenda. Ekkert er vitað um hlutverk þess mannvirkis sem hér hefur verið en hugsanlega er þetta innanmál í einhverskonar skepnuhúsi í úthaga.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-024 Egilsstaðir

20 hndr 1847, Berg hjáleiga. Egilsstaðir voru fyrr á öldum með betri býlum en urðu þó ekki sérstakt stórbýli fyrr en á 20. öld. Á Egilsstöðum var þingstaður hins forna Vallnahrepps allt fram yfir 1700. Þaðan var hjáleigan Berg, sem ónefnd er í fasteignamati 1918, en er tilgreind með nafni í jarðatali 1847. Berg var í byggð fram yfir miðja 19. öld. Egilsstaðaland nær yfir ysta hluta svæðisins milli Lagarfljóts og Eyvindarár. 1920 skiptust Egilsstaðir í tvö býli. Árið 1955 var þar stofnað félagsbú með þrífýli á Egilsstöðum. Árið 1952 var stofnað nýbýli sem gekk undir nafninu Búbót en var síðar lögformlega skýrt Útgarður. Það var í landi Egilsstaðarþorps sem tekið hafði verið eignarnámi. Búbót var samvinnufélag um mjólkurframleiðslu og lagðist af 1966. SJM II, 198-205, Ö-Egilsstaðir.

Þaksléttað var á árunum frá 1904-1936. 1929 var farið að brjóta land með hestaverkfærum. Síðar var land unnið með hjóladráttarvél, túnslétta var 3,8 ha. og voru plægðar, unnar og sánar allstórar spildur til ræktunar. Fyrst unnið með jarðýtu 1961. SJM II, 198-205, Ö-Egilsstaðir.

SM-024:026 Stekkás heimild um stekk

A714570 N537745


Í ornefnaskrá Egilsstaða segir: "Suður af Melshorni er Stekkás, suður af honum er Gálg(a)ás." Stekkás var upphaflega skráður af Safnastofnun Austurlands fyrir Egilsstaðabæ 1996-1997. Í skýrslu segir: "Á Stekkási sem er stuttur ás næst utan Gálgaáss. Þarna var aflöng stekkjartótt með dyr til vesturs, utan undir Stekkási vestarlega. Tóftin fór undir fyrstu Búbótarsléttunum um 1952." Stekkurinn hefur líklega staðið í túninu, vestan við veginn sem liggur meðfram vesturhluta byggðarinnar, 910 m norðaustan við bæ 001 og 10 m austan við miðlínu úttektarsvæðis Fjarðarheiðarganga 2020. Svæðið hefur nú verið sléttað undir tún. Ekki sjást nein ummerki um stekkin og var hann sléttaður þegar túnið var ræktað. Þó gætu einhverjar leifar stekksins leynst undir yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: GZ 1997, 35

SM-024:045 gryfja kolagröf

A714871 N535942



Myndir 157-158. Kolagröf SM-024:045, horft til vesturs á mynd til vinstri og uppmæling af gröfinni til hægri.


Inni í birkiskóginum sunnan við Egilsstaðakaupstað og 1,4 km suðaustan við bæ 001 er ein stök kolagröf. Hún er tæpum 120 m ASA við Löngutjörn og tæpum 60 m norðvestan við miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Kolagröfin er í eyðilegum gömlum birkiskógi, ekki svo þéttum en mikið af dauðum uppistandandi trjám og öðrum föllnum að grotna niður. Í skógarbotni er gras, mosi og lyng. Kolagröfin er fremur stór og í kringum hana er greinilegur uppmokstur sem myndar kraga. Gröfin sjálf er 1,5 m í þvermál og 1 m á dýpt en kraginn í kring er einn m á breidd og 0,3 m á hæð. Hann nær nánast allan hringinn um kolagröfina, fyrir utan smá part í norðausturhorni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-024:047_01 gryfja kolagröf

A715017 N536153



Myndir 159-160. Kolagrafir SM-024:047_01 og 047_02, horft til austurs á mynd til vinstri, ásamt uppmælingum af gröfunum til hægri.

Minjasvæðið samanstendur af tveimur kolagröfum á 4x1 m svæði sem er inni í birkiskóginum sunnan við Egilsstaðakaupstað og tæpum 1,4 km suðaustan við bæ 001. Þær eru tæpum 240 m norðaustan við Löngutjörn og tæpum 260 m norðaustan við kolagröf 045. Jafnframt eru þær tæpum 100 m norðvestan við miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Þar er eyðilegur gamall birkiskógur, ekki svo þéttur en mikið af dauðum uppistandandi trjám og öðrum föllnum að grotna niður. Í skógarbotni er aðallega gras. Lýsingin hefst á gröf 01 sem er nyrst á svæðinu. Gröfin er 1 m í þvermál og 0,5 m á dýpt. Enginn kragi er í kringum hana.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

SM-024:047_02 dæld kolagröf

A715016 N536151

Gröf 02 er syðst á svæðinu. Gryfjan er 1 m í þvermál og 0,5 m á dýpt. Enginn kragi er í kringum hana.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar




Myndir 161-162. Kolagröf SM-024:048, horft til vesturs á mynd til vinstri og uppmælingar til hægri.

Kolagröf er austan við Egilsstaðaháls og austan við Hringveg (1) í birkiskóginum við Eyvindará. Kolagröfin er á miðlínu Miðleiðar og Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Þar er eyðilegur gamall birkiskógur, mjög þéttur með mikið af dauðum uppistandandi trjám og öðrum föllnum að grotna niður. Í skógarbotni er mosi, gras, lyng og kjarr. Kolagröfin er fremur stór og í kringum hana er greinilegur uppmokstur sem myndar kraga. Gryfjan sjálf er 1,5x1,2 m að innanmáli og 0,6-0,7 m á dýpt. Kraginn í kring er 1,2 m á breidd og 0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Myndir 163-164. Kolagröf SM-024:049, horft til austurs á mynd til vinstri, ásamt uppmælingum af gröfnni til hægri.

Kolagröf er í birkiskógi, 210 m austan við Hringveg (1), 120 m vestan við Eyvindará og 15 m vestan við miðlínu Miðleiðar og Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Gröfin er í feyskum gömlum birkiskógi sem er mjög þéttur en í honum er mikið af dauðum trjám sem standa víða en eru líka fallin og að grotna niður. Í skógarbotni er mosi, gras, lyng og kjarr. Kolgröfin er hringlaga og fremur stór, um 1,7 m í þvermál og er um 0,3-0,5 m á dýpt. Norðan við hana er greinilegur uppmokstur sem myndar kraga og er hann um 2 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-024:050 gata leið

A717414 N534258



Gata sést austan við Hringveg (1) sem liggur niður í átt að Eyvindará til suðausturs í gegnum Kúavað 023:015. Hún hefur tengt saman þjóðleið 611:009 sem lá yfir Fagradalinn til Reyðarfjarðar og kaupstaðavegin 611:001 sem lá til Eskifjarðar. Miðlína Miðleiðar og Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng liggur þvert yfir götuna.

Leiðin liggur eftir grasi vaxinni lægð í Birkiskógi. Gatan sést á rúmum 80 m löngum kafla í lautinni og liggur suðaustur-norðvestur. Hún sést sem mjó, mjög vel gróin kindagata og er á köflum nánast horfin. Hún er um 0,3 m á breidd og sést víða aðeins af því að grasið er örllítið


Mynd 165. Gata SM-024:050, horft til ASA.

grænna í götunni en í kring.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-024:051 gryfja kolagröf

A717405 N534553



Kolagröf er í birkiskógi, 95 m austan við Hringveg (1) og 135 m austan við Eyvindará. Gröfin er 80 m SSA við kolagröf 048 og 10 m austan við miðlínu Miðleiðar og Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Gröfin er í feyskum gömlum birkiskógi sem er mjög þéttur en í honum er mikið af dauðum trjám sem standa víða en eru líka fallin og að grotna niður. Í skógarbotni er mosi, gras, lyng og kjarr. Kolagröfin er hringlaga, og er um 1 m í þvermál og 0,4 m djúp. Enginn uppmokstur er sjáanlegur í kringum hana.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 166. Uppmæling af kolagröf SM-024:051.

SM-026 Kollsstaðir

20 hndr 1847. Jörðin hefur ávalt verið í bændaeign og var í sérábúð fram til 1904 en þá var jörðin lögð undir Egilsstaði (II). Bændur á Egilsstöðum II bjuggu svo jafnframt á Kollsstöðum þótt setið hafi á Egilsstöðum. Í landi Kollsstaða er Þórsnes sem er sögustaður. Þar á Þórslíkneski að hafa rekið á land. Á Þórsnesi voru haldnir nokkrir almennir þjóðmálafundir um miðja 19. öldina. Hjáleiga frá Kollsstöðum var Kollsstaðagerði, er þess getið í fasteignamati 1947 en ekki fasteignamati 1918. Ekki er lengur búið á Kollsstöðum. SJM II, 197-198.

Á Kollsstöðum var ræktargott þýft tún (3,19 ha, taða 19 hb). Engjar voru þýfðar votar og dreifðar en gáfu af sér um 200 hesta af allgóðu heyi. Beitalandið var víðlent og gott en ekki upprekstrarland. Skóglaut var í Kollsstaðalandinu en skógur hefur þar vaxið mjög. SJM II, 197-198; Ö-Kollsstaðir.

SM-026:030 varða óþekkt

A713575 N535661




Mynd 167. Varða SM-026:030, horft til norðausturs.

Varða er uppi á aflöngum klettarana sem kallast Klappsteinar og er vestast og næst þjóðveginum inn Fljótsdalinn. Varðan er 240 m austan við Fljótsdalsveg, 100 m vestan við vörðu 611:008_02 og 65 m norðan við miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Klettaraninn er nær gróðurvana en þó vex smávegis gras og lyng í hliðum hans. Varðan er 1x1 m að flatarmáli og 0,4-0,5 m á hæð. Neðsta röðin er nokkuð heilleg og steinarnir grónir. Skófir eru á öllum steinum. Flestir steinar eru stórir en minni steinar eru efst í henni. Lítilsháttar hrun er allt í kringum vörðuna. Henni hefur verið hrúgað upp fremur en að hún hafi

verið hlaðin og því er ekki hægt að meta fjölda umfara í henni. Hlutverk vörðunnar er óþekkt en hugsanlega tengist hún leið 611:008_01 og hefur verið byggð til þess að vísa á götuna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Myndir 168-169. Garðlag SM-026:031, horft til norðurs á mynd til vinstri, ásamt uppmælingum af garðlaginu til hægri.


Stutt garðlag er fast suðvestan við Flutningshöfðalæk, 33 m suðaustan við Skriðdals- og Breiðdalsveg (95), 190 m vestan við vörðu 030 og 100 m suðvestan við miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Garðlagið sést í framræstri og þýfðri mýri. Þar norðan við er birkiðjarr.

Garðlagið liggur NNV-SSA og er um 18 m á lengd. Erfitt er að segja nákvæmlega hvar garðurinn endar til SSA þar sem hann fjarar út og rennur saman við umhverfið. Garðlagið er breiðast í SSA-enda þar sem það er um 4,5 m í NNV-enda er það 3 m á breidd. Garðlagið er 0,2-0,3 m á hæð og er gróið og gengið í þúfur. Ekki er útilokað að meintur garður sé náttúrumyndun og ekkert er vitað um hlutverk hans. Helst kemur til greina að hann hafi verið vörslugarður.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Myndir 170-171. Hleðsla SM-026:032, horft til austur (vinstri). Nærmynd af hleðslunni (hægri), horft til austurs.



Mynd 172. Uppmæling af þúst og mögulegri hleðslu SM-026:032.

og liggur norðaustur-suðvestur. Hún er er 0,7 m á hæð þar sem hún er hæst. Mikið af hrúni úr hleðslum er í kringum hana inni í trjápykkninu. Hugsanlega má sjá 2-3 umför á einum stað í hleðslunni en annarsstaðr sést aðeins hrúnið grjót og hrúgur. Svæðið í kringum hleðsluna var mælt upp sem hugsanleg þúst þar sem ómögulegt var að sjá hvernig svæðið lítur út vegna mikils trjágróðurs. Svæðið sem mælt var upp er 7x7 m að stærð. Ekki er mikið grjót á svæðinu og greinilegt að grjótið er aðflutt. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Austarlega í svokölluðum Flóa, tæpum 1 km norðaustan við bæ 001 og 200 m suðvestan við markaskurðinn á milli Kollsstaða og Egilsstaða er hleðsla og möguleg þúst. Hleðslan er rúmum 50 m norðan við miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Mikið lyng, kjarr og birkitré eru á litlum bletti í kringum hleðsluna. Birkið vex þétt og byrgir að mestu sýn á minjarnar. Flóinn er flatlendur og þýfður en í kring eru kjarri og birkivaxnar hæðir. Ekki sést neitt klárt tóftarlag á svæðinu en erfitt var að meta það til fullnustu sökum þess hve þétt birkikjarrið er. Í gegnum birkið glittir í hrunda gróthleðslu. Hleðslan er 1,5 m löng


SM-611 Fornleifar á fleiri en 1 jörð

SM-611:001_01 gata leið

A717893 N534291



Myndir 173-174. Leið SM-611:001_01. Suðurhluti leiðar, horft til suðurs (vinstri) og norðurhluti leiðar, horft til suðurs (hægri).



Mynd 175. Uppmælingar af leið SM-611:001. Hluti 01 nær lengra til norðurs en kortið sýnir.

"Á einokunartímanum var verslað í Stóru-Breiðuvík, og lá þá verslunarleið um Tungudal og Eskjufjarðarheiði," segir í Sveitum og jörðum. "Um sóknina liggur kaupstaðarleið þeirra manna er úr Hjaltastaða- og Kirkjubæjarsóknum sækja kaupstefnu á Eskjufjörð og gengur sú leið úr Hjaltastaðasókn, fyrst fram hjá Hleinargarði, Eiðum, Snjóholti, Mýrnesi, Miðhúsum og Dalhúsum, innsta bæ í sókninni; en úr Kirkjubæjarsókn fram milli Eiða og Fljótsbakka til Snjóholts og síðan hjá sömu bæjum til Dalhúsa, þaðan inn eftir Eyvindardalnum til Slenju, so um Tungudalinn og yfir Eskjufjarðarheiði ofan á Eskjufjarðardal. Þessi leið er byggð á milli frá Dalhúsum, ofan á Eskjufjörð, her um bil rúmar 5 mílur. Innst á Eyvindardal, fyrir innan Slenju, stendur sæluhús, nú byggt af kaupstaðartimbri, í þremur gólfum með lofti, rúmstæðum, bekkjum, matborði og þremur glergluggum [hvar er þetta skráð?]. Á vegi þessum eru engar sérlegar torfærur, nema stundum þykir örðug ein grýtt fjallshlíð er kallast Urð, upp úr botni Tungudals upp á Eskjufjarðarheiði, sem mest spillist af

stórrigningum og leysingum á vorum," segir í Sýslu- og sóknalýsingum.

Sú leið sem hér er skráð er skilgreind byggða á milli og liggur frá Dalhúsum í Eiðahreppi inn Eyvindarárdal og að hreppamörkum. Hún var skoðuð í landi Dalhúsa. Minjasvæðið samanstendur af þremur götum sem allar tengjast og liggja sunnan við Dalbæ 023:001, á 1000 x 140 m stóru svæði. Gata 01 liggur norður-suður, nær fjallinu, gata 02 liggur norður-suður nær Eyvindará og gata 03 liggur austur-vestur og tengir saman 01 og 02. Göturnar eru framhald af leið 611:007 og tengja bæina á svæðinu við kaupstaðaleiðina til Eskifjarðar. Göturnar liggja á löngum köflum innan úttekarsvæðis og eru minnst 18 m vestan við miðlínu Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Göturnar liggja í gegnum grasivaxið og þýft heimatún Dalhúsa 023:001, þýfðan grasmóa og þéttan birkiskóg.

Lýsingin hefst á götu 01. Gatan liggur í gegnum heimatún Dalhúsa neðan við bæ 023:001 og inn Eyvindarárdal, á 1070 m löngum kafla. Í gegnum tún Dalbæjar sjást tvær mjóar götur hlið við hlið. Þær eru grónar og báðar um 0,3 m á breidd. Sunnan við túnið verða göturnar breiðari á köflum, allt að 0,7-1 m og sést troðinn moldarstígur. Oft sjást fleiri 2-3 götur hlið við hlið.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SJM II, 220; SSM, 289-290

SM-611:001_02 gata leið



Mynd 176. Leið SM-611:001_02, horft til norðurs.

A717694 N533744

Gata 02 er niðri við Eyvindará, tæpum 740 m sunnan við heimatún Dalbæjar. Hún liggur norður - suður á 540 m löngum kafla. Gatan er í nokkrum bútum á svæðinu, hverfur og birtist svo aftur. Hún er niðurgráfin og er mest um 0,4 m á dýpt og 1 m á breidd en oftar er hún þó mjórri. Aðeins sést þessi eina gata sem liggur í gegnum skóginn. Hún er greinilegust fast norðan við háa malarhóla, kallaðir Hólar. Leiðin var skráð undir kaupstaðaleið 611:001 en einnig er möguleiki á að göturnar séu yngir og gætu verið eftir sauðfé eða jafnvel legið að minjastað 014.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

SM-611:001_03 gata leið

A717796 N533862



Gata 03 liggur þvert á götur 01 og 02, norðvestur-suðaustur á 200 m löngum kafla og tengir þær saman. Hún liggur niður með læk nokkrum og í kring er kjarrið mjög þétt og erfitt að brjóta sér leið í gegnum það. Gatan er einföld og grunn.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Mynd 177. Leið SM-611:001_023 horft til suðvesturs.

SM-611:003 gata leið

A716368 N537820



Myndir 178-179. Leið SM-611:003, horft til vesturs (vinstri) og austurs (hægri).

"Um miðja 19. öldina fluttist verslunin til Seyðisfjarðar, og voru þangað farnar Vestdalsheiði [002] (um 600 m) og Fjarðarheiði (620 m) eftir búsetu manna í sveitinni. Báðir þessir fjallvegir eru snjóþungir og erfiðir, um sex stunda lestargangur í góðu," segir í Sveitum og jörðum. Segja má að gamla leiðin yfir Fjarðarheiði hefjist austan við Miðhús SM-022 í Eiðahreppi. Hún lá upp með Miðhúsaá, upp á heiðina og yfir í Seyðisfjarðarhrepp, sjá framhald af leiðarlýsingu þar NM-701:013. Stuttur hluti leiðarinnar var skráður á vettvangi í september 2020 þegar tekið var út svæði í tengslum við vegagerð vegna Fjarðarheiðarganga. Þessi hluti leiðarinnar var skráður í landi Miðhúsa þar sem hún liggur yfir Miðhúsaás. Leiðin sést þar á stuttum kafla í skógræktinni en er að hverfa í gróður. Að sögn Friðriks Ingvarssonar, heimildamanns, var þarna krókur á leiðinni upp á Fjarðarheiði frá Miðhúsum til þess að þurfa ekki að fara yfir Miðhúsakíl. Miðlína Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng liggur yfir leiðina en er 38 m suðvestan við sýnilegan hluta leiðarinnar.

Mikill og þéttur skógur er á vesturhluta Miðhúsaáss og víða í landi Miðhúsa í kringum

gamla heimatúnið. Austurhluti ássins er í landi nýbýlisins Steinholts og þar er sléttað tún. Í skógræktinni sést grunn renna inn á milli hárra trjáa á 36 m löngum kafla þar sem leiðin stefnir norðaustur-suðvestur. Er hún 1-2 m á breidd.

Hættumat: stórhætta

Heimildir: SJM II, 220

SM-611:007 gata leið

A716452 N536980



Myndir 180-181. Leið SM-611:007, horft til norðurs (vinstri) og suðurs (hægri).

Byggðavegur lá milli bæja í Eiðapinghá og má segja að hann hafi endað við Dalhús SM-023 þar sem við tók kaupstaðarvegur til Eskifjarðar, sjá 001. Þegar unnin var fornleifaskráning í tengslum við Fjarðarheiðargöng haustið 2020 var leitað að leið þessari í landi Miðhúsa og Dalhúsa. Ruddur vegar slóði, Dalhúsavegur, liggur frá Miðhúsaá inn að Dalhúsum og má ætla að gamla reiðleiðin hafi verið á svipuðum slóðum á löngum köflum. Leiðin lá í gegnum Miðhúsaskóg og var farið yfir Miðhúsaá á Dalhúsavaði SM-022:068. Möguleg ummerki um leiðina sáust á tveimur stöðum í landi Miðhúsa SM-022, innan úttektarsvæðisins. Miðlína Norðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng liggur þvert í gegn um nyrðri hlutann og er 38 m vestan við syðri hlutann. Gert er ráð fyrir að Norðurleiðin verði víða á sama eða svipuðum stað og Dalhúsavegur. Byggðavegurinn lá um láglandi þar sem mikið rask hefur víðast orðið vegna vegagerðar, ræktunar og skógræktar. Lítið rask hefur hins vegar verið í Miðhúsaskógi en þar er þéttur birkiskógur.

Í Taglamýri sunnan við Dalhúsavað má sjá götur á stuttum kafla þar sem þær liggja yfir meinta tóft SM-022:051 og á þurru og þýfðu rima norðan við hana. Göturnar eru grónar og óljósar en sjást á 38 m löngum kafla og stefna NNV-SSA. Göturnar eru 1-3 talsins, grunnar og fremur mjóar. Aftur sjást mjög óljós ummerki um leið um 470 m suðaustar, á Selási. Þar er ógróin og skóglaus braut í allþéttum birkiskóginum á 34 m löngum kafla. Er þessi braut 50 m norðvestan við Dalhúsaveg og fylgir sömu stefnu og hann. Á því svæði sem tekið var út í tengslum við Fjarðarheiðargöng fundust ekki vísbendingar um reiðleið á fleiri stöðum. Eins og fyrr segir er líklegt að Dalhúsavegur hafi fylgt eldri leið að miklu leyti og þá hætt við því að hún hafi horfið í veginn á löngum köflum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Myndir 182-183. Leið SM-611:008_01, horft til suðausturs (vinstri) og norðurs (hægri).

Leið er merkt inn á Uppdrátt Íslands 104 frá 1938 sem liggur á milli austustu bæjanna á Völlum, sunnan Egilsstaða. Leiðin var skoðuð á stuttum kafla norðarlega í landi Kollsstaða þegar tekið var út áhrifasvæði Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020. Þar sést hún vel og var ein varða skráð við hana. Miðlína Suðurleiðar liggur þvert í gegnum leiðina. Þar sem leiðin var skoðuð liggur hún um þýfðan lyngmóa og birkikjarr. Til vesturs er Lambhúsamýri.

Leiðinni var fylgt á um 300 m löngum kafla þar sem hún stefnir norður-suður. Hún sést sem ruddur vegur, lítið gróinn. Hann er 1-2 m á breidd og um 0,3 m djúpur. Hægt er að greina framhald leiðarinnar til norðurs og suðurs á loftmynd. Ekki sáust reiðgötur í námunda við veginn og er líklegt að vegur hafi verið ruddur á sama stað og reiðleiðin lá áður. Varða 611:008_02 tengist leiðinni og hefur verið hlaðin til að vísa á hana. Hugsanlega hefur varða SM-026:030 einnig tengst leiðinni og verið hlaðin til að vísa á hana en hún er 125 m vestan við leiðina og er það heldur langt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Uppdráttur Íslands 104

SM-611:008_02 varða samgöngubót

A713682 N535672



Varða er rúmum 15 m vestan við leið 01, uppi á aflangri klöpp, Klappsteinum, rúmum 110 m austar en varða SM-026:030 Hún er 138 m norðan við miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 38 metrum utan áhrifasvæðis þess. Varðan er 1 x 1 m að flatarmáli og 0,5 m á hæð. Neðstu steinar eru grónir og skófir eru á steinum. Varðan er hlaðin úr meðalstórum steinum sem minnka eftir því sem ofar dregur. Vörðunni hefur verið hrúgað upp fremur en að hún hafi verið hlaðin.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Mynd 184. Varða SM-611:008_02 horft til norðurs.

SM-611:009 heimild um leið

A716148 N535982

Leið er merkt inn á gamalt Íslandskort, Uppdráttur Íslands, og liggur frá Egilsstöðum yfir Fagradal og þaðan niður á Reyðarfjörð. Leiðin lá á svipuðum stað og núverandi þjóðvegur (Hringvegur 1) er núna. Leið 024:050, sem liggur yfir Eyvindaá í gegnum Kúavað 023:017, tengir hana saman við kaupstaðarveg 001, sem lá til Eskifjarðar, austan við Eyvindará. Leiðin var skoðuð í landi Egilsstaða, þar sem hún liggur þvert yfir miðlínu Suðurleiðar í tengslum við Fjarðarheiðargöng 2020.

Gatan hefur legið þar sem nú eru kjarri og birki vaxnar hlíðar, ásamt þjóðveginum. Ekki sjást nein ummerki um leiðina og hafa leifar hennar líklega farið undir núverandi Hringveg (1).

Hættumat: hættu, vegna vegagerðar

Heimildir: Uppdráttur Íslands 104

5. Niðurstöður og samantekt

Úttektarsvæðið sem rannsakað var haustið 2020 skiptist í tvö aðskilin svæði sitt hvoru megin við Fjarðarheiði og Gagnheiði. Vestara svæðið er á Héraði en austara svæðið er innst í Fjarðardal í Seyðisfirði. Landslag á þessum tveimur svæðum er fremur ólíkt. Í Seyðisfirði einkennist landslagið af bröttum fjöllum sitthvoru megin fjarðarins og litlu undirlendi. Á Héraði er hinsvegar víðfeðmt láglandi innan um klapparása og víða er gamall birkiskógur.

Í Seyðisfirði voru þrjú lögbýli innan úttektarsvæðisins, Fjörður, Fjarðarsel og Oddi. Engar minjar voru skráðar innan lands hjáleigunnar Odda en Oddaforribær heitir þar sem nú er kirkjugarðurinn³ á Seyðisfirði og er hann því rétt utan úttektarsvæðisins. Bæjarstæði Fjarðarsels og Fjarðar eru einnig utan úttektarsvæðisins. Almenn er talið að Fjörður hafi verið landnámsjörðin í Seyðisfirði en samkvæmt Landnámabók nam Bjólfur land í firðinum og bjó alla ævi, þó svo að hvergi sé getið neins bæjarnafns.⁴ Lítið er vitað um byggðapróun í Seyðisfirði á fyrstu öldum eftir landnám en talið er að tala seyðfirskra býla hafi verið svipuð á 14. öld og hún var á þeirri níttjándu. Nokkuð dró úr fólksfjölda á svæðinu á 19. öldinni en árið 1895 fékk Seyðisfjörður kaupstaðarréttindi sem breytti miklu þegar kom að atvinnusköpun, verslun og þjónustu.⁵ Í síðari heimsstyrjöldinni var mikið herlið í Seyðisfirði. Fyrstu hermennirnir komu í maí 1940 og voru umsvif þeirra mikil á hernámstímanum. Braggabyggingar settu svip sinn á kaupstaðinn sem og þéttbýliskjarnann sem hafði myndast við Vestdalseyri. Eftir stríð hélst íbúatala í Seyðisfirði svipuð en byggðin á Vestdalseyri leið undir lok.⁶ Leifar af mannvirkjum frá hernámstímanum sjást enn víða í Seyðisfirði í bland við minjar tengdar landbúnaði og sjósókn.

Á Héraði voru níu lögbýli innan úttektarsvæðisins; Eyvindará, Puríðarstaðir, Uppsalar, Miðhús, Dalhús, Egilsstaðir, Berg, Kollsstaðir og Kollsstaðagerði. Nýbýlið

³ Ö-Seyðisfjörður ÓP, 20.

⁴ Íslensk fornrit I, 306.

⁵ BS, 54-58.

⁶ Fremsta Víglína, 29.

Steinholt er einnig innan svæðis en var það út úr landi Miðhúsa og Eyvindarár árið 1947. Engar minjar voru skráðar innan fjögurra jarða; Þuríðarstaða, Uppsala, Bergs og Kollsstaðagerðis. Bæjarstæði lögbýlanna eru öll utan úttektarsvæða en hluti af heimatúni Dalhúsa er þó innan þess. Egilsstaðir og Eyvindará hafa verið með betri býlum á þessu svæði. Eyvindaá er nefnd í Fljótsdælu og jörðin sögð „eitthvert bjargmest land í héraðinu.“ Talið er að Uppsafir, Miðhús, Dalhús og jafnvel Þuríðarstaðir hafi byggst út úr landi Eyvindarár á fyrri öldum.⁷ Egilsstaðir eru nefndir í Landnámabók en þar segir að Egill, sonur Steinbjarnar sem nam landi í Vopnafirði, hafi búið þar.⁸ Ekki er talið að Egilsstaðir hafi endilega verið stórbýli fyrr en á 20. öld þó svo að það hafi verið með betri býlum á svæðinu á fyrri öldum. Þar var þingstaður hins forna Vallnahrepps um 1700.⁹ Árið 1904 voru Kollsstaðir lagðir undir Egilsstaði en höfðu verið í sérabúð fram að því. Kollsstaðagerði var hjálega sem byggðist upp í landi Kollsstaða.¹⁰ Upp úr aldamótunum 1900 fór að myndast þéttbýliskjarni á Egilsstöðum en það var ekki fyrr en árið 1947 sem Egilsstaðahreppur var stofnaður ásamt kauptúni. Bærinn fékk svo kaupstaðarréttindi sem Egilsstaðabær árið 1987.¹¹

Samtals voru skráðar 139 fornleifar á 91 minjastað innan úttektarsvæða í tengslum við Fjarðarheiðargöng (tafla 1). Alls voru 70 fornleifar skráðar í stórhættu vegna vegagerðar, 66 í hættu en þrjár af þeim fornleifum sem skráðar voru töldust ekki í hættu vegna framkvæmdanna en í öllum tilfellum voru þær þegar alveg horfnar. Langflestar fornleifar fundust innan áhrifasvæðis Norðurleiðar, eða 90 minjar (eða 64% af heildarfjölda skráðra fornleifa). Innan áhrifasvæðis Suðurleiðar voru skráðar 13 fornleifar og fimm fornleifar voru skráðar innan áhrifasvæðis Miðleiðar. Eins og áður var greint frá liggja Miðleið og Suðurleið á löngum kafla á sama stað, en allar fornleifar sem voru innan Suðurleiðar voru einnig innan Miðleiðar. Innan áhrifasvæðis Seyðisfjarðarleiðar voru skráðar 34 fornleifar. Í skýrslu um fornleifaskráningu í Seyðisfjarðarkaupstað er fjallað

⁷ SMJ II, 211.

⁸ Íslensk fornrit I, 290.

⁹ SMJ II, 198.

¹⁰ SMJ II, 195-198.

¹¹ SMJ II, 188-192.

um tvo staði (NM-249-95 og NM-249-96) á Hagavelli sem eru innan áhrifasvæðis Seyðisfjarðarvegar. Við fornleifaskráningu sumarsins 2020 kom í ljós að ekki er um fornminjar að ræða heldur var grjóti safnað saman á þessum stað við túnsléttun á 20. öld.¹² Allar fornleifar sem voru í 0-50 m fjarlægð frá áætlaðri miðlínu vega eða eru innan áhrifasvæða við gangamunna, voru skilgreindar í stórhættu vegna vegagerðar. Fornleifar sem voru á bilinu 51-100 m fjarlægð frá áætlaðri miðlínu vegar voru hinsvegar skráðar í hættu vegna vegagerðar. Í nokkrum tilvikum voru fornleifar utan áhrifasvæðis en áhrifasvæðið liggur innan 15 m helgunarsvæðis og voru þær minjar einnig skráðar í hættu. Þrjár fornleifar voru ekki taldar vera í neinni hættu vegna framkvæmdanna, í öllum tilfellum vegna þess að minjastaðirnir voru þegar alveg horfnir. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort að einhver hætta gæti mögulega steðjað að fornleifum á framkvæmdatíma verði ekkert að gert. Yfirleitt er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumats fremur ætlað að beina kastljósinu að þeirri staðreynd að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna framkvæmdanna. Almennt má segja að við vegaf framkvæmdir gildi sú regla að því nær miðlínu sem fornleif er, þeim mun meiri líkur eru á að hún kunni að verða fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Eftir að vettvangsvinnu lauk var lega veglínanna uppfærð í tvígang. Breytingarnar eru innan úttektarsvæðisins en gera það að verkum að úttektarsvæðið er ekki alls staðar 100 m sitthvoru megin veglínu. Varða SM-611:008_02 var t.a.m. upphaflega innan 100 m áhrifasvæðis Suðurleiðar en eftir að Suðurleiðinni var hnikað til á litlu svæði, lenti varðan tæpum 140 m frá miðlínu. Henni var þó haldið áfram inni í fornleifaskrá og í umfjöllun um minjarnar þar sem að úttektarsvæðið breyttist ekki þrátt fyrir hliðrun veglínunnar. Svipuð hliðrun átti sér einnig stað á nokkrum stöðum á Norðurleið. Hér á eftir fylgir samantekt um minjar sem fundust innan úttektarsvæðanna og þar má einnig sjá fjarlægð þeirra frá miðlínu auk á hvaða leið þær eru (sjá töflu 1).

¹² Bjarki Borgþórsson (2009), 60-61.

Tafla 1 – Minjar innan úttektarsvæða


Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Fjarlægð frá miðlínu (m)	Veglína
NM-249:037		heimild	áfangastaður	20	Seyðisfjarðarleið
NM-249:061_01	Selið	tóft	sel	220 (innan framkv.sv gangamunna)	Seyðisfjarðarleið
NM-249:061_02	Stekkurinn	tóft	stekkur	217 (innan framkv.sv gangamunna)	Seyðisfjarðarleið
NM-249:061_03		tóft	kvíar	248 (innan framkv.sv gangamunna)	Seyðisfjarðarleið
NM-249:061_04		þúst	óþekkt	231 (innan framkv.sv gangamunna)	Seyðisfjarðarleið
NM-249:482		gata	leið	25	Seyðisfjarðarleið
NM-249:484		hleðsla	brú	101	Seyðisfjarðarleið
NM-249:500		varða	samgöngubót	26	Seyðisfjarðarleið
NM-249:504		tóft	fjárhús	1	Seyðisfjarðarleið
NM-249:506		heimild	skemma	15	Seyðisfjarðarleið
NM-249:520		vegur	samgöngubót	40	Seyðisfjarðarleið
NM-249:521		gata	leið	87	Seyðisfjarðarleið
NM-249:522		tóft	óþekkt	90	Seyðisfjarðarleið
NM-249:528		tóft	óþekkt	15	Seyðisfjarðarleið
NM-249:531		gerði	kálgarður	60	Seyðisfjarðarleið
NM-249:583		náma	mógrafir	20	Seyðisfjarðarleið
NM-249:597_01		hleðsla	brú	80	Seyðisfjarðarleið
NM-249:597_02		vegur	leið	0	Seyðisfjarðarleið
NM-249:598		náma	mógrafir	25	Seyðisfjarðarleið
NM-249:599_01		mannvirki	herminjar	4	Seyðisfjarðarleið
NM-249:599_02		mannvirki	herminjar	17	Seyðisfjarðarleið
NM-249:599_03		mannvirki	herminjar	30	Seyðisfjarðarleið
NM-249:600		mannvirki	herminjar	60	Seyðisfjarðarleið
NM-249:601		heimild	mógrafir	25	Seyðisfjarðarleið
NM-249:602		stífla	herminjar	75	Seyðisfjarðarleið
NM-249:607		gerði	kálgarður	50	Seyðisfjarðarleið
NM-249:649		náma	mógrafir	15	Seyðisfjarðarleið
NM-250:004		tóft	fjárhús	100	Seyðisfjarðarleið
NM-250:010		tóft	útihús	92	Seyðisfjarðarleið
NM-250:011		tóft	útihús	110	Seyðisfjarðarleið
NM-250:012		garðlag	túngarður	90	Seyðisfjarðarleið
NM-250:013		tóft	útihús	103	Seyðisfjarðarleið
NM-701:013_01		gata	leið	61	Seyðisfjarðarleið
NM-701:013_02		vegur	samgöngubót	91	Seyðisfjarðarleið
NM-701:013_03		vegur	samgöngubót	82	Seyðisfjarðarleið
NM-701:013_04		vegur	samgöngubót	47	Seyðisfjarðarleið

SM-020:020	Fjánhúsavað	heimild	vað	84	Norðurleið
SM-020:022_01	Myllutóft	heimild	mylla	30	Norðurleið
SM-020:022_02		þúst	óþekkt	45	Norðurleið
SM-020:023	Mylluvað	heimild	vað	20	Norðurleið
SM-020:024	Stekkahvammur	tóft	stekkur	55	Norðurleið
SM-020:025	Melhornsvað	heimild	vað	0	Norðurleið
SM-020:036	Fjánhúsholt	örnefni	fjánhús	51	Norðurleið
SM-020:046		náma	mógrafir	28	Norðurleið
SM-020:047		vegur	samgöngubót	23	Norðurleið
SM-022:040		frásögn	herminjar	88	Norðurleið
SM-022:041	Klofasteinn	frásögn	huldufólksbústaður	40	Norðurleið
SM-022:042		hleðsla	brú	8	Norðurleið
SM-022:043_01		gryfja	kolagröf	27	Norðurleið
SM-022:043_02		gryfja	kolagröf	77	Norðurleið
SM-022:043_03		gryfja	kolagröf	97	Norðurleið
SM-022:043_04		gryfja	kolagröf	68	Norðurleið
SM-022:043_05		gryfja	kolagröf	62	Norðurleið
SM-022:043_06		gryfja	kolagröf	58	Norðurleið
SM-022:043_07		gryfja	kolagröf	48	Norðurleið
SM-022:044_01		gryfja	kolagröf	26	Norðurleið
SM-022:044_02		gryfja	kolagröf	30	Norðurleið
SM-022:044_03		gryfja	kolagröf	18	Norðurleið
SM-022:044_04		gryfja	kolagröf	25	Norðurleið
SM-022:044_05		gryfja	kolagröf	17	Norðurleið
SM-022:045_01		gryfja	kolagröf	31	Norðurleið
SM-022:045_02		gryfja	kolagröf	37	Norðurleið
SM-022:046_01		gryfja	kolagröf	90	Norðurleið
SM-022:046_02		gryfja	kolagröf	94	Norðurleið
SM-022:047		gryfja	kolagröf	63	Norðurleið
SM-022:048_01		gryfja	kolagröf	65	Norðurleið
SM-022:048_02		gryfja	kolagröf	86	Norðurleið
SM-022:049_01		gryfja	kolagröf	79	Norðurleið
SM-022:049_02		gryfja	kolagröf	69	Norðurleið
SM-022:050		gryfja	kolagröf	87	Norðurleið
SM-022:051		tóft	óþekkt	1	Norðurleið
SM-022:052		gryfja	kolagröf	36	Norðurleið
SM-022:053		gryfja	kolagröf	70	Norðurleið
SM-022:054_01		gryfja	kolagröf	9	Norðurleið
SM-022:054_02		gryfja	kolagröf	2	Norðurleið
SM-022:055_01		gryfja	kolagröf	54	Norðurleið
SM-022:055_02		gryfja	kolagröf	74	Norðurleið
SM-022:055_03		gryfja	kolagröf	86	Norðurleið
SM-022:056_01		gryfja	kolagröf	76	Norðurleið
SM-022:056_02		gryfja	kolagröf	76	Norðurleið

SM-022:057		gryfja	kolagröf	68	Norðurleið
SM-022:058		gryfja	kolagröf	51	Norðurleið
SM-022:059_01		gryfja	kolagröf	42	Norðurleið
SM-022:059_02		gryfja	kolagröf	44	Norðurleið
SM-022:060_01		gryfja	kolagröf	47	Norðurleið
SM-022:060_02		gryfja	kolagröf	47	Norðurleið
SM-022:061_01		gryfja	kolagröf	32	Norðurleið
SM-022:061_02		gryfja	kolagröf	28	Norðurleið
SM-022:062_01		náma	mógrafir	8	Norðurleið
SM-022:062_02		náma	mógrafir	4	Norðurleið
SM-022:062_03		tóft	mótóft	16	Norðurleið
SM-022:063_01		gryfja	kolagröf	34	Norðurleið
SM-022:063_02		gryfja	kolagröf	39	Norðurleið
SM-022:063_03		gryfja	kolagröf	38	Norðurleið
SM-022:064		vegur	samgöngubót	19	Norðurleið
SM-022:065		gryfja	kolagröf	55	Norðurleið
SM-022:066_01		gryfja	kolagröf	8	Norðurleið
SM-022:066_02		gryfja	kolagröf	20	Norðurleið
SM-022:066_03		gryfja	kolagröf	28	Norðurleið
SM-022:066_04		gryfja	kolagröf	47	Norðurleið
SM-022:066_05		gryfja	kolagröf	50	Norðurleið
SM-022:066_06		gryfja	kolagröf	59	Norðurleið
SM-022:067_01		gryfja	kolagröf	2	Norðurleið
SM-022:067_02		gryfja	kolagröf	4	Norðurleið
SM-022:067_03		gryfja	kolagröf	9	Norðurleið
SM-022:067_04		gryfja	kolagröf	19	Norðurleið
SM-023:004		tóft	útihús	80	Norðurleið/Miðleið/ Suðurleið
SM-023:007		tóft	fjárhús	70	Norðurleið/Miðleið/ Suðurleið
SM-023:012	Myllulækur	örnefni	mylla	óvíst	Norðurleið
SM-023:013	Svarðarmýri	örnefni	mógrafir	60	Norðurleið
SM-023:014_01		kantur	óþekkt	60	Norðurleið
SM-023:014_02		þúst	óþekkt	60	Norðurleið
SM-023:014_03		þúst	óþekkt	60	Norðurleið
SM-023:015	Kúavað	heimild	vað	80	Norðurleið
SM-023:016	Hundavað	heimild	vað	12	Norðurleið
SM-023:017		gryfja	kolagröf	14	Norðurleið
SM-023:018		tóft	útihús	20	Norðurleið/Miðleið/ Suðurleið
SM-023:019		dæld	útihús	8	Norðurleið/Miðleið/ Suðurleið
SM-023:020		gryfja	kolagröf	46	Norðurleið
SM-023:021		dæld	óþekkt	60	Norðurleið
SM-024:026	Stekkás	heimild	stekkur	10	Norðurleið
SM-024:045		gryfja	kolagröf	60	Suðurleið

SM-024:047_01		gryfja	kolagröf	100	Suðurleið
SM-024:047_02		dæld	kolagröf	101	Suðurleið
SM-024:048		gryfja	kolagröf	0	Suðurleið/Miðleið
SM-024:049		gryfja	kolagröf	15	Suðurleið/Miðleið
SM-024:050		gata	leið	0	Suðurleið/Miðleið
SM-024:051		gryfja	kolagröf	10	Suðurleið/Miðleið
SM-026:030		varða	óþekkt	65	Suðurleið
SM-026:031		garðlag	vörslugarður	100	Suðurleið
SM-026:032		hleðsla	óþekkt	50	Suðurleið
SM-611:001_01		heimild	leið	0	Norðurleið/Miðleið/ Suðurleið
SM-611:001_02		gata	leið	15	Norðurleið
SM-611:001_03		gata	leið	45	Norðurleið
SM-611:003		gata	leið	38	Norðurleið
SM-611:007		gata	leið	0	Norðurleið
SM-611:008_01		vegur	leið	0	Suðurleið
SM-611:008_02		varða	samgöngubót	138	Suðurleið
SM-611:009		heimild	leið	0	Suðurleið/Miðleið

Flestar minjar sem skráðar voru við úttekt vegna Fjarðarheiðarganga falla í fjóra minjaflokka; *landbúnaðarminjar*, *minjar um móttækju og kolagerð*, *samgönguminjar* og *að*



Skífurit 1. Hér má sjá fornleifarnar flokkaðar niður eftir minjaflokkum. Helmingur skráðra minja fellur undir flokkinn minjar um móttækju og kolagerð, sem er langstærsti minjaflokkurinn.

síðustu *herminjar*. Lítil hluti minjanna fellur utan þessara flokka og eru þær settar saman í flokkinn *aðrar minjar*. Eins og sjá má af skífuriti 1 tengjast langflestar minjanna kolagerð og mótekju eða rúm 50% (sjá skífurit 1) en talsvert er einnig um samgönguminjar á svæðinu (20%) sem og landbúnaðarminjar (19%). Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka sem skráðir voru innan áhrifasvæða.

Landbúnaðarminjar

Samtals voru skráðar 27 fornleifar innan úttektarsvæðanna sem teljast til landbúnaðarminja. Þessar minjar eru fjölbreyttar og hlutverk þeirra eru allt frá útihúsum í túni til stekkja og selja í úthögum. Minjar í þessum flokki eru nokkuð dreifðar um rannsóknarsvæðið og reyndust einhverjar landbúnaðarminjar skráðar innan áhrifasvæðis á flestum jörðunum sem komu við sögu. Heimatún tveggja jarða, Fjarðarsels í Seyðisfirði og Dalhúsa á Héraði, eru að hluta innan áhrifasvæða veglínanna, en bæjarhólar beggja jarða eru rétt utan úttektarbeltis og teljast því ekki í hættu.

Dalhús voru í eyði af og til eftir árið 1913 og var landið nýtt af öðrum bæjum í nágrenninu allt fram til ársins 1945 þegar jörðin fór endanlega í eyði.¹³ Túnakort er til af Dalhúsum frá 1918 en þar sem engin útihús eru teiknuð á túnakortin frá þessu svæði gefur það enga mynd af því hvar útihús stóðu í túninu í byrjun aldarinnar. Heimatúninu hefur lítið verið raskað en það er orðið fremur stórþýft og grasmikið sem veldur því að minjar innan þess eru fremur óljósar. Sá möguleiki er fyrir hendi að einhverjar minjar í túninu séu alveg horfnar í þýfi og gróður og hafi því ekki fundist við vettvangskonun. Leifar af fjórum útihúsum voru þó skráðar í og við heimatún Dalhúsa og innan áhrifasvæðis. Tóft SM-023:004 er greinilegust af útihúsunum fjórum en minjar um fjárhús 007 og óskilgreind útihús 018 og 019 eru mun óljósari og sokkin í gróður og þýfi. Innan úttektarsvæðisins í túni Dalhúsa kunna einnig að leynast eldri leifar af útihúsum eða öðrum mannvirkjum undir sverði eins og jafnan er í heimatúnum sem hafa verið nýtt öldum saman.

¹³ SMJ II, 206.

Tvær þústir og kantur SM-023:014 eru í landi Dalhúsa, 1 km inn Eyvindardal til suðurs frá heimatúninu. Þústirnar eru í grösugri laut á milli malarhóla og liggur leið SM-611:001_02 beint að þeim og svo áfram inn dalinn. Þrátt fyrir að hlutverk þeirra sé óþekkt þá má ætla að minjarnar séu tengdar landbúnaði og gætu þarna hafa verið gömul beitarhús eða stekkur. Einnig gætu þetta verið seltóftir, þó svo að sú túlkun sé heldur ólíklegri. Í Dalhúsalandi var einnig skráð dæld SM-023:021 með óþekkt hlutverk, norðan heimatúnsins. Dældin gæti verið innanmál tóftar og útveggir hennar horfnir. Ef svo er eru þetta líklega ummerki um einhversskonar skepnuhús í úthaga sem tengist landbúnaði en þó er jafnvel hugsanlegt að tóftin sé af heystæði eða jafnvel móstæði.

Á Héraði voru skráðar tvær horfnar myllur, önnur í Dalhúsalandi SM-023:012 og hin í landi Eyvindarár SM-020:022, heimild um fjárhús í landi Eyvindarár SM-020:036 og heimild um stekk í landi Egilsstaða SM-024:026. Þessar minjar eru allar horfnar, ýmist vegna breyttrar landnotkunar eða af óþekktum orsökum. Stekkjartóft SM-020:024 var skráð í landi Eyvindarár. Við tóftina er friðlýsingarskilti en engar upplýsingar eru þó um stekkinn í Friðlýsingarskrá né í Minjavefsjá Minjastofnunar. Í landi Miðhúsa er skráð meint heystæði SM-022:051.

Í heimatúni Fjarðarsels eru skráð þrjú útihús, eitt fjárhús og túngarður innan úttektarsvæðis en bæjarhúsin eru utan úttektarsvæðis eins og í Dalhúsum. Tvær útihúsatóftir eru rétt utan marka úttektarsvæðis en helgunarsvæði þeirra lendir innan þess. Fjarðarsel fór í eyði í byrjun 20. aldar og ekki er til hefðbundið túnakort fyrir jörðina. Túnið er þó merkt inn á yngra kort frá 1929 sem sýnir búnaðarjarðirnar í kringum Seyðisfjörð á þessum tíma. Þar eru bæjarhúsin merkt inn ásamt einu úthúsi, fjárhúsum NM-250:004. Því má áætla að hin útihúsin þrjú 010, 011 og 013, hafi verið orðnar rústir einar þegar kortið var teiknað árið 1929 en fjárhúsið hafi þá enn staðið uppi, jafnvel verið í notkun frá nærliggjandi bæjum. Túngarðurinn NM-250:012 sem sést vestan við tóftirnar er grjóthlaðinn og fremur unglegur á að líta. Hann hefur verið hlaðinn undir girðingu sem er merkt inn á túnakort frá 1929.

Í landi Fjarðar eru sex minjastaðir flokkaðir sem landbúnaðarminjar. Innan Hagavallar eru tveir litlir matjurtargarðar NM-249:531 og NM-249:607. Þeir eru fremur

langt frá bæjarstæði Fjarðar og hafa líklega verið notaðir af íbúum kaupstaðarins á 20. öld. Suðvestan Hagavallar eru fjárhús NM-249:504 sem byggð voru á fyrri hluta 20. aldar. Afar líklegt er að leifar af þessum húsum muni hverfa við vegaframkvæmdir og þótti því brýnt að fjalla um þau í fornleifaskránni þrátt fyrir að þau sé of ung til að teljast til fornleifa. Að síðustu er að nefna minjasvæði NM-249:061 sem er innan áhrifasvæðis gangamunnans í Seyðisfirði. Innan þess eru fjórar fornleifar; kvíatóft, stekkjartóft, heimild um sel og þúst. Stekkjartóftin virðist að hluta byggð ofan á eldri selrúst og kvíatóftin tengist að öllum líkindum seljabúskapnum. Lítið er vitað um seljabúskap á svæðinu annað en örnefnin sem eru til vitnis um hann; Selbrekka, Sellandið og Fjarðarsel. Líklegt verður að teljast að hjáleigan Fjarðarsel hafi byggst upp á gömlu selstæði heimajardarinnar Fjarðar og að nýtt sel NM-249:061 hafi verið byggt innar í dalnum þegar heilsársbúseta hófst í Fjarðarseli. Stekkurinn sem byggður var ofan í seltóftina hefur hins vegar verið notaður frá Fjarðarseli.

Minjar um kolagerð og mótekju

Samtals voru skráðar 70 fornleifar sem tengjast kolagerð og mótekju og er það rétt rúmur helmingur af öllum minjum sem fundust innan áhrifasvæða veglínanna. Af þessum 70 fornleifum var langstærstur hluti kolagrafir eða 61 kolagröf, átta mógrafir og ein mótóft. Mógrafir eru að finna víða innan úttektarsvæðanna. Í landi Fjarðar eru fjórar mógrafir sem allar eru merktar inn á kort frá 1929 fyrir utan eina, sem er heldur minni en hinar grafirnar. Ummerki um grafirnar eru greinileg á öllum svæðum. Búið er að fylla upp í mógrafir NM-249:601 en þó sést móta fyrir þeim á loftmynd. Svipaða sögu er að segja um mógrafir NM-249:649, þ.e. fyllt hefur verið upp í þær að miklu leyti en þar sjást þó enn stakar grafir, grónar og mjög grunnar. Mógrafir NM-249:583 sem eru við hlið kirkjugarðsins á Seyðisfirði sjást enn ágætlega og ekki hefur verið fyllt upp í þær. Talsvert traðk er í þeim og í kringum þær eftir hesta og eru því víða rofabörð og jarðrask. Minnstu mógrafirnar sem skráðar voru NM-249:598 eru án efa best varðveittar. Þær eru ekki merktar inn á kort frá 1929 og eru því að öllum líkindum yngri en hin mógrafirnar.

Í landi Dalhúsa er örnefnið Svarðarmýri SM-023:013 sem bendir til þess að þar hafi verið tekinn svörður/mór. Ekki sjást nein ummerki um mótekju á því svæði og má ætla að annaðhvort hafi verið fyllt upp í grafirnar eða þær hafi verið grunnar og gróið upp sjálfar. Í landi Eyvindarár eru mógrafir SM-020:046 og sömuleiðis eru grafir í landi Miðhúsa SM-020:062. Þar eru tvær afgerandi mógrafir og mótóft á milli þeirra þar sem mórinn hefur verið geymdur.

Kolagrafir finnast víða innan birkiskóganna á Héraði. Í landi Egilsstaða voru skráðar sex kolagrafir innan áhrifasvæðis og tvær í landi Dalhúsa. Í landi Miðhúsa fannst hinsvegar mikill fjöldi kolagrafa eða alls 53 grafir. Ekkert er vitað um aldur kolagrafanna; hvort þær eru allar samtíða eða hvort ein tók við af annarri. Það er þó víst að þessi fjöldi kolagrafa í Miðhúsum gefur vísbendingu um mikla skógarnýtingu á svæðinu og vekur í leiðinni upp spurningar um hvort að það hafi aðrar ástæður verið á bakvið hana en einföld eldseytisþörf, eins og t.d. eldsneyti fyrir járnvinnslu? Kolagrafir finnast í miklum mæli víða um land og er Fnjóskadalur á Norðurlandi einn af þeim stöðum þar sem mikið magn af kolagröfum er þekkt. Vitað er að í Fnjóskadal var einnig stunduð mikil járnvinnsla en kol eru nauðsynleg við vinnslu járnsmíði því ekki fæst nægur hiti í járnvinnsluofnum með brennslu annars eldsneytis. Á Skógum í Fnjóskadal var grafið upp járnvinnslusvæði árin 2011 og 2012 í tengslum við gerð Vaðlaheiðarganga. Í uppgreftinum kom í ljós að gríðarmikil járnvinnsla hafði átt sér stað á svæðinu og að talsverðar líkur væru á því að hluti járnsmíðsins hafi ekki aðeins verið ætlaður til heimilisnota heldur einnig sem söluvara.¹⁴ Járnvinnsla var stunduð víðsvegar um landið fyrr á öldum¹⁵ og það er því ekkert ólíklegt að hún hafi einnig verið stunduð á Héraði enda var járn nauðsynleg afurð til að sinna hinum ýmsu landbúnaðarverkum. Skógarnýting til kolagerðar hefur þá verið nauðsynleg forsenda þess. Það er áhugavert að þrátt fyrir þennan fjölda kolagrafa hafa engar heimildir fundist um skógarnýtingu á svæðinu.

Árið 2016 gerði Lísabet Guðmundsdóttir fornleifarannsókn á nýtingu skóga í Fnjóskadal. Í rannsókninni kom í ljós að trén sjálf voru að jafnaði ekki höggvin niður

¹⁴ Guðmundur Stefán Sigurðsson og Guðný Zoëga (2015), bls. 93-94.

¹⁵ Guðmundur Stefán Sigurðsson og Guðný Zoëga (2015), bls. 70.

heldur aðeins greinar trjáanna sem höfðu náð vissum aldri og stærð. Lísabet taldi að þetta hefði verið gert til þess að viðhalda skóginum til áframhaldandi kolagerðar en skógurinn er mun fljótari að endurnýja sig ef aðeins eru höggnaðar greinar í stað alls trésins.¹⁶ Hugsanlegt er að sami háttur hafi verið viðhafður í skógarnýtingu í landi Miðhúsa en stærð skógarins er til vitnis um að ekki hefur verið gengið of nærri honum fyrr á öldum. En hvort sem kolagerðin á svæðinu bendir til járnvinnslu eða ekki, þá myndi rannsókn á kolagröfum geta gefið heilmiklar upplýsingar um skógarnýtingu á svæðinu, sér í lagi hvort svipaðar aðferðir hafi verið notaðar á Austurlandi og Norðurlandi við viðhald skógarins og þá hversu mikilvægur hann hefur verið fyrir samfélagið.

Samgönguminjar

Innan áhrifasvæða Fjarðarheiðarganga voru samtals skráðar 28 fornleifar sem flokkast sem samgönguminjar. Af þeim voru fimm þjóðleiðir (sex skráðar fornleifar) sem lágu að hluta til innan svæðanna. Byggðavegur SM-611:007 lá á milli bæja í Eiðapinghá en við Dalhús tók við kaupstaðavegur SM-611:001 sem lá til Eskifjarðar. Vestan Eyvindarár lá þjóðleið SM-611:009 frá Egilsstöðum niður á Reyðarfjörð en byggðavegur SM-611:008 lá milli bæjanna Egilsstaða og Kollsstaða til suðurs inn Fljótssdalinn. Yfir Fjarðarheiði lá gamla leiðin yfir í Seyðisfjörð og hefst hún hjá Miðhúsum. Sú leið var skráð undir tveimur númerum, SM-611:003 og NM-701:013 enda nær hún yfir hreppa- og sýslumörk. Flestar þessara leiða sjást að einhverju leyti hér og þar innan svæðis fyrir utan leiðina sem lá frá Egilsstöðum til Reyðarfjarðar en hún er alveg horfin undir Hringveginn (1). Fleiri styttri leiðir voru skráðar innan svæðis, sem tengjast lengri leiðum eða liggja á milli staða innan sömu jarðar. Leið SM-024:050 tengir til að mynda kaupstaðaveg SM-611:001 við þjóðleið SM-611:009 og liggur yfir Eyvindará um Kúavað SM-023:015. Tvær leiðir, NM-249:482 og NM-249:521, eru innan jarðarinnar Fjarðar í Seyðisfirði sem óvíst er hvort tilheyra gömlum ferðaleiðum eða hafa aðeins myndast vegna umferðar sauðfjár um svæðið.

¹⁶ Lísabet Guðmundsdóttir (2016), 36.

Þar sem leiðir liggja yfir ár eru vöð á ánum og voru fimm slík skráð. Kúavað SM-023:015 hefur áður verið nefnt og var yfir Eyvindará í landi Dalhúsa. Þar er einnig heimild um Hundavað SM-023:016 en engar götur sáust í tengslum við það vað. Í landi Eyvindarár eru þrjú vöð. Fjárhúsavað SM-020:020 er á Uppsalaá og þar hefur legið leiðin að beitarhúsum á Grásteinssemi. Mylluvað SM-020:023 er einnig á Uppsalaá en ekki er vitað um neina leið sem tengist því. Að síðustu er heimild um Melhornsvað SM-020:025 yfir Eyvindará og liggur núna vegslóði út í ána þar sem farið var yfir. Tvær brýr voru skráðar, önnur í landi Miðhúsa en hin í landi Fjarðar. Brúin í landi Miðhúsa er upphlaðin torfbrú í mýri en brúin í landi Fjarðar er meint torfbrú yfir læk.

Þrjár vörður voru skráðar og voru þær líklega allar samgöngubætur sem vísa á leiðir. Tvær voru í landi Kollsstaða og vísar varða SM-611:008_02 á leið SM-611:008_01 sem liggur milli Egilsstaða og Kollsstaða. Varða SM-026:030 er nokkuð langt frá þeirri leið og var ekki skráð með henni en þótt hún gæti hafa vísað á leiðina, ef til vill einhvern hluta hennar sem nú er horfinn. Varða NM-249:500 er í landi Fjarðar og hefur líklega varðað leið inn Fjarðardal sem ekki sést lengur.

Herminjar

Samtals voru skráðar níu minjæiningar í flokki herminja innan úttektarsvæðisins og voru þær allar í Seyðisfirði nema ein en það eru tjaldbúðir hermanna fá seinni heimstyrjöld SM-022:040 í landi Miðhúsa. Engin ummerki um þær eru á yfirborði. Herminjar í Seyðisfirði innan úttektarsvæðis eru allar fremur nálægt þéttbýlinu, austan við Hagavöll. Þar eru ummerki eftir flotasjúkarhús NM-249:599, stíflu NM-249:602, veg og brú NM-249:597 og óþekkt mannvirki NM-249:600. Á flestum stöðum sjást ennþá einhver ummerki nema á Langatanga NM-249:506 þar sem birgðaskemmur hermanna stóðu eitt sinn. Þar var fjöldinn allur af bröggum en einu leifarnar eftir þá í dag eru nokkrir steypuklumpar við ána. Þetta er aðeins brotabrot af þeim minjum sem herinn skildi eftir sig í Seyðisfirði en hann var með mikil umsvif á svæðinu á hernámstímanum.

Aðrar minjar

Einn huldufólksbústaður var skráður innan áhrifasvæðis í landi Miðhúsa og flokkast hann í minjaflokkinn *þjóðtrú*. Um er að ræða stóran stein, Klofastein SM-022:041, og lítið er vitað um sagnir sem tengjast honum. Aðrir minjastaðir sem skráðir voru eru fjórar minjar með óþekkt hlutverk, ýmist dældir eða þústir sem taldar eru til fornleifa en erfitt er að ráða í hvaða hlutverki hafa gegnt. Nokkrar tóftir voru einnig skráðar með óþekkt hlutverk. Í landi Eyvindarár er þúst SM-020:022_02 í Mylluhvammi en óvíst er hvort hún tengist myllunni sem þar stóð eða einhverju öðru. Í landi Kollsstaða eru ummerki um hleðslu og þúst SM-026:032 í svokölluðum Flóa. Þústin og hleðslan eru bæði á kafi í birkitrjám og því mjög erfitt að mæla minjarnar upp eða greina nákvæma lögun þeirra. Í landi Fjarðar í Seyðisfirði eru tvær tóftir með óþekkt hlutverk. Tóft NM-249:522 er líklega sú yngri af þessum tveimur en í henni miðri sést bárujárnsbrak. Tóft NM-249:528 er óljósari og mjög sigin. Leiða má líkum að því að þessar tvær tóftir tengist á einhvern hátt landbúnaði frá Firði eða hafi verið notaðar af íbúum kaupstaðarins á síðustu öld. Þar sem ekki er hægt að segja neitt með vissu um hlutverk tóftanna er umfjöllun um þær höfð hér en ekki með landbúnaðarminjunum.

Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisáðgerðir

Hér fyrir neðan verður, að beiðni Vegagerðarinnar, sett fram mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisáðgerða líklegt er talið að grípa þurfi til vegna sömu minja (tafla 2).

Í laganna skilningi eru allar minjar 100 ára og eldri friðhelgar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðar. Allir minjastaðir hafa eitthvert gildi enda eru þeir vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum. Innan áhrifasvæða í tengslum við Fjarðarheiðargöng var enginn friðlýstur minjastaður. Þrátt fyrir að

friðlýsingarskilti sé við stekk SM-020:024 þá er hann ekki í friðlýsingarskrá og því hægt að ganga út frá því að hann sé ekki friðlýstur.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum tegundum minja og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi minjastaða eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisáðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands er þessi misseri unnið að gerð slíkra staðla sem stofnunin hyggst fylgja í mati sem þessu. Byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum sem nú eru í vinnslu. Við mat á gildi minjastaða er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástandi og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í töflu 2 hér fyrir neðan er gerð tilraun til að leggja mat á gildi minjastaða sem skráðir voru innan áhrifasvæða Fjarðarheiðarganga, með áðurgreindum fyrirvörum. Gildi minjastaða var skipt í fjóra flokka:

- a) **Mjög mikið gildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa sérstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.
- b) **Mikið gildi:** Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.

- c) **Nokkurt gildi:** Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.
- d) **Lítið gildi:** Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um það hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisáðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna minjanna. Um margar minjanna gildir að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdartíma. Þar sem ljóst þykir, út frá veghönnun, að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum fer það mjög eftir ástandi og eðli minjanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um mótvægisáðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisáðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um minjar eru horfin og ekki er von til þess að minjar finnist undir sverði. Getur það átt við götur, vörður, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Líklegt er talið að gerð verði krafa um að könnunarskurðir verði grafnir í mannvirki á borð við tóftir og garðlög til þess að ákvarða aldur og eðli minjanna sem fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir raski. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel könnunarskurði á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún. Í ljósi þessara forsendna er gerð grein fyrir mati á gildi minjastaða og tillögum að mótvægisáðgerðum í meðfylgjandi töflu (2).

Við greiningu skráningargagna var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar og voru niðurstöðurnar þær að einn minjastaður hefði *mjög mikið gildi*, 16 *mikið gildi*, 91 staður taldist hafa *nokkurt minjagildi* og 31 staður *lítið*. Engin bæjarstæði

voru innan svæðisins en eitt sel var innan þess og er það talið hafa mjög mikið minjagildi enda rannsóknargildi staðarins umtalsverð en sel eru árstíðabundnir mannabústaðir. Fjölmargar kolagrafir fundust í landi Miðhúsa en almennt eru stakar kolagrafir taldar hafa *nokkurt gildi*. Þær eru stór minjaflokkur sem er víða vel varðveittur og ekki mikið minjagildi í hverri stakri gröf. Þar sem upplýsingum um kolagrafir hefur verið safnað á talsvert stóru svæði öðlast þessar stöku grafir meira vægi sem heild og getur rannsókn á þeim gefið dýrmætar upplýsingar um nýtingu skóga fyrr á öldum. Sá mikli fjöldi kolagrafa sem fannst í landi Miðhúsa bendir til umfangsmikillar kolagerðar sem vekur upp spurningar um það hvort að kolin hafi verið nýtt til stórtækra járnvinnslu eins og á Skógum í Fnjóskadal og jafnvel af fleiri jörðum en heimajörðinni.

Tafla 2. Gildi minjastaða og mögulegar mótvægisáðgerðir

Samtala	Hlutverk	Mögulegar mótvægisáðgerðir	Röksemd	Verndargildi
NM-249:037	áfangastaður	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-249:061_01	sel	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Mjög mikið
NM-249:061_02	stekkur	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Mikið
NM-249:061_03	kvíar	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Mikið
NM-249:061_04	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
NM-249:482	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-249:484	brú	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-249:500	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:504	fjárhús	Engar	Minjar ungar og skráning því fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:506	herminjar	Engar	Minjar horfnar og skráning því fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-249:520	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-249:521	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið

NM-249:522	óþekkt	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
NM-249:528	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
NM-249:531	kálgarður	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
NM-249:583	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:597_01	brú	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:597_02	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-249:598	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:599_01	herminjar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:599_02	herminjar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:599_03	herminjar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:600	herminjar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:601	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:602	herminjar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-249:607	kálgarður	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
NM-249:649	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
NM-250:004	fjárhús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvista að vænta	Mikið
NM-250:010	útihús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvista að vænta	Mikið
NM-250:011	útihús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvista að vænta	Nokkurt
NM-250:012	túngarður	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvista að vænta	Nokkurt
NM-250:013	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvista að vænta	Mikið
NM-701:013_01	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-701:013_02	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
NM-701:013_03	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið

NM-701:013_04	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-020:020	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-020:022_01	mylla	Merkja/eftirlit	Sáust leifar árið 1996-1997 og því minja að vanta	Nokkurt
SM-020:022_02	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-020:023	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-020:024	stekkur	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
SM-020:025	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-020:036	fjárhús	Engar	Horfin og skráning því fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-020:046	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
SM-020:047	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-022:040	herminjar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-022:041	huldufólksbústaður	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
SM-022:042	brú	Merkja/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_03	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_04	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_05	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_06	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:043_07	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:044_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:044_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:044_03	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:044_04	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:044_05	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt

SM-022:045_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:045_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:046_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:046_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:047	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:048_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:048_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:049_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:049_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:050	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:051	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:052	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:053	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:054_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:054_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:055_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:055_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:055_03	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:056_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:056_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:057	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:058	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:059_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:059_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:060_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:060_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:061_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt

SM-022:061_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:062_01	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
SM-022:062_02	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
SM-022:062_03	mótóft	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:063_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:063_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:063_03	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:064	samgöngubót	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-022:065	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:066_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:066_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:066_03	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:066_04	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:066_05	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:066_06	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:067_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:067_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:067_03	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-022:067_04	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-023:004	útihús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvist undir sverði	Mikið
SM-023:007	fjárhús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvist undir sverði	Mikið
SM-023:012	mylla	Engar	Minjar horfnar og skráning því fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-023:013	mógrafir	Engar	Minjar horfnar og skráning því fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-023:014_01	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
SM-023:014_02	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið

SM-023:014_03	óþekkt	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
SM-023:015	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-023:016	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-023:017	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-023:018	útihús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar undir sverði	Mikið
SM-023:019	útihús	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar undir sverði	Mikið
SM-023:020	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Mikið
SM-023:021	óþekkt	Merkja/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Mikið
SM-024:026	stekkur	Merkja/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-024:045	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-024:047_01	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-024:047_02	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-024:048	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-024:049	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-024:050	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-024:051	kolagröf	Rannsókn/eftirlit	Greinileg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-026:030	óþekkt	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-026:031	vörslugarður	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-026:032	óþekkt	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
SM-611:001_01	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-611:001_02	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-611:001_03	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-611:003	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-611:007	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
SM-611:008_01	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið

SM-611:008_02	samgöngubót	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
SM-611:009	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið

Áhrif framkvæmda á fornleifar

Í þessum kafla er fjallað um áhrif framkvæmda á fornleifarnar. Í Héraði voru þrjár veglínur til athugunar og ein í Seyðisfirði. Fjallað verður um hverja veglínu fyrir sig. Matið er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.¹⁷

Eins og áður segir voru skráðar 139 fornleifar á 91 minjastað innan veglínanna fjögurra. Gera má ráð fyrir því að framkvæmdin geti haft áhrif á allar fornleifar innan áhrifasvæðis hvernar veglínu, með beinum eða óbeinum hætti en á mörgum stöðum verður komist hjá raski á minjum með einföldum merkingum og upplýsingagjöf til framkvæmdaraðila (sjá nánar í töflu 2). Eftirfarandi viðmið liggja til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar:

- Í 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), segir „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“
- Í lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 kemur hugtakið búsetulandslag fyrir: (1.gr., 2. mgr.): „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag [...]“ Í greinargerð með lögnum segir: „Sú skilgreining á menningarminjum sem tekin er upp í 2. mgr. er víðari og jafnframt skýrari en í gildandi lögum. Þannig er menningar- og búsetulandslag bætt við upptalninguna til að

¹⁷ Skipulagsstofnun 2005.

undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar.”

Seyðisfjarðarleið

Alls voru skráðar 36 fornleifar innan áhrifasvæðis Seyðisfjarðarleiðar og þar af eru 13 minjar skráðar í stórhættu vegna framkvæmdanna. Að auki eru fjórar fornleifar í stórhættu þar sem þær eru innan framkvæmdasvæðis við gangamunna. Ef litið er heildstætt yfir úttektarsvæðið með tilliti til gildismatsins má draga fram þrjú minjasvæði þar sem neikvæð áhrif á fornleifar geta orðið mikil .

Selminjar NM-249:061 eru inni á miðju áhrifasvæði, við gangamunna og eru tóftirnar mikilvæg heimild um landnýtingu og sögu svæðisins. Ef komist verður hjá beinu raski á tóftunum má telja líklegt að gerðar verði kröfur um að framkvæmdir á þessum slóðum verði vaktaðar af fornleifarfræðingi en og ef ekki verður hægt að komast hjá raski á minjunum má gera ráð fyrir að gerð verði krafa um fornleifarannsókn á svæðinu, að lágmarki með könnunarskurðum. Með skurðunum yrði aflað upplýsinga um aldur, umfang og eðli minjanna. Niðurstöður þeirrar yrðu þá nýttar til að ákvarða hvort frekari rannsókna yrði þörf á einstaka minjum.

Heimatún Fjarðarsels er í jaðri áhrifasvæðisins og reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún er minjadreifing hvað þéttust. Þar sem til stendur að leggja veg norðan við heimatúnið og núverandi veg eru góðar líkur á því að heimatúnið sleppi alveg við rask. Líklega má þó gera ráð fyrir því að gerð verði krafa um merkingu tófta og garðlaga á þessu svæði auk eftirlits sunnan vegar ef eitthvað jarðrask er nauðsynlegt þar.

Óþekkt tóft NM-249:528 er 15 m frá miðlínu fyrirhugaðs vegar og er í stórhættu vegna framkvæmdanna. Á þessum slóðum er greinilega mannvist undir sverði og því er líklegt að gerð verði krafa um könnunarskurð ef ekki verður hjá því komist að hún lendi innan vegstæðis. Ef hægt er að tryggja að tóftin verði ekki fyrir raski við lagningu vegarins gæti verið fullnægjandi mótvægisáðgerð að merkja hana vel á framkvæmdatímanum.

Að síðustu má nefna fjárhús NM-249:504 sem er nánast í miðlínu vegarins og því öruggt að þau muni raskast við lagninu vegarins ef ekki verða breytingar á vegstæðinu. Fjárhúsin eru of ung til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilningi og sökum þess er talið ólíklegt að gerðar verði kröfur um mótvægisáðgerðir utan þeirrar skráningar sem þegar hefur farið fram.

Norðurleið

Alls voru skráðar 90 fornleifar innan Norðurleiðar og þar af voru 52 í stórhættu vegna framkvæmdanna. Ef litið er heildstætt yfir svæðið og tekið tillit til gildismatsins má draga fram sex minjasvæði þar sem áhrif á fornleifar gætu orðið veruleg.

Veglína upp að gangamunna Fjarðarheiðarganga liggur beint í gegnum heimatún Dalhúsa, þar sem skráð eru fjögur útihús. Eins og áður hefur verið greint frá hefur reynsla úr fornleifaskráningu sýnt að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Talsverðar líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós við jarðrask innan heimatúnsins. Umhverfis aldursfríðaðar minjar er 15 m helgunarsvæði og leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands áður en farið er í framkvæmdir innan þess. Þó svo að bæjarhóllinn og hluti túnsins á Dalhúsum séu utan áhrifasvæðis framkvæmdanna, þá mun framkvæmdin, í óbreyttri mynd, hafa verulega neikvæð áhrif á þá minjaheild sem gömlu heimatúnin eru og menningarlandslagið í heild sinni, þar sem vegurinn mun skera heimatúnið í tvennt. Líklegt má telja að gerð verði krafa um að fornleifafræðingur vakti framkvæmdir í heimatúninu og að gerðir verði könnunarskurðir í minjar. Með könnunarskurðum er aflað upplýsinga um aldur, umfang og eðli minjanna. Niðurstöður þeirra kunna að leiða til frekari rannsókna á einstaka minjum. Hugsanlegt er einnig að gerð verði krafa um könnunarskurði á ákveðnu svæði innan gamla heimatúnsins (t.d. 10% af heildarsvæði) og/eða töku borkjarnasýna með reglubundnum hætti. Markmið slíkra rannsókna væri að kanna hvort fleiri minjar leyndust undir sverði og sömuleiðis að afmarka umfang þekktra minja í túninu.

Veglína Norðurleiðar liggur í gegnum Miðhúsaskóg og er þar ofgnótt af kolagröfum. Eins og áður hefur verið nefnt hafa þessar kolagrafir nokkuð rannsóknargildi, sér í lagi við rannsóknir á nýtingu skóga fyrr á öldum. Það liggur fyrir að hluti þessara kolagrafa muni raskast við gerð Norðurleiðar, hugsanlega á bilinu 5-20 grafir. Afar líklegt er að einhverjar kröfur yrðu gerðar um könnunarskurði í hluta af þessum minjum til að afla upplýsinga um aldur, umfang og eðli þeirra.

Tóft SM-022:051 (líklega heystæði), er 1 m frá miðlínu Norðurleiðar og er því í stórhættu vegna framkvæmdanna. Það sama gildir um mótóft SM-022:062_03 sem er 16 m frá miðlínu. Brú SM-022:042 er 8 m frá miðlínu og því víst að hún muni raskast við lagningu Norðurleiðar. Á þessum stöðum öllum sjást greinileg ummerki um minjarnar og því er líklegt að gerð verði krafa um könnunarskurði í þær ef ljóst er að þær fari undir vegstæðið eða raskist við lagningu. Ef hægt er að tryggja að minjarnar verði ekki fyrir raski við vegagerðina gæti verið nóg að merkja þær vel. Í tilviki tóftar SM-022:051 er ljóst að hún muni raskast og því nokkuð víst að einhverskonar rannsókn þarf að fara fram á henni.

Engin yfirborðsummerki fundust um stekk SM-024:026 sem var í 8 m fjarlægð frá miðlínu Norðurleiðar. Hugsanlegt er að leifar af stekknunum sé enn að finna undir sverði á þessum slóðum og því er líklegt að gerð verði krafa um eftirlit á svæðinu.

Miðleið og Suðurleið

Hluti Miðleiðar og Suðurleiðar liggja um sama svæði, eins og áður hefur verið greint frá. Sá hluti leiðarinnar sem liggur upp að gangamunna er einnig sameiginlegur með Norðurleið. Alls voru skráðar 10 fornleifar innan Miðleiðar og þar af eru sjö í stórhættu vegna framkvæmdanna. Alls voru 18 fornleifar skráðar innan Suðurleiðar og eru sömu sjö í stórhættu. Ef litið er heildstætt yfir svæðið og tekið tillit til gildismatsins má draga fram tvö minjasvæði þar sem áhrif á fornleifar gætu orðið veruleg. Í kafla um Norðurleið hefur þegar verið fjallað um heimatún Dalhúsa og gerð grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum sem líklegt er að Minjastofnun muni fara fram á vegna framkvæmda þar. Í landi Egilsstaða eru nokkrar kolagrafir sem verða fyrir raski við lagningu vegarins,

hvort sem um er að ræða Miðleið eða Suðurleið. Kolagrafirnar sem verða fyrir áhrifum eru þrjár talsins SM-024:048, SM-024:049 og SM-024:051. Kolagröf 048 er í veglínunni og mun því raskast en hinar tvær eru í 10-15 m fjarlægð frá henni og því hugsanlegt að þeim megi hlífa við framkvæmdirnar. Áður hefur verið rætt um kolagrafir og mikilvægi þeirra sem fyrir rannsóknir á nýtingu skóga til forna. Kolagrafir í landi Egilsstaða eru mun færri en í landi Miðhúsa en ekki er ólíklegt að krafa yrði gerð um könnunarskurð eða uppgröft á þeirri gröf sem mun fara undir veginn, til þess að kanna aldur hennar og eðli.

Samantekt og niðurstaða

Við úttekt vegna Fjarðarheiðargagna voru alls skráðar 139 fornleifar á 91 minjastað innan fjögurra úttektarsvæða. Líklegt er að þar sem vegur verður lagður austan Fjarðarheiðar, í Seyðisfirði, muni 10 fornleifar á þremur minjastöðum verða fyrir áhrifum og raski vegna framkvæmdanna. Á Héraði voru skráðar minjar innan áhrifasvæða þriggja mögulegra leiða að gangamunna; Norðurleið, Miðleið og Suðurleið. Alls voru skráðar 90 minjaeiningar á Norðurleið en aðeins 18 á Suðurleið og 10 á Miðleið. Alls munu 26 fornleifar innan sex minjastaða munu verða fyrir verulegum áhrifum við lagningu Norðurleiðar en aðeins fimm fornleifar á tveimur minjastöðum við lagningu Miðleiðar eða Suðurleiðar. Að öllu óbreyttu mun vegur að gangamunna liggja yfir heimatún Dalhúsa en allir valkostir vestan Fjarðarheiðar liggja yfir túnið. Fornleifaskráning hefur sýnt að í og við heimatún er minjadreifing hvað þéttust og að talsverðar líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós innan þess við jarðrask. Framkvæmdin mun því hafa neikvæð áhrif á heimatúnið sem minjaheild sem og menningarlandslagið í heild.

Heilt á litið er ljóst að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á fornleifar á svæðinu en skýr stigsmunur er á milli þess hversu mikil áhrifin verða eftir því hvaða leið verður valin fyrir nýjan veg. Mun færri fornleifar er að finna innan áhrifasvæðis Miðleiðar og Suðurleiðar heldur en innan áhrifasvæðis Norðurleiðar. Verði önnur hvor þessara leiða fyrir valinu má segja að heildaráhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði minni. Ef Norðurleið verður valin verða áhrifin á fornleifar vegna framkvæmdarinnar hinsvegar talsvert meiri.

Heimildir

Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi. (1858-1878). I-II. bindi. **(Bsk)**.
Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson (2009). *Fornleifaskráning Seyðisfjarðar. Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029.* Seyðisfjörður: Skálanessetur.

Björn Lárusson (1967). *The Old Icelandic Land Registers.* Lund: Gleerup.

Diplomatarium Islandicum eða *Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI* (1853-1976). **(DI)**. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Friðþór Eydal (1999). *Fremsta víglína: Átök og hernaðarumsvif á Austurlandi í heimsstyrjöldinni síðari.* **(Fremsta víglína)**. Reykjavík: Bláskeggur.

Guðmundur St. Sigurðsson, Guðný Zoëga (2015). „Rannsókn á Rauðablástursminja á Skógum í Fnjóskadal“. Árbók hins íslenska fornleifafélags 14. bls. 63-100

Guðný Zoëga (1997). Skýrsla um aðalskráningu fornleifa í Egilsstaðabæ (óþekkt heiti). **(GZ)** Egilsstaðir: Safnastofnun Austurlands.

Halldór Stefánsson (1970). „Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum.“ **(HS: Eyðibýlaskrá)**. Múlaþing 5:17-187.

Helga Aðalgeirsdóttir, Sóley Jónasdóttir, Gísli Eiríksson og Viðar Jónsson (2020). *Fjarðarheiðargöng. Seyðisfjarðarvegur (93) og Hringvegur (1). Í Múlaþingi. Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun.* Reykjavík: Vegagerðin.

Hjálmar Vilhjálmsson (1977). *Seyðfirskir hernámsþættir.* **(Hernámsþættir)**. [Án útgáfustaðar]: Örn og Örlygur.

Íslendingabók og Landnámabók (1968). **(ÍF I)**. Íslenzk fornrit I. bindi. Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Íslensk fornrit XI. Austfirðinga sögur (1950). **(ÍF XI)**. Jón Jóhannesson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska Fornritafélag.

Johnsen. J (1847). *Jarðatal á Íslandi, með braudalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu.* **(JJ)**.
Kaupmannahöfn; J. Johnsen.

Kálund, Kristian (1986). *Íslenskir sögustaðir. Austfirðingafjórðungur IV.* **(KK IV)**. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Kristján Róbertsson (1995). *Byggðasaga Seyðisfjarðar. Fyrri bindi. (BS)*. Seyðisfirði: Seyðisfjarðarkaupstaður.

Landsnet (e.d.). Austurland – spennuhækkun. Sótt af <https://www.landsnet.is/verkefni/allar-framkvaemdir/austurland-spennuhaekkun/>

Lísabet Guðmundsdóttir (2016). *Nýting skóga í Fnjóskadal á 10. öld til þeirrar 13.* FS609-15201. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Múlasýslur: Sýslu- og skóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874 (2000). (SSM). Reykjavík: Sögufélag, Garðabær: Örnefnastofnun Íslands.

Pálmi Einarsson (1929). Túnakort af Fjarðar og Fjarðarselslandi. (**Túnakort 1929**). 1:2000. Reykjavík.

Skipulagsstofnun (2005). *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi (1975). II. bindi. Ármann Halldórsson (ritstj.) (**SJM II**). Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.

Túnakort Dalhúsa 1918. Þjóðskjalasafn Íslands.

Uppdráttur Íslands 104. Íslandskort. Landsbókasafn - Háskólabókasafn. Sótt af <https://islandskort.is/is/category/list/38>

Örnefnalýsing Dalhúsa (án ártals). Eiríkur Eiríksson skráði. Heimildamaður Jón Sigfússon. (**Ö-Dalhús**). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Egilsstaða (án ártals). Stefán Einarsson skráði. Heimildamaður Sveinn Jónsson. (**Ö-Egilsstaðir**). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Eyvindarár (án ártals) Þóroddur Guðmundsson skáði. Heimildarmaður Björn Sveinsson (**Ö-Eyvindará ÞG**). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Fjarðar (1987). Sigurður Magnússon skráði. Heimildamenn: Sigurður Pétursson og Árni Stefánsson (**Ö-Fjörður, aths. SM**). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Kollsstaða (án árs). Óþekktur skrásetjari. (**Ö-Kollsstaðir**). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Miðhúsa (án ártals). Eiríkur Eiríksson skráði. Heimildarmenn Sigurður Steindórsson, Ingvar Friðriksson og Anna B. Sigurðardóttir. **(Ö-Miðhús)**. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Örnefnalýsing Seyðisfjarðar (1960). Sigurður Vilhjálmsson skráði. **(Ö-Seyðisfjörður SV)**. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn

Örnefnalýsing Seyðisfjarðar (án ártals). Óþekktur skrásetjari. **(Ö-Seyðisfjörður ÓÞ)**. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn

Heimildarmenn:

Edda Björnsdóttir, fædd 29. apríl 1951

Friðrik Ingvarsson, fæddur 7. apríl 1947

Jóhann Sveinbjörnsson, fæddur 18. febrúar 1934

Sólveig Sigurðardóttir, fædd 4. janúar 1954

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
NM-249:037	730917	536197
NM-249:061_01	731113	536127
NM-249:061_02	731114	536123
NM-249:061_03	731110	536161
NM-249:061_04	731110	536141
NM-249:482	730956	535837
NM-249:484	730601	536038
NM-249:500	731576	536469
NM-249:504	731822	536736
NM-249:506	732710	537292
NM-249:520	730748	535987
NM-249:521	730875	536051
NM-249:522	731608	536336
NM-249:528	732894	538123
NM-249:531	732101	537016
NM-249:583	732611	537490
NM-249:597_01	732344	537139
NM-249:597_02	732350	537083
NM-249:598	732387	537113
NM-249:599_01	732372	537043
NM-249:599_02	732385	537038
NM-249:599_03	732399	537030
NM-249:600	732429	537021
NM-249:601	732239	537050
NM-249:602	732359	536968
NM-249:607	732058	536881
NM-249:649	732513	537217
NM-250:004	731787	536505

NM-250:010	731792	536520
NM-250:011	731812	536517
NM-250:012	731739	536466
NM-250:013	731757	536468
NM-701:013_01	730620	535877
NM-701:013_02	730797	535826
NM-701:013_03	731430	536017
NM-701:013_04	731652	536327
SM-020:020	715753	538606
SM-020:022_01	715567	538116
SM-020:022_02	715562	538132
SM-020:023	715589	538107
SM-020:024	715195	538306
SM-020:025	714898	538327
SM-020:036	715775	538538
SM-020:046	716228	538142
SM-020:047	715776	538632
SM-022:040	716519	537443
SM-022:041	716389	537311
SM-022:042	716435	537446
SM-022:043_01	716939	536010
SM-022:043_02	716891	535992
SM-022:043_03	716872	535984
SM-022:043_04	716872	536044
SM-022:043_05	716891	536023
SM-022:043_06	716896	536022
SM-022:043_07	716901	536034
SM-022:044_01	716772	536271


SM-022:044_02	716767	536269
SM-022:044_03	716771	536282
SM-022:044_04	716764	536280
SM-022:044_05	716766	536295
SM-022:045_01	716709	536342
SM-022:045_02	716700	536340
SM-022:046_01	716529	536486
SM-022:046_02	716533	536477
SM-022:047	716560	536491
SM-022:048_01	716542	536515
SM-022:048_02	716526	536512
SM-022:049_01	716513	536541
SM-022:049_02	716525	536543
SM-022:050	716480	536586
SM-022:051	716459	536966
SM-022:052	716461	536778
SM-022:053	716488	536611
SM-022:054_01	716791	536308
SM-022:054_02	716787	536300
SM-022:055_01	716828	536336
SM-022:055_02	716833	536357
SM-022:055_03	716841	536369
SM-022:056_01	716877	536304
SM-022:056_02	716881	536300
SM-022:057	716894	536267
SM-022:058	717241	535798
SM-022:059_01	717276	535620
SM-022:059_02	717271	535624
SM-022:060_01	717216	535683
SM-022:060_02	717210	535689


SM-022:061_01	717207	535715
SM-022:061_02	717215	535710
SM-022:062_01	717122	535807
SM-022:062_02	717092	535824
SM-022:062_03	717099	535830
SM-022:063_01	716951	535978
SM-022:063_02	716952	535972
SM-022:063_03	716949	535974
SM-022:064	716500	537136
SM-022:065	716856	536091
SM-022:066_01	716880	536146
SM-022:066_02	716856	536161
SM-022:066_03	716848	536161
SM-022:066_04	716829	536154
SM-022:066_05	716828	536150
SM-022:066_06	716812	536158
SM-022:067_01	716836	536238
SM-022:067_02	716843	536231
SM-022:067_03	716830	536217
SM-022:067_04	716820	536218
SM-023:004	717895	534534
SM-023:007	717895	534534
SM-023:012	717738	533995
SM-023:013	717563	535054
SM-023:014_01	717679	533583
SM-023:014_02	717675	533576
SM-023:014_03	717671	533568
SM-023:015	717646	534074
SM-023:016	717585	534411
SM-023:017	717478	535176

SM-023:018	717712	534647
SM-023:019	717766	534599
SM-023:020	717450	535151
SM-023:021	717585	534691
SM-024:026	714570	537745
SM-024:045	714871	535942
SM-024:047_01	715017	536153
SM-024:047_02	715016	536151
SM-024:048	717379	534631
SM-024:049	717248	535147
SM-024:050	717414	534258
SM-024:051	717405	534553

SM-026:030	713575	535661
SM-026:031	713384	535655
SM-026:032	714513	535660
SM-611:001_01	717893	534291
SM-611:001_02	717694	533744
SM-611:001_03	717796	533862
SM-611:003	716368	537820
SM-611:007	716452	536980
SM-611:008_01	713742	535465
SM-611:008_02	713682	535672
SM-611:009	716148	535982

Viðauki II: Minjakort





Skýringar


Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- Leiðir
- Mógrafir

Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Seyðisfjarðarleið
- Norðurleið
- Miðleið/ Suðurleið

Minjakort 2





Skýringar

Fornleifar


- Skráðar fornleifar
- Leiðir
- Mógrafir

Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Seyðisfjarðarleið
- Norðurleið
- Miðleið/ Suðurleið

Minjakort 3

0 100 200 300 400 m



Skýringar


Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- Leiðir
- Mógrafir


Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Seyðisfjarðarleið
- Norðurleið
- Miðleið/ Suðurleið

Minjakort 4



© Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands



Skýringar

Fornleifar


- Skráðar fornleifar
- - - Leiðir
- - - Mógrafir

Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Seyðisfjarðarleið
- Norðurleið
- Miðleið/ Suðurleið

Minjakort 5

0 75 150 225 300 m



Skýringar

Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- Leiðir
- Mógrafir


Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Seyðisfjarðarleið
- Norðurleið
- Miðleið/ Suðurleið

Minjakort 6

0 100 200 300 400 m





Skýringar

Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- - - Leiðir
- - - Mógrafir

Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Seyðisfjarðarleið
- Norðurleið
- Miðleið/ Suðurleið

Minjakort 7

